



LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

Sjálfbærniuppgjör

2025



Helstu skammstafanir

Skammstöfun	Heiti	Lýsing
CSRD	Corporate Sustainability Reporting Directive – Tilskipun um upplýsingagjöf fyrirtækja á sviði sjálfbærni	Löggjöf Evrópusambandsins sem krefst þess að öll stór fyrirtæki birti reglulega skýrslur um UFS-áhrif.
ESRS	European Sustainability Reporting Standards – Sjálfbærnistaðlar Evrópusambandsins	Eru ítarlegir staðlar um efni og inntak sjálfbærniupplýsinga á grundvelli CSRD.
EU Taxonomy	Flokkunarreglugerð ESB	Reglugerð Evrópusambandsins sem samræmir verklag og setur ramma um sjálfbærar fjárfestingar. Skref í átt að sjálfbæru fjármálakerfi sem sýnir alvöru að baki markmiðum ESB á sviði loftslagsmála.
GRI	Global Reporting Initiative – Alþjóðasamstarf um samræmda upplýsingagjöf	Stofnun sem aðstoðar fyrirtæki, stjórnvöld og aðrar stofnanir við að skilja og miðla upplýsingum um áhrif þeirra á málefni eins og loftslagsbreytingar, mannréttindi og spillingu.
PBAF	Partnership for Biodiversity Accounting Financials – Samtök um þróun bókhalds fyrir líffræðilegan fjölbreytileika	Samtök sem halda utan um aðferðafræði sem gerir fjármálafyrirtækjum kleift að áætla áhrif sín á líffræðilegan fjölbreytileika frá lána- og eignasafni sínu.
PCAF	Partnership for Carbon Accounting Financials – Samtök um kolefnislosun í lánasafni fjármálafyrirtækja	Samtök sem halda utan um aðferðafræði sem gerir fjármálafyrirtækjum kleift að áætla losun gróðurhúsalofttegunda frá lána- og eignasafni sínu.
PRB	Principles for Responsible Banking – Reglur um ábyrga bankastarfsemi	Tilgangur PRB er að bankar gripi til aðgerða til að samræma kjarnastefnu sína við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlega samninga eins og Parísarsáttmálann.
PRI	UN Principles for Responsible Investment – Reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar	Alþjóðleg samtök á vegum Sameinuðu þjóðanna sem vinna að því að stuðla að samþættingu UFS-þátta í ákvörðunartöku um fjárfestingar.
SBTi	Science Based Targets initiative – Loftslagsmarkmið byggð á vísindum	Markmið um minnkun losunar byggt á vísindum og staðfest af vísindamönnum.
SFDR	Sustainable Finance Disclosure Regulation – Reglugerð um upplýsingagjöf um sjálfbærni í fjármálaþjónustu	Evrópsk reglugerð sem ætlað er að bæta gagnsæi á markaði fyrir sjálfbærar fjárfestingarvörur, koma í veg fyrir grænþvott og auka gagnsæi í kringum sjálfbærnikröfur.
TCFD	Task Force on Climate-related Financial Disclosures – Starfshópur um upplýsingagjöf vegna loftslagsbreytinga	Starfshópurinn var stofnaður til þess að þróa samræmda, loftslagstengda upplýsingagjöf um fjárhagslega áhættu af völdum loftslagsbreytinga. Áhættan skiptist í umbreytinga- og raunlæga áhættu.
TNFD	Task Force on Nature-related Financial Disclosures – Starfshópur um upplýsingagjöf vegna umhverfismála	Starfshópurinn var stofnaður til þess að búa til og þróa áhættustjórnunar- og upplýsingaramma fyrir fjármálastofnanir til að tilkynna og bregðast við umhverfistengdri áhættu.
UNGC	United Nations Global Compact – Hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna	Sáttmáli á vegum Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum.



Efnisyfirlit

Sjálfbærnimarkmið	4	Inngangur	65
Leggja áherslu á ábyrgar lánveitingar og græna fjármögnun	5	Rammi um upplýsingagjöf skv. TNFD	66
Ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda	6	Stjórnarhættir	69
Kynjahlutföll meðal stjórnenda verði innan settra viðmiðunarmarka	7	Stefna	70
Viðskiptum beint til ábyrga birgja	8	Áhættustýring	73
Aðgerðir gegn mismunum – miðla upplýsingum um EKKO-stefnu	9	Mælingar og markmið	75
Vera upplýstur og upplýsa um sjálfbærniáhrif bankans	10	NASDAQ UFS	80
Staðfesta sjálfbærniupplýsingar af þriðja aðila	11	Áritun Óháðs endurskoðanda	85
ESRS	12	TM-Sjálfbærniuppgjör	86
General disclosures (ESRS 2)	13	Almennt	87
Climate change (E1)	28	Climate Change (E1)	88
Own workforce (S1)	36	Own workforce S1	89
Business conduct (G1)	48	Business conduct (G1)	92
Fjármögnuð kolefnislosun (PCAF)	53	Loftslagsbókhald	94
Sérhæfð nálgun eftir eignaflokkun	55	PCAF viðauki	98
TNFD	64		

Sjálfbærnimarkmið

Leggja áherslu á ábyrgar lánveitingar og græna fjármögnun	5
Ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda	6
Kynjahlutföll meðal stjórnenda verði innan settra viðmiðunarmarka	7
Viðskiptum beint til ábyrga birgja	8
Aðgerðir gegn mismunum – miðla upplýsingum um EKKO-stefnu	9
Vera upplýstur og upplýsa um sjálfbærniáhrif bankans . . .	10
Staðfesta sjálfbærniupplýsingar af þriðja aðila	11

Markmið 1

Leggja áherslu á ábyrgar lánveitingar og græna fjármögnun

Lánveitingar


Landsbankinn setur sér markmið um að auka ábyrgar lánveitingar sem falla undir skilgreiningar sjálfbærrar fjármálaumgjjarðar bankans.

Árið 2026 er markmið bankans að auka útlán um 10% eða 28 milljarða króna.

Fjármögnun

Við setjum okkur það markmið að 50% af allri útistandandi lánsfjármögnun bankans verði græn fyrir lok árs 2027.

Við lok árs 2025 er 38% af útistandandi lánsfjármögnun bankans græn.



Markmið 2

Ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda

Við stefnum að því að losun frá umfangi 1 lækki um 80% á árinu 2028 og um 95% á árinu 2030 miðað við árið 2018. Landsbankinn skal viðhalda kolefnishlutleysi samkvæmt CarbonNeutral frá og með árinu 2020.

Frá 1. janúar 2025 mun bankinn ekki kaupa ökutæki sem ganga eingöngu fyrir jarðefnaeldsneyti.

Frá 1. janúar 2027 mun bankinn eingöngu kaupa ökutæki sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum t.d. rafmagni.

Staðan í lok árs 2025:

46% lækkun frá grunnárinu 2018

Árið 2022 sóttum við um að verða aðilar að framtaki um vísindalega markmiðasetningu, SBTi.

Árið 2023 setti Landsbankinn sér markmið um samdrátt í óbeinni losun í samræmi við staðal framtaksins fyrir fjármálafyrirtæki og sótti um staðfestingu. Markmið bankans var staðfest af SBTi í ársbyrjun 2024. Aðalmarkmiðið á við um fjármagnaða losun (PCAF) en einnig setjum við markmið um samdrátt í óbeinni losun frá rekstri bankans.

Markmiðið sem bankinn setti sér í eigin rekstri var að draga saman óbeina losun um 50% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Markmið um fjármagnaða losun skiptast niður á mismunandi atvinnugreinaflokkum og má lesa samantekt SBTi um hvað felst í hverjum þeirra.

Staðan í lok árs 2025:


Heildarlosun fyrir umfang 3 árið 2025 var 27% lægri en árið 2019.

Árið 2025 ætlum við að hefja vinnu við að uppfæra SBTi markmið bankans og aðlaga það að nýjum Financial Institutions Net-Zero Standard sem SBTi gaf út í júlí 2025.

Markmið 3

Kynjahlutföll meðal stjórnenda verði innan settra viðmiðunarmarka

Fyrir 2030 viljum við að kynjahlutföll á efstu stjórnendastigum verði þannig að hvergi halli á eitt kyn umfram 60% og að það hlutfall haldist áfram eftir að því hefur verið náð. Efstu stjórnendastig eru flokkuð í eftirfarandi þrjá hópa: Framkvæmdastjórn, forstöðumenn og útibússtjórnar og aðrir millistjórnendur.



Markmið 4

Viðskiptum beint til ábyrgja birgja

Við stefnum að því að 80% kostnaðar af keyptri þjónustu og vörum verði frá birgjum sem samþykkt hafa siðareglur bankans fyrir birgja eða hafa sett sér sambærilegar reglur. **Núverandi staða** Siðareglur

birgja voru teknar í notkun í lok árs árið 2021 og 80% markmiðinu var náð árið 2022. Við miðum núna þetta markmið við það að beina viðskiptum til ábyrgja birgja og að þessu markmiði sé haldið á hverju ári. Siðareglur birgja eru yfirfarnar reglulega með það í huga hvort þær þurfi að uppfæra en þær eru ritaðar með 10 meginmarkmið Global Compact SP sem fyrirmynd.



Markmið 5

Aðgerðir gegn mismunum – miðla upplýsingum um EKKO-stefnu

Við ætlum að gera sýnilegra hvernig við vinnum með EKKO-stefnu bankans, en EKKO stendur fyrir varnir gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Sjálfbærniskýrslan okkar mun innihalda upplýsingar um fjölda atvika sem tilkynnt eru til Mannauðs og hlutfall atvika sem mælast í vinnustaðagreiningu bankans. Niðurstöður sýna dæmi um að starfsfólk hafi upplifað EKKO-atvik árið 2025. Hluti þeirra atvika voru tilkynnt til Mannauðs og fengu viðeigandi meðferð en fóru ekki í formlegt ferli, í samræmi við óskir þeirra sem tilkynntu.

EKKO atvik	2025	2024	2023
Tilkynningar til Mannauðs			
Formlegar	0	0	0
Óformlegar	3	2	2
Vinnustaðagreining			
<i>Hlutfall sem varð fyrir:</i>			
Einelti	2%	2%	2%
Kynferðisleg áreitni	1%	0%	1%
Kynbundin áreitni	1%	1%	2%
Ofbeldi	1%	0%	1%

Markmið 6

Vera upplýstur og upplýsa um sjálfbærniáhrif bankans

Við ætlum okkur að vera leiðandi í upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni. Í því felst að:

- Fylgja settum sjálfbærnireglugerðum þegar þær taka gildi með viðeigandi upplýsingagjöf.
- Birta sjálfbærniupplýsingar með evrópsku sjálfbærniskilastöðlunum (ESRS) til hliðsjónar.
- Fjalla um loftslagsáhrif í Pillar III áhættuskýrslu samkvæmt viðmiðum starfshóps um upplýsingagjöf vegna loftslagsbreytinga Task-force on Climate-Related Financial Disclosures (TCFD).
- Birta tölur um losun gróðurhúsalofttegunda og þær innihalda losun frá útlánasafni samkvæmt aðferðarfræði samtaka um þróun loftslagsbókhalds Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF).
- Fjalla um áhrif starfseminnar á náttúruna samkvæmt leiðbeiningum Task-force on Nature-related Financial Disclosures (TNFD).
- Miðla upplýsingum um framgang samdráttar í losun (SBTi) markmiðasetningar bankans.



Markmið 7

Staðfesta sjálfbærniupplýsingar af þriðja aðila

Allar fjárhags- og sjálfbærniupplýsingar séu staðfestar af þriðja aðila af þeirri dýpt sem eðlilegt þykir.

Núverandi staða

- Hluti af sjálfbærniuppgjöri (ESRS/GRI) og loftslagsbókhaldið er staðfest með takmarkaðri vissu af Deloitte (e. limited assurance).
- PCAF-skýrsla bankans er staðfest með takmarkaðri vissu (e. limited assurance).
- Sjálfbær fjármálaumgjörð Landsbankans fær umsögn þriðja aðila (e. second party opinion).
- Úthlutunar- og áhrifaskýrsla grænna skuldabréfa er staðfest með takmarkaðri vissu (e. limited assurance).



ESRS

General disclosures (ESRS 2)	13
Climate change (E1)	28
Own workforce (S1)	36
Business conduct (G1)	48

General disclosures (ESRS 2)

Basis for preparation of the sustainability statement (BP-1)

Við gerð sjálfbærniuppgjör Landsbankans 2025 er horft til einfaldaðra ESRS draga sem komu út í nóvember 2025, verið er að vinna í áttina að því að uppfylla kröfur ESRS að fullu. Fjallað er um samstæðuna í sjálfbærniuppgjöri bankans út frá sömu forsendum og ársreikningur bankans fjallar um samstæðuna. Tekið er inn í loftslagsbókhaldið rekstur dótturfélagsins Landsbréfa á húsnæði og bílum, ferðir starfsfólks til og frá vinnu og ferðir starfsfólks vegna vinnu. Mannauðstölur fjalla eingöngu um starfsfólk Landsbankans. Landsbréf birta sjálfbærniupplýsingar sínar á sama tíma og ársreikning sinn.

Sama máli gegnir um fjármagnaða losun en Landsbréf gefa út sína eigin PCAF-skýrslu um fjármagnaða losun frá sjóðum sínum sem hluta af sjálfbærniuppgjörinu og er sú losun ekki hluti af PCAF-skýrslu Landsbankans um fjármagnaða losun. Upplýsingarnar í sjálfbærniuppgjörinu byggja allar á gögnum frá tímabilinu 1. janúar 2025 til 31. desember 2025 fyrir utan PCAF upplýsingarnar. PCAF-skýrslur beggja félaga eru gefnar út ári á eftir öðrum sjálfbærniupplýsingum þar sem gögn síðasta árs eru ekki tiltæk fyrr en við árslok þessa árs. PCAF-skýrsla ársins 2024 kemur því út samhliða sjálfbærniuppgjöri ársins 2025.

Ákveðnar upplýsingar, sérstaklega þær sem viðkoma virðiskeðjunni, fjármagnaðri losun og umhverfisáhrifum eru unnin út frá áætlunum, staðgenglum (e. proxies), meðaltölum geira eða öðrum aðferðum sem eru útskýrðar þegar gögn eru ekki til eða eru óáreiðanleg. Landsbankinn notar áreiðanlegustu gögn sem völ eru á og lýsir því sem mætti betur fara í texta eins og við á. Stöðugt er leitast við að bæta sjálfbærniupplýsingagjöfina og vinnu að henni, með innleiðingu og uppfærslu ferla, gagnabönkum sem eru í boði líkt og Veru, með notkun viðurkenndrar aðferðarfræði líkt og Greenhouse Gas Protocol, PCAF o.fl. Með tímanum verður þetta til þess

að sjálfbærniupplýsingar bankans verða nákvæmari, áreiðanlegri og færast nær því að uppfylla kröfur ESRS-staðalsins.

Árið 2025 tók Landsbankinn við nýju dótturfélagi, tryggingarfélaginu TM tryggingar hf. Sjálfbærniuppgjör TM er birt í sér kafla í sjálfbærniuppgjöri Landsbankans og fjallar um tímabilið 1. mars til 31. desember 2025 sem er tímabilið sem TM hefur verið hluti af samstæðu Landsbankans. Gera má ráð fyrir að TM verði hluti af loftslagsbókhaldi Landsbankans á samstæðugrunni í framtíðinni líkt og Landsbréf. Þar sem Landsbankinn, Landsbréf og TM hafa öll framkvæmt sína eigin tvöföldu mikilvægisgreiningu hefur ekki verið farið í samræmingu á samstæðunni á öðrum þáttum en loftslagsbókhaldinu. Ástæða er til að skoða það að gera nýja tvöfalda mikilvægisgreiningu á allri samstæðunni árið 2026 og fara eftir leiðbeiningum ESRS 1 um tvöfalda mikilvægisgreiningu.

Hluti upplýsinganna sem koma fram í sjálfbærniuppgjörinu eru staðfestar með takmarkaðri vissu eða nægjanlegri vissu af Deloitte. Þau atriði eru merkt sérstaklega í skýrslunni í viðeigandi köflum og IRO töflunni og er þá tekið fram hvort þau séu staðfest með takmarkaðri eða nægjanlegri vissu.

Engar upplýsingar eru birtar sem gætu brotið lög eða starfsreglur bankans. Dæmi um lög og reglur sem er fylgt eru persónuverndarlög og reglur um bankaleynd.

Specific information if the undertaking uses phasing-in options (BP-2)

Samþykkt Evrópusambandsins á Omnibus einföldunartillögu við sjálfbærniregluverk sitt hefur valdið óvissu um áframhaldandi innleiðingu þess hérlandis. Þess vegna gefur Landsbankinn nú í annað sinn út sjálfbærniupplýsingar unnar með hliðsjón af ESRS-staðlinum, stuðst er við uppfærð drög ESRS sem voru gefin út í nóvember 2025.

The role of administrative, management and supervisory bodies in relation to sustainability (GOV-1)¹

Stjórnskipulag sjálfbærnimála í Landsbankanum er sem hér segir: **Bankaráð**

- Sjálfbærnistefna Landsbankans er stefna bankaráðs. Hún er uppfærð með reglubundnum hætti til að endurspegla áherslur bankans í sjálfbærnimálum og eru sjálfbærnimarkmið bankans sett út frá stefnunni.
- Bankaráð hefur það hlutverk að fjalla um mikilvægi og stöðu sjálfbærni í starfsemi bankans auk þess að fjalla um og samþykkja sjálfbærnistefnu bankans. Endurskoðunarnefnd fjallar um birtingu og miðlun sjálfbærniupplýsinga.
- Bankaráð Landsbankans er kjörið á aðalfundi til eins árs í senn og eru kjörnir sjö aðalmenn og tveir varamenn. Allir meðlimir bankaráðs eru óháðir bankanum og stórum hluthöfum.
- Móttaka og fræðsla nýrra bankaráðsmanna: Landsbankanum ber að verja fullnægjandi fjármunum og mannafla til þess að kynna starfsemi bankans fyrir nýjum bankaráðsmönnum og tryggja að þeir hljóti viðeigandi þjálfun til setu í bankaráði.
- Sjá frekari upplýsingar í [starfsreglum bankaráðs](#) og nánar um [meðlimi bankaráðs](#) hér.


Nánar er gert grein fyrir sundurliðun starfsfólks í [ESRS S1](#) kaflanum sem hefst á bls. 36.

Sjálfbærnihópur

- Áhættu- og fjármálanefnd Landsbankans starfrækir undirhóp sem fylgist með sjálfbæru fjármálaumgjörð bankans og því sem tilheyrir henni. Hópurinn heldur utan um hæft fjármagn undir umgjörðinni, gerir árlega tillögu að úthlutun hæfs fjármagns á móti útistandandi grænum skuldabréfum fyrir áhættu- og fjármálanefnd, fylgist með kröfum markaðarins og samræmi umgjarðarinnar við þær, sem og annað sem fylgir utanumhaldi umgjarðarinnar.

¹Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

Kynjahlutfall bankaráðs



Fjármál og sjálfbærnideild

- Sjálfbærni er hluti af sviði Fjármála og heldur deildin utan um ábyrgð og skuldbindingar bankans í sjálfbærnimálum, bæði þær sem bankinn hefur sjálfur undirgengist og þær sem eru hluti af því regluverki sem bankinn fellur undir. Jafnframt styður sjálfbærnideild við önnur verkefni í bankanum þar sem málaflokkurinn kemur við sögu.

Sjálfbærniáhætta

- Landsbankinn hefur skilgreint sjálfbærniáhættu sem mikilvægan áhættuþátt og undir það fellur áhætta vegna UFS-áhættuþátta: umhverfismál, félagslegir þættir og stjórnaðhættir. Áhættustýring metur og miðlar sjálfbærniáhættu í áhættuskýrslu bankans.

Framkvæmdastjórn bankans skipa 8 einstaklingar, bankastjóri og sjö framkvæmdastjórar. Allt annað starfsfólk (e. non-executive members) er 873 manns. Félag starfsmanna Landsbanka Íslands (FSLÍ) gætir hagsmuna starfsfólks Landsbankans.

Sjálfbærnistarf bankans hefur verið innleitt í skipurit hans eins og lýst er hér að ofan til þess að tryggja gæði starfsins og samfellu. Bankinn fer að settum lögum og hefur innleitt sjálfbærniregluverk eins og krafist er. Auk þess upplýsir bankinn hagaðila um stöðu sjálfbærnimála í gegnum árlega sjálfbærniskýrslu og er einnig aðili að fjölmörgum sjálfbærniverkefnum. Sjálfbærniupplýsingar Landsbankans eru staðfestar af þriðja aðila upp að því marki sem hægt er.

Sjálfbær fjármálaumgjörð bankans er með ytra álit frá Sustainalytics. Bankinn hefur einnig fengið mat frá Reitun árið 2025 á því hvernig hann stýrir UFS-málum sínum.

Sjálfbærniverkefni sem bankinn er aðili að:

- Fjármálaverkefni Umhverfisstofnunar SP (UNEP-FI)
- Hnattrænt samkomulag SP (UN Global Compact)
- Festa, miðstöð um sjálfbærni
- Principles for Responsible Investments (UN PRI)
- Loftslagsmarkmið Festu og Reykjavíkurborgar
- IcelandSIF, samtök um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi
- Heimsmarkmið SP
- Principles for Responsible Banking (PRB)
- Samtök um þróun loftslagsbókhalds Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF)
- Task Force for Climate-related Financial Disclosures (TCFD)
- Task Force for Nature-related Financial Disclosures (TNFD)
- Science Based Targets initiative (SBTi)
- Svansvottað mótuneyti

Mat bankans á áhrifum, áhættu og tækifærum vegna sjálfbærniþátta fer fram í gegnum tvöfalda mikilvægisgreiningu samkvæmt sjálfbærniskilastaðlinum ESRS, sjálfbærniáhættumati og við gerð stefnu bankans. Niðurstöður eru nýttar á mismunandi hátt þar sem markmiðið er að nýta greiningarnar til þess að bæta starfsemi bankans.

Integration of sustainability-related information in incentive schemes (GOV-2)

Í bankanum eru engin kaupaukakerfi við lýði svo að ekki eru til staðar neinar sjálfbærnitengdar kaupaukagreiðslur, frekar en aðrar slíkar greiðslur.

Statement on due diligence (GOV-3)

Bankinn er stöðugt að þróa og betrumbæta þá ferla og áreiðanleikakannanir sem tengjast hinum ýmsu sjálfbærniþáttum. Hægt er að skipta þeim í eftirfarandi:

- **Áreiðanleikakönnun:** Bankanum er skylt að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum, m.a. við stofnun viðskiptasambands, reglubundið eftirlit og/eða vegna einstakra viðskipta. Sjá nánar [G1-2](#) kafla um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á bls. 49.
- **Siðareglur birgja:** Sjá nánar í [G1-2](#) um samskipti við birgja, bls. 49.
- **Sjálfbærniáhættumat fyrir stórar lánveitingar:** Sjá nánar í [E1-3](#), bls. 28.
- **Verðbréfa- og lifeyrisþjónusta Landsbankans:** Umsjón með upplýsingagjöf, ráðgjöf og öllum viðskiptum með sjóði Landsbréfa. Starfshættir Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu byggja á eftirfarandi aðferðafræði:
 - Samþættingu UFS-þátta við greiningar og fjárfestingarákvarðanir, m.a. með UFS-áreiðanleikakönnunum og mati þriðja aðila.
 - Virkum samskiptum í samræmi við eigendastefnu.
 - Beitingu skimunar við mat og takmörkun á fjárfestingarkostum.
- **Eigið starfsfólk:** Sjá [SBM-2](#) bls. 19 og kafla [S1](#) sem hefst á bls. 36.

Á árinu lauk Landsbankinn þátttöku í viðskipta- og mannréttindahraðli UN Global Compact. Viðskipta- og mannréttindahraðallinn er námskeið fyrir þátttakendur í UN Global Compact þvert á atvinnugreinar og svæði. Þetta hagnýta námskeið styður fyrirtæki í að fara frá skuldbindingum til aðgerða í þágu mannréttinda og vinnuréttinda með því að nýta eigin gögn og framkvæma áreiðanleikakönnun. Fjórir fulltrúar bankans frá mismunandi deildum tóku þátt í að þróa aðgerðaáætlun til að greina og forgangsraða áhættum á sviði mannréttinda og bæta verklag í kjölfarið. Þar spila samskipti við hagaðila lykilhlutverk til að ná sem mestum árangri við að draga úr líkum á og áhrifum af mögulegum mannréttindabrotum.

Ísland er í mikilli forréttingastöðu og því er hætt á að mannréttindum sé tekið sem sjálfsögðum hlut. Langtímamarkmið Landsbankans í sjálfbærni snúa fyrst og fremst að því að stýra áhrifum okkar þar sem þau eru mest. Hingað til hefur verið horft til fjármagnaðrar losunar en áhrif

starfsemi bankans á samfélagið eru víðari. Hluti af því er að sinna mannréttindamálum vel og eins og hæfir ólíkum hópum á mismunandi stöðum í virðiskeðjunni. Hraðallinn styður þetta starf og gerir bankanum kleift að vera áfram traustur banki fyrir farsæla framtíð.

Risk management and internal controls over sustainability reporting (GOV-4)

Sjálfbærnistefna bankans setur fram markmið hans á sviði sjálfbærni og lýsir þeim aðferðum sem beitt er til að innleiða þau í starfsemina. Stjórn bankans samþykkir stefnuna og ber bankastjóri ábyrgð á innleiðingu hennar og framkvæmd. Bankastjóri ber jafnframt ábyrgð á eftirfylgni með framkvæmd stefnunnar og gerir árlega grein fyrir henni gagnvart stjórn bankans. Framkvæmdastjórn hefur vald til að samþykkja og breyta lykilatriðum og meginreglum stefnunnar. Framkvæmdastjóri Fjármála ber ábyrgð á mótun, viðhaldi og kynningu sjálfbærnistefnunnar.

Loftslagsáætla hefur verið skilgreind sem áhættuþáttur í áhættustefnu bankans. Svið Áhættustýringar ber ábyrgð á mati, mælingu og þróun áhættumælikvarða fyrir viðeigandi áhættuþætti samkvæmt stefnunni. Bankinn hefur gert grein fyrir sjálfbærniáhættu í áhættuvilja sínum.

Árið 2024 innleiddi bankinn reglur um sjálfbærniáhættu í áhættustýringarramma sinn. Tilgangur reglnanna er að koma í veg fyrir óstöðugleika eða óvænt tap vegna sjálfbærniáhættu. Markmið reglnanna er að gera bankanum kleift að stýra sjálfbærniáhættu sinni á áhrifaríkan hátt, í samræmi við áhættustefnu og áhættuvilja bankans. Reglurnar setja fram ramma um mat, mælingu og stýringu sjálfbærniáhættu og undirþáttum hennar og viðmið um framkvæmd stýringar sjálfbærniáhættu innan bankans. Reglurnar byggja á kröfum CRR, leiðbeiningum EBA um veitingu og eftirfylgni útlána, sem og skýrslu EBA um stjórnun og eftirlit með UFS-áhættu hjá lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum.

Undir áhættu- og fjármálanefnd bankans starfar sjálfbærnihópur. Tilgangur hópsins er að hafa umsjón með sjálfbærnireglum bankans og hlítni grænna fjárfestingarramma bankans við reglurnar. Bankinn gefur árlega úr opinberar skýrslur um ýmis sjálfbærnitengd málefni, svo sem kolefnislosun (PCAF og viðbótarupplýsingar skv. Pillar III), sem og um framgang sjálfbærnistarfs hjá bankanum.

Starfsemiskort Landsbankans



Strategy, business model and value chain (SBM-1)

Landsbankinn er þjónustufyrirtæki þar sem viðskiptavinurinn er í forgrunni. Í sinni einföldustu mynd eru viðskiptavinir bankans tvenns konar, annars vegar viðskiptavinir með fjármagn og hins vegar viðskiptavinir sem vantar fjármagn. Efsti hluti starfsemiskortsins lýsir samskiptum bankans við þessa hagaðila með áherslu á faglega sölu, skilvirka afhendingu og góða þjónustu.

Kjarnaferlin (tekjumyndandi ferli) bankans eru þrjú:

1. Útvega viðskiptavinum fjármagn

Heildstætt ferli (undirferli eru m.a. útlánaferli bankans) sem hefst þegar viðskiptavinur biður um lán og lýkur þegar lánið er annað hvort uppgreitt eða hefur lokið öðrum farvegi (afskrift o.fl.).

2. Byggja upp og gæta fjárhagslegra eigna viðskiptavina

Viðskiptavinur felur bankanum eignir til ávöxtunar (undirferli eru m.a. innlánaferli, eignastýring, safnastýring og rekstur lífeyrissjóða).

3. Miðla peningum og fjármálagerningum viðskiptavina

Bankinn þjónar sem milliliður eða miðlunaraðili og sér um að útvega fjármagn frá þriðja aðila, greiðslumiðlun (peningar, kort, millifærslur o.s.frv. til að auðvelda greiðslu fyrir vöru og þjónustu), markaðsviðskipti (kaup og sala verðbréfa, gjaldeyrir og afleiður) og hefur milligöngu við kaup og sölu fyrirtækja.

Starfsemiskort Landsbankans endurspeglar jafnframt virðiskeðju bankans. Kjarnaferlin eru tekjuskapandi og skila virði til viðskiptavina og endurspeгла stefnu bankans sem alhliða banki með heildstætt vöru- og þjónustuframboð. Stoðferli styðja við kjarnaferlin og eru forsenda skilvirkar, ábyrgar og stöðugar starfsemi, án þess að vera sjálf tekjuskapandi.

Í þessu samhengi hefur Landsbankinn áhrif á ráðstöfun fjármagns og aðgengi að fjármögnun fyrir heimili og fyrirtæki. Sjálfbærni snýr því meðal annars að þeim ramma sem bankinn setur um útlán, vöruframboð og innkaup, sem og aðra lykilþætti starfseminnar, og er samþætt viðskiptamódeli bankans og starfsemi.

Traustur banki fyrir farsæla framtíð fangar stefnu Landsbankans um banka nýrra tíma. Óhætt er að fullyrða að það þurfi að sinna sjálfbærni vel til að stuðla að farsælli framtíð og jákvæðum

áhrifum á samfélagið. Að vanda sig við sjálfbærnistarf sitt og vinna það af heilindum er hluti þess að skapa traust hjá viðskiptavinum.

Sjá [IRO-2](#) kafla fyrir frekari umfjöllun um þá helstu sjálfbærniþætti sem voru taldir mikilvægir fyrir rekstur bankans.

Vöruframboð sem tengist sjálfbærni

Landsbankinn býður upp á sjálfbærar ávöxtunarleiðir og útlán fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Hér að neðan er yfirlit yfir möguleika á sjálfbærri fjármálaþjónustu sem bankinn býður upp á:

- **Sjálfbær sparnaður:** Með sjálfbærum sparnaði getum við ávaxtað fjármuni og stuðlað að sjálfbærri þróun á sama tíma. Þegar viðskiptavinir leggja peninga inn á sjálfbæran sparireikning er sú upphæð eyrnamerkt til sjálfbærra útlána, sem þýðir að þeir fara í að fjármagna sjálfbær verkefni og fjárfestingar. Bílalan fyrir rafmagnsbílum eru dæmi um sjálfbær útlán.
- **Eignadreifing sjálfbær:** Sjóðurinn hefur að markmiði að ná fram ávöxtun og dreifingu áhættu með sjálfbærni að leiðarljósi. Hann fjárfestir eingöngu í fjármálagerningum, svo sem hlutabréfum, skuldabréfum og hlutdeildarskírteinum útgefanda sem skara fram úr á sviði sjálfbærni.
- **Græn bílalan:** Landsbankinn vill styðja við orkuskiptin. Rafmagnsbílar eru mikilvægur hluti af ferlinu þar sem þeir valda minni losun og eru hagkvæmari í rekstri, sér í lagi á Íslandi. Við veitum afslátt af lántökugjöldum vegna rafmagnsbíla og bjóðum einnig upp á afslátt á vöxtum við fjármögnun þeirra.
- **Sjálfbær fjármálaumgjörð:** Fyrirtækjasvið vekur athygli fyrirtækja á sjálfbæru fjármálaumgjörðinni á ytri vef bankans. Þar er fyrirtækjum sagt frá því að sjálfbær fjármálaumgjörð Landsbankans flokki verkefni sem geti stuðlað að sjálfbærni í 11 verkefnaflokka.

Nánar má lesa um [sjálfbært vöruframboð](#) bankans hér. Allar þessar vörur styðja sjálfbærnistefnu og vinna að sjálfbærnimarkmiðum bankans sem nánar er fjallað um í [E1](#), sem hefst á bls. 28.

Landsbankinn hagnast ekki á framleiðslu jarðefnaeldsneytis, kemískra efna, vopna né tóbaks.

Interests and views of stakeholders (SBM-2)

Hagaðili	Tegund samskipta	Tíðni
Starfsfólk	Vinnustaðagreiningar	Þrisvar til fjórum sinnum á ári
	Nafnlausar ábendingar	Eftir þörfum
	Frammistöðusamtöl	A.m.k. einu sinni á ári
	Fræðsla og þróun	Reglulega
Viðskiptavinir	Þjónustuver	Daglega
	Útibú og afgreiðslur	Daglega
	Svikavakt	Eftir þörfum
	Tölvupóstur, sími, netspjall	Daglega
	App og netbankinn	Daglega
	Sjálfsafgreiðslutæki	Daglega
	Fræðsla og fundir	Reglulega
Birgjar	Samningsstjórnun og eftirlit	Reglulega/eftir þörfum
	Öryggis- og gæðakönnun fyrir valda birgja	Árlega
	Úttekt á öryggis- og gæðakönnun	Árlega
Fjárfestar	Árs- og árshlutareikningar	Ársfjórðungslega
	Sjálfbærnisráðsla	Árlega
	Fjárfestafundir	Reglulega/eftir þörfum
Samfélagið	Samstarfsverkefni, m.a. Skólahreysti, KSÍ, Menningarnótt, Hinsegin dagar	Reglulega
	Styrktarsjóðir: náms- og samfélagsstyrkir	Árlega
	Efni frá Greiningardeild og önnur fræðsla	Árlega

Interaction of material impacts, risks and opportunities with strategy and business models, and financial effects (SBM-3)

Niðurstaðan úr tvöföldu mikilvægisgreiningunni 2024 var á þá leið að mikilvægisþættirnir væru annað hvort það langt í burtu í tíma að það væri ekki hægt með núverandi forsendum að stýra þeim eða að þeim væri stýrt nú þegar í gegnum Áhættustýringu bankans, Mannauð, Regluvörslu, Lögfræðipjónustuna eða aðrar deildir sem að sjá um málefnið sem að komu upp í umræðunni.

Það er tilefni til að taka tvöföldu mikilvægisgreininguna upp aftur fyrir Landsbankann og gera þá í leiðinni ítarlegri greiningu á fjárhagslegum áhrifum mikilvægisþáttanna í samræmi við leiðbeiningar ESRS.

Taflan hér að neðan í IRO-2 fjallar um niðurstöður tvöföldu mikilvægisgreiningarinnar út frá áhrifum, áhættu og tækifærum, hvar í virðiskeðjunni þættirnir eru og hvenær áhrifa þeirra er vænst.

Description of the process to identify and assess material impacts, risks and opportunities and material information to be reported (IRO-1)

Mikilvægisgreining var gerð árið 2024 og fjallað er ítarlega um hana á bls. 9-15 í [viðauka við sjálfbærniuppgjör Landsbankans](#) fyrir það ár. Í febrúar árið 2025 kom tillaga frá Evrópusambandinu um einföldun á sjálfbærniregluverki og var Omnibus-tillagan samþykkt af ESB í desember það ár.

Hvað viðkemur sjálfbærniregluverki ESB hefur Landsbankinn sýnt frumkvæði og hafið innleiðingu fyrr en seinna, bæði til þess að vera samanburðarhæfur við aðra banka þar sem við gefum út græn skuldabréf í evrum á erlendum mörkuðum og til þess að sýna gott fordæmi við að fylgja stöðluðum leiðbeiningum við gerð sjálfbærniupplýsinga svo að samanburðarhæf

gögn verði til fyrir hagaðila. Omnibus-tillagan hafði bein áhrif á mögulega innleiðingu CSRD í íslensk lög. Því var ákveðið að bíða og sjá hvernig lokaútgáfa ESRS-staðalsins yrði í samþykkttri Omnibus-tillögu áður en við færum að endurgera tvöföldu mikilvægisgreininguna í samræmi við ESRS-staðalinn. Þar sem lokaniðurstaða lá ekki fyrir við lok ársins 2025 var áfram stuðst við niðurstöður tvöföldu mikilvægisgreiningarinnar sem gerð var árið 2024 í þessari sjálfbærniupplýsingagjöf. Sú mikilvægisgreining samræmist leiðbeiningum ESRS 1 ekki að fullu en þar sem henni er list í miklum smáatriðum í fyrrnefndum viðauka er talið ljóst hvernig komist er að niðurstöðu um mikilvægisþætti. Þess má geta að eftirfarandi kaflar sem voru taldir upp í tilvísunartöflu ársins 2024 skoruðu lægra en aðrir mikilvægisþættir í tengslum við áhrif af starfsemi bankans og eru því ekki hluti af þessari skýrslu:

- S1-7 Collective bargaining coverage and social dialogue
- S1-11 Persons with disabilities
- S1-13 Health and safety metrics

Sjá [IRO-2](#) fyrir þá mikilvægisþætti sem teknir eru fyrir í skýrslunni.

Það má einnig nefna í þessu samhengi að bankinn hefur gefið út sjálfbærniupplýsingar frá árinu 2011 samkvæmt leiðbeiningum Global Reporting Initiative (GRI) þar til ESRS innleiðingin hófst árið 2024. Þar var einnig gerð mikilvægisgreining og fjármögnuð losun metin sem sá þáttur þar sem áhrif bankans eru mest. Það er mikilvægt að fylgja leiðbeiningum ESRS 1 um tvöfalda mikilvægisgreiningu til þess að fá staðlaðar og samanburðarhæfar niðurstöður fyrir markaðinn. Það er ætlunin að endurgera tvöfalda mikilvægisgreiningu samkvæmt leiðbeiningum ESRS 1 árið 2026 og birta í næsta sjálfbærniuppgjöri bankans.

Þar sem beðið er eftir íslenskri þýðingu á ESRS-stöðlunum frá Staðlaráðinu var ákveðið að styðjast við ensku kaflaheitin í þessari skýrslu til að forðast misskilning.

Material impacts, risks and opportunities and disclosure requirements included in the sustainability statement (IRO-2)

Atriði sem eru staðfest af þriðja aðila eru merkt í IRO töflunni, staðfesting með takmarkaðri vissu er merkt með punkti og staðfesting með nægjanlegri vissu er merkt með stjörnu.

ESRS	DR	Name of disclosure requirement	Page	Assurance ¹
General Disclosures				
ESRS 2	BP-1	Basis for preparation of the sustainability statement	13	
	BP-2	Specific information if the undertaking uses phasing-in options	13	
	GOV-1	The role of administrative, management and supervisory bodies in relation to sustainability	14	•
	GOV-2	Integration of sustainability-related information in incentive schemes	15	
	GOV-3	Statement on due diligence	16	
	GOV-4	Risk management and internal controls over sustainability reporting	16	
	SBM-1	Strategy, business model and value chain	18	
	SBM-2	Interests and views of stakeholders	19	
	SBM-3	Interaction of material impacts, risks and opportunities with strategy and business models, and financial effects	20	
	IRO-1	Description of the process to identify and assess material impacts, risks and opportunities and material information to be reported	20	
	IRO-2	Material impacts, risks and opportunities and disclosure requirements included in the sustainability statement	21	
Climate Change				
ESRS E1	E1-1	Transition plan for climate change mitigation	28	
	E1-2	Climate-related risks and scenario analysis	28	
	E1-3	Resilience in relation to climate change	28	
	E1-4	Policies related to climate change	29	•
	E1-5	Actions and resources in relation to climate change	30	
	E1-6	Targets related to climate change	30	

ESRS	DR	Name of disclosure requirement	Page	Assurance ¹
	E1-7	Energy consumption and mix	33	★
	E1-8	Gross Scopes 1, 2, 3 GHG emissions	34	★
	E1-8	Gross scope 3 GHG financed emissions PCAF report	53	●
	E1-9	GHG removals and GHG mitigation projects financed through carbon credits	35	●
	E1-10	Internal carbon pricing	35	
	E1-11	Anticipated financial effects from material physical and transition risks and potential climate-related opportunities	35	
Own Workforce				
ESRS S1	S1-1	Policies related to own workforce	36	●
	S1-2	Engagement with own workforce and workers' representatives, existence of channels for own workforce to raise concerns or needs and approaches to remedy	37	
	S1-3	Actions and resources related to own workforce	38	
	S1-4	Targets related to own workforce	39	
	S1-5	Characteristics of the undertaking's employees	40	●
	S1-6	Characteristics of non-employees in the undertaking's own workforce	41	●
	S1-8	Diversity metrics	42	●
	S1-9	Adequate wages	43	
	S1-10	Social protection	43	
	S1-12	Training and skills development metrics	44	●
	S1-14	Work-life balance metrics	45	●
	S1-15	Remuneration metrics	46	●
	S1-16	Incidents of discrimination and other human rights incidents	47	
Business Conduct				

ESRS	DR	Name of disclosure requirement	Page	Assurance ¹
ESRS G1	G1-1	Policies related to business conduct	48	•
	G1-2	Actions related to business conduct	49	
	G1-3	Targets related to business conduct	51	
	G1-4	Metrics related to incidents of corruption and bribery	52	•
	G1-5	Metrics related to political influence and lobbying activities	52	
	G1-6	Metrics in relation to payment practices	52	

IRO-greining: Mat á áhrifum, áhættum og tækifærum

Í stað hitatöflu sem var birt í sjálfbærniuppgjöri ársins 2024 með niðurstöðum tvöföldu mikilvægisgreiningarinnar verður sú leið farin að raða helstu atriðum hér niður í töflu.

Mikilvægisgreiningin leiddi í ljós að E1, S1 og G1 væru mikilvægastir fyrir starfsemi bankans en vissulega ekki allt sem undir hverjum lið fólst. Hér er farið yfir og tengdar saman niðurstöður vinnustofa með innri og ytri hagaðilum fyrir þessa þrjá kafla, fjallað um áhrif, áhættu og tækifæri fyrir hvert umfjöllunarefni og þeim raðað niður á virðiskeðju og tíma sem það er talið geta raungerst á. Að lokum er farið yfir viðbrögð í þeim skilningi að fjalla um hvernig bankinn bregst við hverju umfjöllunarefni í starfsemi sinni í dag.

ESRS kafli	Áhrif	Áhætta	Tækifæri	Virðis Skeoða	Tími	Viðbrögð
E1 Climate Change	Aðaláhrif bankans eru í gegnum útlánasafnið og fjármagnaða losun			Frástreymi	Lengri tími	Fylgst með útlánafyrirtækjum sem falla undir skilgreiningar sjálfbæru fjármálaumgjarðarinnar.
		Loftslagsáhætta bankans liggur í útlánasafni hans, annað hvort sem raunlæg eða umbreytingaráhætta. Ef viðskiptavinir verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna loftslagsbreytinga er hætta á að greiðslugeta minnki.		Frástreymi	Lengri tími	Stýrt í gegnum Áhættustýringu sem fylgist með sjálfbærniáhættu, raunlægri og umbreytinga.
			Landsbankinn hefur tækifæri til að hafa jákvæð áhrif á fyrirtæki og samfélagið með sínu vöruframboði og lánaákvörðunum. Bankinn getur gefið viðskiptavinum hvata til að huga að loftslagsmálum.	Öll virðis Skeoðan	Núna	Landsbankinn er með siðareglur birgja og markmið um að beina viðskiptum til ábyrgra birgja. Höfuðstöðvar bankans er BREEAM-vottað og flestir bílar rafmagnsbílar.
S1 Own Workforce	Landsbankinn er með stærri vinnustöðum landsins og ber ábyrgð á að skapa heilbrigt og faglegt vinnumhverfi.			Eigin starfsemi	Núna	Landsbankinn vinnur stöðugt að því að skapa heilbrigt og faglegt vinnumhverfi. Má lesa nánar í Mannauðsstefnu bankans.

ESRS kafli	Áhrif	Áhætta	Tækifæri	Virðiskeðja	Tími	Viðbrögð
		Ef Landsbankinn kæmi illa fram við eigið starfsfólk og virti ekki lög og reglur væri aukin hætta á mannréttindabrotum og meðfylgjandi orðsporsskaða.		Eigin starfsemi	Núna	Mannauður sér um að framfylgja þessu fyrir starfsfólk bankans.
		Einsleitni starfsfólks getur leitt til myndunar bergmálshella sem dregur úr getu bankans til að fást við áskoranir.		Eigin starfsemi	Núna	Mannauðsstefna Landsbankans er með kafla um fjölbreytni.
			Með því að sýna gott fordæmi stuðlar bankinn að vellíðan starfsfólks og getur þar með laðað að sér og haldið í gott starfsfólk.	Eigin starfsemi	Núna	Mannauður sér um að framfylgja þessu fyrir starfsfólk bankans.
			Tækifæri eru í fræðslu starfsfólks því hún eflir meðvitund um mikilvægisþættina og tryggir að verklagi og stefnum bankans sé ávallt fylgt eftir.	Eigin starfsemi	Núna	Fræðsla og starfsþróun er virk deild undir Mannauði.

ESRS kafli	Áhrif	Áhætta	Tækifæri	Virðisdeðja	Tími	Viðbrögð
			Bankinn er í lykilstöðu til að styrkja fjármálalæsi starfsfólks og samfélagsins. Öflug fjármálafræðsla skilar sér í sterkari einstaklingum og betri viðskiptavinum.	Eigin starfsemi og frástreymi	Skemmri tími	Bankinn er með öfluga ytri og innri fjármálafræðslu sem styrkir fjármálalæsi.
G1 Business Conduct	Þegar kemur að stjórnarháttum spilar fyrirtækjamenning lykilhlutverk í að móta áhættuvilja, fræðslumenningu og siðferðislega starfshætti. Bankinn ber ábyrgð á að tryggja öryggi gagna.			Virðisdeðjan	Skemmri tími	Regluvarsla, Lögfræðiþjónusta, persónuverndarfulltrúi og stefnur bankans stuðla að öryggi gagna.
		Aukin tíðni netárása setur upplýsingaöryggi í forgrunn. Hagsmunaáreksstrar eru áhættuþáttur, sérstaklega í jafn litlu samfélagi og á Íslandi.		Virðisdeðjan	Skemmri tími	Upplýsingaöryggi er tekið alvarlega, ISO 27000 staðall er í gildi og reglulega vottaður.

ESRS kafli	Áhrif	Áhætta	Tækifæri	Virðisæðja	Tími	Viðbrögð
		Fjölbreytileiki í samsetningu stjórnar snýst ekki einungis um kynjahlutföll heldur einnig breidd þekkingar, reynslu og aldur. Einsleit stjórn skapar áhættu.		Eigin starfsemi	Skemmri tími	Bankinn er með sjálfbærnimarkmið um fjölbreytileika stjórnenda og mannauðsstefnu þar sem fjölbreytni er umfjöllunarefni.
			Það er talsverður ávinningur af að fylgja reglum því hlítني kemur ekki einungis í veg fyrir sektir heldur styður við samkeppnisforskot bankans. Fjölbreytileiki í stjórn styrkir getu til að greina blind svæði.	Eigin rekstur	Lengri tími	Stefnt að fjölbreytileika stjórnenda m.a. með sjálfbærnimarkmiði bankans.

Climate change (E1)

Transition plan for climate change mitigation (E1-1)

Landsbankinn fengið staðfest vísindaleg markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda (SBTi). Markmiðið miðar að því að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins um að halda meðalhlynun innan við 1,5°C og er það sett fyrir beina og óbeina losun frá bankanum, þar með talið meirihluta fjármagnaðrar losunar, og miðar við árið 2028.

Eins og er hefur bankinn ekki innleitt umbreytingaráætlun enda hefur nálgun bankans á að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda verið með áherslu á SBTi frá árinu 2022. Þess vegna hefur bankinn heldur ekki innleitt formlega ferla eða leiðir í starfsemi sína til að fjármagna sérstaklega leiðir til þess að stöðva eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Framkvæmdastjórn bankans fylgist með framvindu í átt að SBTi-markmiði bankans í gegnum sjálfbærnimarkmið bankans. Stærsti hluti loftlagsáhrifa bankans eru fjármögnuð losun. SBTi markmiðin eru því sett með það að leiðarljósi að samræma lánasafn og áhættustýringu við langtíma umbreytingu hagkerfisins í átt að lægra kolefnisspori. Líkt og lesa má í [sjálfbærnimarkmiðum](#) Landsbankans á bls. 4 ætlar bankinn að uppfæra SBTi-markmið sín samkvæmt nýlegum leiðbeiningum SBTi fyrir fjármálafyrirtæki (FINZ) sem komu út í júlí 2025.

Climate-related risks and scenario analysis (E1-2)

Bankinn hefur innleitt sjálfbærnivíðmið fyrir útlán til fyrirtækja. Víðmiðin segja til um mat á áhættu og hlítu við sjálfbærnimarkmið bankans við útlánaákvæðanir. Sett eru fram bæði almenn víðmið og sértæk víðmið fyrir ákveðnar atvinnugreinar. Í víðmiðunum er m.a. fjallað um góða viðskiptahætti, val á birgjum, áhrif loftslagsbreytinga, úrgangsstjórnun o.fl. Bankinn hefur þróað og innleitt áhættumatstól fyrir sjálfbærniáhættu sem notað er við stór útlán til fyrirtækja.

Bankinn hefur gefið út [græna fjármálaumgjörð](#) og eru víðmið um hlutfall hæfra grænna eigna skv. fjármálaumgjörðinni hluti af áhættuvilja bankans.

Bankinn hefur metið sjálfbærniáhættu í tengslum við aðra mikilvæga áhættuþætti bankans.

Helstu áhrif sjálfbærniáhættu tengjast útlánaáhættu, fjármögnunaráhættu og rekstraráhættu.

Áhrif sjálfbærniáhættu á fjármálaáhættuþætti, varðandi eigið fé og lausafjárstöðu, eru metin í ICAAP/ILAAP-ferlum bankans. Engu viðbótar eiginfé var úthlutað vegna sjálfbærniáhættu í starfsemi bankans í árslok 2024.

Við mat á víðeigandi umfangi áhættustýringar fyrir hvern undirþátt sjálfbærniáhættu tekur bankinn tillit til þeirra mótvægisáðgerða sem til staðar eru, bæði í ytra umhverfi bankans og í stjórnun annarra áhættuþátta í starfsemi bankans. Þetta felur meðal annars í sér sértækar aðstæður á Íslandi, svo sem lög og reglur, innviði sem ætlað er að milda áhrif náttúruhamfara, stöðu Íslands hvað varðar áhrif loftslagsbreytinga og samsetningu og eðli viðskiptavina bankans.

Við mat á sjálfbærniáhættu, skilgreiningu mælikvarða og samþættingu sjálfbærniáhættu í áhættustýringarramma sinn leggur bankinn áherslu á öflun aðgengilegra, nákvæmra og hágæða gagna. Gögnin eru ýmist frá ytri gagnaveitum, úr kerfum bankans eða aflað beint frá viðskiptavinum. Í framtíðinni gerir bankinn ráð fyrir að gögn um sjálfbærniáhættu verði aðgengilegri, nákvæmari og betri að gæðum. Það mun leiða til nákvæmara mats á sjálfbærniáhættu.

Resilience in relation to climate change (E1-3)

Í forsenduhluta viðskiptaáætlunar er framkvæmd greining á ytra umhverfi með tilliti til PESTEL þar sem umhverfisþættir eru metnir í samstarfi við Sjálfbærnideild Landsbankans. Tekið er mið af niðurstöðunum í áætluninni sjálfri með víðeigandi áðgerðum þar sem við á. Svið bankans bera ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni áðgerða.

Bankinn hefur þróað og innleitt matstól fyrir sjálfbærniáhættu sem notað er við stór fyrirtækjalán. Tólið styður við mat á sjálfbærniáhættu og víðeigandi undirþáttum við ákvæðanir um stór fyrirtækjalán.

Policies related to climate change (E1-4)¹

Sjálfbærnistefna

Sjálfbærnistefna Landsbankans gildir fyrir Landsbankann hf. Landsbankinn getur í gegnum starfsemi sína haft áhrif á eða orðið fyrir áhrifum vegna sjálfbærni, UFS-þátta og umbreytingar- og raunlægrar áhættu.

Markmið

Markmið stefnunnar er að skilgreina áherslur í sjálfbærni og lýsa því hvernig bankinn hyggst tileinka sér þær áherslur í starfsemi sinni. Með stefnunni er stutt við áherslur „Landsbanka nýrra tíma” með því að lýsa því hvernig bankinn ætlar að takast á við þær breytingar samtímans sem sjálfbærnihugsun krefst. Með þeim umbreytingum er unnið að hagsmunum bankans, viðskiptavina Landsbankans og samfélagsins alls til framtíðar. Áherslur bankans í sjálfbærni skiptast í umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti. Bankinn horfir til líffræðilegrar fjölbreytni sem hluta af umhverfisþáttum. Bankinn ætlar að sýna frumkvæði í upplýsingagjöf um sjálfbærnimál.

Ábyrgðaraðilar stefnunar

Bankaráð samþykkir sjálfbærnistefnu Landsbankans. Stefnan skal rýnd og uppfærð árlega. Bankastjóri ber ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnu þessarar gagnvart bankaráði. Bankastjóri ber einnig ábyrgð á eftirliti með framkvæmd stefnunnar og miðlar upplýsingum árlega til bankaráðs. Samþykktir og breytingar á megináherslum og viðmiðum eru á ábyrgð framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjóri Fjármála ber ábyrgð á mótun, viðhaldi og kynningu á sjálfbærnistefnunni. Sjálfbærnistefna Landsbankans er uppfærð árlega.

Umhverfismál

Með tilliti til umhverfisins reynir Landsbankinn eftir fremsta megni að vernda umhverfið í starfsemi sinni og auka umhverfisvitund meðal haghafa. Bankinn er ábyrgur í auðlindanotkun og leitast við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og úrgang frá rekstri. Bankinn metur losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri sínum og óbeina losun frá lánasafni samkvæmt aðferðafræði Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF). Með því að þekkja losun frá útlánasafninu og þróun hennar getur Landsbankinn metið áhættu tengda loftslagsbreytingum (umbreytingaráhættu og raunlæga áhættu) og gert viðeigandi álagspróf, sviðsmyndagreiningar og ráðstafanir, gerist þess þörf.

Siðareglur birgja

Til að framfylgja sjálfbærnistefnunni, leggur bankinn fyrir [siðareglur til birgja sinna](#).

Landsbankinn er aðili að hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact) og hefur því skuldbundið sig til þess að vinna að tíu grundvallarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna er varða sjálfbærni. Í gegnum viðskipti sín við birgja og þjónustuaðila ber bankinn keðjuábyrgð á því að öll virðiskeðjan stuðli að sjálfbærum viðskiptaháttum. Landsbankinn gerir þær kröfur til sinna birgja og þjónustuaðila að þeir ástundi ábyrga starfshætti sem styðja við sjálfbærni. Lykilbirgjar bankans og birgjar þeirra þurfa því að vinna að grundvallarmarkmiðum hnattræna samkomulagsins og geta sýnt fram á það, annað hvort með aðild að samkomulaginu eða með því að rökstyðja hvernig þeir vinna að markmiðunum, ef þess er óskað.

Einnig styðja siðareglur birgja við sjálfbærnimarkmið bankans að beina viðskiptum til ábygrra birgja. Siðareglur birgja eru uppfærðar reglulega.

Sjá má nánari umfjöllun um siðareglurnar og samskipti við birgja í kafla [G1-2](#) á bls. 49.

¹ Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

Actions and resources in relation to climate change (E1-5)

Aðgerðir Landsbankans í loftlagsmálum miða að því að stýra og draga úr verulegum áhrifum sem tengjast loftlagsbreytingum, einkum þeim sem tengjast fjármagnaðri losun, í samræmi við vísindaleg markmið bankans um samdrátt í losun, staðfest af SBTi. Markmið Landsbankans miðast að því að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins um að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C að meðaltali.

Helstu aðgerðir

1. Losunarmælingar og viðmiðunarár
 - a. Innleiðing og eftirfylgni sem ná til beinnar og óbeinnar losunar, þar með talið fjármagnaðrar losunar
2. Markmiðasetning sem byggir á vísindalegum forsendum
 - a. Samræmd markmið innan umfanga 1, 2 og 3 staðfest af SBTi
3. Stefnumörkun í lána- og eignasafni
 - a. Ná tilteknu temperature score í mismunandi atvinnugreinum í lánasafni og í hluta- og skuldabréfasafni
 - b. Maintain the emissions intensity of its real estate investment/loan portfolio at or below 1.0 kgCO₂e/m² from 2019 through 2030 and only finance 1.5°C aligned real estate assets.
 - c. Continue providing corporate loans in the power sector for only renewable electricity through 2030.
4. Upplýsingagjöf og fræðsla
 - a. Aukin fræðsla viðskiptavina og stuðningur til að auka mælingar og markmiðasetningu hjá þeim

Aðgerðirnar styðja beint við markmið bankans um:

- samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt SBTi,
- bættu stjórnun loftslagsáætlu í lánasafni
- aukið gagnsæi og áreiðanleika í upplýsingagjöf

Árangur og væntanleg losun

- SBTi markmið okkar byggir á að væntanlegur samdráttur í losun sé:
 - 95% samdráttur í scope 1 og 2 fyrir 2030 miðað við 2019 grunnár
 - 50% samdráttur í flokkum 1–14 í scope 3 fyrir 2030 miðað við 2019 grunnár

Fjárhæðir tengdar loftslagsmarkmiðum

Landsbankinn er ekki með ákveðnar fjárhæðir tengdar loftslagsmarkmiðum. Það fylgja fjárhagslegar skuldbindingar sjálfbærniskuldbindingum Landsbankans, t.d. aðildargjöld að félagasamtökum sem tengjast sjálfbærni. Einnig er rekstrarkostnaður tengdur sjálfbærnideild Landsbankans sem sér um sjálfbærniskuldbindingar bankans, þ.m.t. loftslagsmarkmiðin.

Targets related to climate change (E1-6)

Til að ná árangri er nauðsynlegt að setja sér markmið, í sjálfbærnimálum eins og öðru. Við setjum okkur krefjandi markmið sem við endurskoðum með reglulegu millibili en markmiðin byggja á sjálfbærnistefnu bankans. Upplýsingagjöf Landsbankans er einnig tengd sjálfbærnimarkmiðunum, en við miðlum upplýsingum um gang mála, bæði með gagnsæi og fræðslu að leiðarljósi. Núverandi markmið eru sjö og skiptast í flokkana sjálfbærni, umhverfismál, félagslega þætti og stjórnaðhætti.

Þau markmið sem snúa að loftslagsmálum eru eftirfarandi:

1. Leggja áherslu á ábyrgar lánveitingar og græna fjármögnun
 - a. Lánveitingar
 - i. Landsbankinn setur sér markmið um að auka ábyrgar lánveitingar sem falla undir skilgreiningar sjálfbærrar fjármálaumgjarðar bankans.
 - ii. Árið 2026 er markmið bankans að auka útlán um 10% eða 28 milljarða króna.
 - b. Fjármögnun
 - i. Við setjum okkur það markmið að 50% af allri útistandandi lánsfjármögnun bankans verði græn fyrir lok árs 2027.
 - ii. Staðan í lok árs 2025: 38% af útistandandi lánsfjármögnun bankans er græn

2. Ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda
- a. Bein losun
 - i. Við stefnum að því að losun frá umfangi 1 lækki um 80% á árinu 2028 og um 95% á árinu 2030 miðað við árið 2018. Landsbankinn skal viðhalda kolefnishlutleysi samkvæmt CarbonNeutral frá og með árinu 2020.
 - ii. Frá 1. janúar 2025 mun bankinn ekki kaupa ökutæki sem ganga eingöngu fyrir jarðefnaeldsneyti.
 - iii. Frá 1. janúar 2027 mun bankinn eingöngu kaupa ökutæki sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum t.d. rafmagni
 - iv. Staðan í lok árs 2025: 46% lækkun frá grunnárinu 2018
 - b. Óbein losun
 - i. Árið 2022 sóttum við um að verða aðilar að framtaki um vísindalega markmiðasetningu, SBTi.
 - ii. Árið 2023 setti Landsbankinn sér markmið um samdrátt í óbeinni losun í samræmi við staðal framtaksins fyrir fjármálafyrirtæki og sótti um staðfestingu. Markmið bankans var staðfest af SBTi í ársbyrjun 2024. Aðalmarkmiðið á við um fjármagnaða losun (PCAF) en einnig setjum við markmið um samdrátt í óbeinni losun frá rekstri bankans.
 - iii. Markmiðið sem bankinn setti sér í eigin rekstri var að draga saman óbeina losun um 50% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Markmið um fjármagnaða losun skiptast niður á mismunandi atvinnugreinaflokk og má lesa [samantekt SBTi](#) um hvað felst í hverjum þeirra.
 - iv. Staðan í lok árs 2025:
 - 1. Heildarlosun fyrir umfang 3 árið 2025 var 28% lægri en árið 2019.
 - 2. Árið 2025 ætlum við að hefja vinnu við að uppfæra SBTi markmið bankans og aðlaga það að nýjum Financial Institutions Net-Zero Standard sem SBTi gaf út í júlí 2025.

Nánar um [sjálfbærnimarkmið](#) Landsbankans í heild sinni.

Vísindalega staðfest markmið um samdrátt í losun (SBTi)

Afkolunarstig	Viðmiðunarár(2019)	Markmiðsár (2030)
Heildarlosun (umföng 1, 2, 3)	100	50
Eigin starfsemi (umföng 1 & 2)	100	5
Fjármögnuð losun (umföng 3)	100	50



Eignaflokkur	Markmið	Staðan í dag
Íbúðarlán	Landsbankinn hf. skuldbindur sig til að halda losunarstigi fasteignafjárfestinga/lánasafns síns í eða undir 1,0 kgCO ₂ e/m ² frá 2019 til 2030 og einungis fjármagna fasteignir sem eru í samræmi við 1,5°C markmiðið.	1,26 kgCO ₂ e/m ² *
Fyrirtækjalán: raforkuframleiðsla	Landsbankinn hf. skuldbindur sig til að halda áfram að veita fyrirtækjum í orkuiðnaði eingöngu lán til endurnýjanlegrar raforkuframleiðslu til ársins 2030.	Landsbankinn hf. veitir áfram fyrirtækjum í orkuiðnaði eingöngu lán til framleiðslu endurnýjanlegrar raforku.
Fyrirtækjalán: atvinnuhúsnæði	Landsbankinn hf. skuldbindur sig til að samræma hitaskor lánasafnsins umfang 1+2 , vegið eftir fjárfestingarstigi í atvinnuhúsnæði úr 3,2°C (2019) í 2,47°C fyrir árið 2028.	Núverandi hitaskor safnsins 3,19 °C
	Landsbankinn hf. skuldbindur sig til að samræma hitaskor lánasafnsins umfang 1+2+3 , vegið eftir fjárfestingarstigi í atvinnuhúsnæði úr 3,2°C (2019) í 2,47°C fyrir árið 2028.	Núverandi hitaskor safnsins 3,14 °C
Fyrirtækjalán: þ.m.t. flug, siglingar, sjávarútvegur og aðrar langtímaskuldir hins opinbera	Landsbankinn hf. skuldbindur sig til að samræma hitaskor lánasafnsins umfang 1+2 , vegið eftir fjárfestingarstigi í atvinnuhúsnæði úr 2,17°C (2019) to 1,88°C fyrir 2028.	Núverandi hitaskor safnsins 2,22 °C
	Landsbankinn hf. skuldbindur sig til að samræma hitaskor lánasafnsins umfang 1+2+3 , miðað við fjármagnaða losun frá flugi, siglingum, sjávarútvegi og öðrum lantímaskyldum 2,73°C (2019) í 2,20°C fyrir árið 2028.	Núverandi hitaskor safnsins 2,01 °C
Skráð hlutabréf, kauphallarsjóðir (ETFs), fjárfestingar í fasteignafjárfestingarsjóðum (REITs) og fyrirtækjaskuldabréf	Landsbankinn hf. skuldbindur sig til að samræma hitaskor eignasafns síns umfang 1+2 , vegið eftir fjárfestu virði, í skráðum hlutabréfum , ETFs, REITs og fyrirtækjaskuldabréfum úr 1,92°C (2019) í 1,70°C fyrir 2028.	Núverandi hitaskor 1,74 °C
	Landsbankinn hf. skuldbindur sig jafnframt til að samræma hitastigseinkunn eignasafns síns umfang 1+2+3 , vegið eftir fjárfestu virði, innan skráðra hlutabréfa, ETFs, REITs og fyrirtækjaskuldabréfa úr 1,96°C (2019) í 1,72°C fyrir 2028.	Núverandi hitaskor safnsins: 2,45°C

* Frá því að markmiðið var sett hefur orðið breyting á grunnaðferðafræðinni varðandi útreikning á losunarstuðlunum fyrir hita- og rafmagn. Áður var öll kolefnislosun frá jarðvarmavirkjunum reiknuð á raforkuframleiðsluna en ekkert á heita vatnið, en nú er það reiknað á bæði. Þá hefur einnig verið raforkuskortur á landinu síðustu árin sem hefur gert það að verkum að fjarvarmaveitur sem notuðust við skerðanlega raforku urðu fyrir skerðingu. Það orsakaði að þær þurftu að notast við jarðefnaeldsneyti fyrir starfsemina sína á meðan með tilheyrandi aukningu í losun. Gert er ráð fyrir að samskonar aðstæður verði í lágmarki í framtíðinni þar sem fjarvarmaveiturnar eru nú farnar að notast við forgangsorku sem felur ekki í sér sömu áhættu varðandi skerðingu. Nánar um [vísindalega staðfest markmið Landsbankans um samdrátt í losun](#).

Energy consumption and mix (E1-7)¹

Orkunotkun Landsbankans er á samstæðugrundvelli Landsbankans og Landsbréfa. Sjá töflu hér á til hliðar fyrir orkunotkun.

Heildarorkunotkun fyrir starfsemi og rekstur Landsbankans og Landsbréfa felst í raforku og heitu vatni til upphitunar húsnæðis auk eldsneytisnotkunar vegna eigin ökutækja.

Orkunotkunin er að mestu byggð á endurnýjanlegum orkugjöfum í samræmi við íslenska orkugjafa. Upplýsingar um orkunotkun og samsetningu hennar er sett fram í töflum hér til hliðar.

¹ Staðfest af Deloitte með nægjanlegri vissu.

Location-based	2024	2025
Energy consumption and mix (MWh)		
Fossil sources	259	217
Nuclear sources	0	0
Renewable sources	14.768	11.402
Total energy consumption	15.027	11.619
Share of fossil sources	1,7%	1,9%
Share of nuclear sources	0,0%	0,0%
Share of renewable sources	98,3%	98,1%

Market-based	2024	2025
Energy consumption and mix (MWh)		
Fossil sources	276	235
Nuclear sources	2	5
Renewable sources	14.748	11.379
Total energy consumption	15.027	11.619
Share of fossil sources	1,84%	2,02%
Share of nuclear sources	0,02%	0,04%
Share of renewable sources	98,15%	97,94%

Gross Scopes 1, 2, 3 GHG emissions (E1-8)¹

	2024	2025	% Change
Scope 1 GHG emissions			
Gross scope 1 GHG emissions (tCO ₂ eq)	67,9	57,0	-16,0%
a. Mobile combustion	67,9	55,1	-18,9%
b. Stationary combustion	0	1,9	+100,0%
Percentage of scope 1 GHG emissions from EU ETS (%)	0,0%	0,0%	
Scope 2 GHG emissions			
Gross location-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	74,3	80,2	+ 8,1%
Gross market-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	86,2	94,2	+ 9,3%
Significant scope 3 GHG emissions			
Total gross indirect (scope 3) GHG emissions (tCO ₂ eq)	378.630 [*]	387.796 ^{**}	+ 2,4%
1. Purchased goods and services	16,3	15,1	-7,0%
a. Cloud computing and data centre services	2,7	0,03	-98,8%
2. Capital goods	212,1	120,2	-43,3%
3. Fuel and energy-related activities (not included in scope 1 or scope 2)	23,7	25,0	+ 5,7%
5. Waste generated in operations	4,9	3,9	-20,1%
6. Business traveling	219,1	256,7	+ 17,1%
7. Employee commuting	256,9	230,9	-10,1%
15. Investments	377.897 [*]	387.144 ^{**}	+ 2,4%
Total GHG emissions			
Gross location-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	378.772 [*]	387.933 ^{**}	+ 2,4%
Gross market-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	378.784 [*]	387.947 ^{**}	+ 2,4%
Total GHG emissions w/o Investments			
Gross location-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	875,2	789,0	-9,8%
Gross market-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	887,1	803,0	-9,5%
Direct biogenic scope 1 emissions	5,2	4,9	-6,6%

^{*} Tölur sem fela í sér fjármagnaða losun samkvæmt aðferðarfræði PCAF sem eru staðfestar með takmarkaðri vissu af Deloitte. Nánar er gert grein fyrir fjármagnaðri losun á bls.53

^{**} Tölur sem fela í sér áætlun um fjármagnaða losun árið 2025, þær eru ekki staðfestar og byggja á áætlun. Sjá nánar á bls.53

¹Staðfest af Deloitte með nægjanlegri vissu.

Loftslagsbókhaldið er reiknað samkvæmt aðferðarfræði Greenhouse Gas Protocol (GHG) og undir það falla Landsbankinn og Landsbréf.

Bein losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1) Helstu kennistærðir fyrir beina losun má sjá í töflu hér til hliðar.

Undir beina losun telst eldsneytisnotkun bankans vegna eigin bifreiða. Upplýsingarnar eru fengnar úr bókhaldsupplýsingum jarðefnaeldsneytissöluaðila bankans. Kolefnislosun er reiknuð út frá losunarstuðlum Department for Environment, Food and Rural Affairs (DEFRA). Helstu kennistærðir fyrir óbeina losun má sjá í töflu hér til hliðar.

Undir óbeina losun í umfangi 2 fellur kaup á raforku og heitu vatni til upphitunar vegna húsnaðis á vegum bankans. Útreikningar kolefnislosunar taka mið af upplýsingum frá dreifiveitum og upplýsingum úr kerfum bankans. Frá upphafi árs hafa aðilar á Íslandi þurft að kaupa upprunaábyrgðir raforku til að hún teljist sem græn raforka. Landsbankinn kaupir upprunaábyrgðir fyrir alla sína raforku, að undanskildu dótturfélaginu Landsbréfum sem gera það ekki. Reiknast því markaðstengd losun Landsbréfa vegna raforku út frá losunarstuðli Orkustofnunar sem reiknar út uppruna raforku ásamt umhverfisáhrifum árlega og birta niðurstöðuna í staðlaðri yfirlýsingu.

Undir óbeina losu í umfangi 3 fellur öll losun bankans önnur en sú sem fellur undir umfang 2. Hér undir fellur öll óbein losun bankans önnur en sú sem fellur undir umfang 2. Þar með talin fjármögnuð losun sem er fjallað nánar um í PCAF kafla sjálfbærniuppgjörsins. Útreikningar á kolefnislosun vegna pappírnotkunar, gagnaflutnings, framleiðslu á eldsneyti, meðhöndlun úrgangs, leigubíla og hótलगistinga taka mið af losunarstuðlum DEFRA og Orkuveitu Reykjavíkur en gögnin eru ýmist uppruninn innan- og/eða utanhúss. Kolefnislosun vegna framleiðslu tölvubúnaðar tekur mið af mælingum á kolefnisspori viðkomandi tækja hjá framleiðendum.

Kolefnislosun vegna fráveitu tekur einnig mið af niðurstöðu úr spurningalista vegna heimavinnu. Miðað er við fjölda vinnustunda í húsnaði bankans og losunarstuðul Orkuveitu Reykjavíkur fyrir fráveitu.



Heimavinna og ferðir starfsfólks í og úr vinnu taka mið af spurningalistum sem lagðir voru fyrir starfsfólk bankans. Heimavinnan miðast við áætlaðan fjölda vinnustunda á ári og stöðugilda ásamt tækniupplýsingum viðkomandi vinnubúnaðar og losunarstuðul [Umhverfisstofnunar](#) fyrir raforku. Ferðir starfsfólks taka mið af losunarstuðlum [DEFRA](#) fyrir viðkomandi tegund fararmáta, ökutækis og orkugjafa.

Kolefnislosun vegna flugferða miðast við flugreikni atmosfair. Hann tekur tillit til tegund flugvélar, landfræðilegri staðsetningu flugleiða og mismunandi flughæð eftir lengd þeirra. Þá er einnig reiknað með auknum áhrifum kolefnislosunar í háloftunum.

Hér undir fellur öll óbein losun bankans önnur en sú sem fellur undir umfang 2.

Kolefnislosun vegna flugferða miðast við flugreikni atmosfair. Hann tekur tillit til tegund flugvélar, landfræðilegri staðsetningu flugleiða og mismunandi flughæð eftir lengd þeirra. Þá er einnig reiknað með auknum áhrifum kolefnislosunar í háloftunum.

Upplýsingar um losun í umfangi 3 ná einungis til hluta virðisdeðjunnar. Innan flokks 1 og 2 er aðeins greint frá völdum þáttum og endurspegla birtar tölur því ekki heildarlosun. Dreifing á milli flokka í óbeinni losun er eftirfarandi:

Flokkur 1 (e. purchased goods and services). Dreifing neysluvatns, pappírnotkun og gagnaflutningur. Flokkur 2 (e. Capital goods). Framleiðsla tölvubúnaðar. Flokkur 3 (e. fuel and energy-related activities). Dreifing raforku, dreifing hitaveituvatns og framleiðsla eldsneytis. Flokkur 5 (e. Waste generated in operations). Meðhöndlun úrgangs og fráveita. Flokkur 6 (e. business traveling). Flug, leigubílar og hótलगisting. Flokkur 7 (e. employee commuting). Ferðir starfsfólks til og frá vinnu ásamt heimavinnu. Flokkur 15. (Investments). Fjármögnuð losun samkvæmt PCAF.

GHG removals and GHG mitigation projects financed through carbon credits (E1-9)¹

Landsbankinn kolefnisjafnar starfsemi bankans (umfang 1, 2 og 3 en ekki fjármagnaða losun) í gegnum alþjóðlega vottuð verkefni sem eru viðurkennd af International Carbon Reduction and Offset Alliance (ICROA) og kolefnisbinding (e. removal) hefur þegar átt sér stað. Landsbankinn hefur verið CarbonNeutral® fyrirtæki frá því árið 2020 að því meðtöldu.

¹Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

Fyrir árið 2025 voru keypt 951 tCO₂i til að kolefnisjafna starfsemi bankans (ekki fjármagnaða losun) og voru þessar einingar allar í bindingarverkefnum í skógrækt. Landsbankinn kaupir eingöngu kolefniseiningar þar sem binding hefur þegar átt sér stað og verkefnið hlotið alþjóðlega vottun og verið viðurkennt af ICROA. Leki sem gæti átt sér stað í verkefni er skilgreindur og vaktaður af verkefnaeigendum og staðfest í gegnum vottun verkefnisins. Engin afturför (e. *reversals*) var tilkynnt á skýrslutímabilinu í tengslum við kolefniseiningar Landsbankans.

Landsbankinn mun halda áfram að viðhalda CarbonNeutral® vottun sinni fyrir losun frá starfsemi bankans eða kolefnisjafna starfsemina með öðrum kolefniseiningum sem eru með samiburðahæfa vottun og viðurkennd af ICROA. Magnið er ekki ákveðið en áætlun er gerð í upphafi hvers árs út frá losun ársins á undan og keyptar einingar í samræmi við áætlunina. Þegar loftslagsbókhaldið er gert upp þá kemur í ljós hvort inneign sé til staðar eða skuld sem er þá gerð upp en undanfarin sex ár hefur litlu skeikað um áramót.

Stuðningur framlengdur til Katla Carbon

Á árinu framlengdi Landsbankinn stuðning sinn til verkefnisins Katla Carbon (áður SoGreen) með nýjum samningi til fimm ára. Bankinn kaupir fyrirfram framleiddar kolefniseiningar til að styðja við menntun stúlkna í Afríku. Katla Carbon styður við sjálfbærnimarkmið bankans sen byggja á heimsmarkmiðum 5 um jafnrétti kynjanna og markmiði 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Gert er ráð fyrir að koma í veg fyrir 21.896 tonn af losun á næstu árum með þessu verkefni.

Internal carbon pricing (E1-10)

Landsbankinn er ekki með innra kolefnisverð og getur því ekki upplýst um tegund þess, verðbil eða notkun.

Anticipated financial effects from material physical and transition risks and potential climate-related opportunities (E1-11)

Landsbankinn hefur ekki metið eða greint fjárhagsleg áhrif raunlægrar- eða umbreytingaráhættu, né mögulegra loftslagstengdra tækifæra, á skýrslutímabilinu. Nánari upplýsingar um mat og stýringu á sjálfbærniáhættu er að finna í Áhættuskýrslu bankans.

Own workforce (S1)

Policies related to own workforce (S1-1)¹

Landsbankinn er eftirsóttur vinnustaður og leggur áherslu á að skapa skemmtilegt vinnuumhverfi þar sem heilbrigð liðsheild þrífst við jákvæða og árangursdrifna menningu. Bankanum er umhugað um velferð og vellíðan starfsfólks og lagt er upp úr gagnkvæmu trausti og sveigjanleika þar sem þarfir einkalífs og vinnu fara saman. Þekking, metnaður og kraftur starfsfólks er lykillinn að traustum banka fyrir farsæla framtíð.

Í bankanum er lögð áherslu á jafnrétti og fjölbreytni. Á vinnustaðnum er hver einstaklingur metinn að verðleikum og skal hafa jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsþróunar. Hvers konar mismunun, bein eða óbein, vegna kyns, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðana, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar verður ekki liðin. Bankinn vinnur gegn staðalímyndum, fordómum og hlutdrægni, bæði meðvitaðri og ómeðvitaðri, meðal annars í markaðs- og kynningarefni þar sem horft er til jafnréttis og inngildingar.

Stefnur bankans sem tengjast mannauði gilda um allt starfsfólk bankans hvort sem um ræðir fastráðningu, hlutastarf, tímabundnar ráðningar eða starfsnema. Þær ná einnig til þeirra sem vinna fyrir bankann á grundvelli samnings um ráðningarmiðlun eða sambærilegs samstarfs nema annað sé tekið fram. Stefnurnar byggja á alþjóðlegum viðmiðum og skuldbindingum bankans, þar á meðal leiðbeinandi reglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi (UN Guiding Principles on Business and Human Rights) og grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO Core Conventions). Þeim er miðlað til starfsfólks við ráðningu, við innleiðingu nýs starfsfólks og í fræðslu og endurmenntun á starfsferlinum. Bankinn fylgist reglulega með árangri og framkvæmd stefnanna með könnunum á starfsánægju og upplifun starfsfólks, jafnlaunaúttektum, greiningu á starfsmannaveltu, hlutfalli kynja á stjórnunarstigum og öðrum lykilmælikvörðum sem endurspeгла mannauð og velferð. Framkvæmdastjórn og mannauðsstjóri bera sameiginlega ábyrgð á að tryggja að stefnunum sé framfylgt, að þær séu rýndar að lágmarki þriðja hvert ár og að niðurstöður slíkra endurskoðana

séu nýttar til umbóta. Landsbankinn tryggir að starfsfólk hafi aðgang að öruggum kvörtunar- og ábendingaleiðum, bæði vegna málefna sem varða einelti, kynbundna eða kynferðislega áreitni og ofbeldi samkvæmt EKKO-viðmiðum bankans, og vegna annarra starfstengdra álitamála eða samskiptavanda. Allar ábendingar eru teknar alvarlega, meðhöndlaðar í trúnaði og án mismununar, og vernd gegn hefnd er tryggð í samræmi við stefnu bankans um heilbriggt og öruggt vinnuumhverfi.

Mannauðsstefna

Mannauðsstefnan skilgreinir áhersluatriði í aðbúnaði, samskiptum og menningu bankans sem og ábyrgð og hlutverk stjórnenda og starfsfólks í málefnum sem varða jafnrétti og fjölbreytni. Bankastjóri er eigandi stefnunnar og mannauðsstjóri ber ábyrgð á innleiðingu hennar gagnvart bankastjóra. Stjórnendur og starfsfólk bankans bera ábyrgð á að framfylgja stefnunni. Framkvæmdastjórn samþykkir hana og rýnir að lágmarki þriðja hvert ár.

Í mannauðsstefnunni kemur einnig fram að Landsbankinn greiðir starfsfólki jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf. Markmið jafnlaunakerfisins er að tryggja að konur og karlar fái jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf. Laun og önnur starfskjör byggja á málefnalegum forsendum og endurspeгла ábyrgð, hæfni, árangur og frammistöðu starfsfólks. Bankinn fylgir íslenska staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi og skuldbindur sig til að setja sér jafnlaunamarkmið og framkvæma árlega innri og ytri úttektir ásamt launagreiningu til að tryggja jafnræði og sanngirni í launakerfi bankans. Starfsfólki Landsbankans eru greidd jöfn og sanngjörn laun í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög, og bankinn tryggir að allt starfsfólk njóti kjara sem uppfylla viðmið um mannsæmandi afkomu og eðlileg starfskjör.

Frekari upplýsingar um framkvæmd jafnlaunamarkmiða og niðurstöður launagreininga má finna í mannauðsstefnunni.

¹ Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

EKKO, forvarnar- og viðbragðsáætlun

Landsbankinn leggur áherslu á að skapa umhverfi þar sem starfsfólk upplifir sig öruggt og líði vel. Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni sem og annað ofbeldi (EKKO) er undir engum kringumstæðum umborið og allar ábendingar um slíkt eru teknar alvarlega. Í EKKO-viðmiðum bankans er skilgreint að einelti sé síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Kynbundin áreitni eða ofbeldi er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi eða skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. Ofbeldi er hvers kyns hegðun sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga, þvingunar eða handahófskenndrar sviptingar frelsis.

Bankinn hefur skýra viðbragðsáætlun vegna EKKO-mála. Viðbrögð geta farið fram eftir formlegri eða óformlegri málameðferð eftir eðli máls. Í formlegri meðferð fer fram tilkynning, hlutlaus athugun fagaðila, upplýsingasöfnun og greining, úrvinnsla og niðurstaða og loks eftirfylgni. Í óformlegri málameðferð fer fram viðrun eða samtal, greining atviks, stuðningur eða ráðgjöf við málssaðila, inngrip ef óskað er eftir því og eftirfylgni. Starfsfólk getur leitað til stjórnanda, Mannauðs eða milliliðalaust til Vinnuverndar á netfangið tilkynningar@vinnuverd.is.

Starfskjarastefna

Markmið [starfskjarastefnu](#) bankans er að gera starf hjá bankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjör stjórnenda og annars starfsfólks skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Laun og önnur hlunnindi skulu vera einföld og gagnsæ eins og kostur er. Starfskjaranefnd bankans er leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans og bankinn gerir grein fyrir kjörum bankaráðsmanna, bankastjóra og

framkvæmdastjóra í ársreikningi sínum.

Engagement with own workforce and workers' representatives, existence of channels for own workforce to raise concerns or needs and approaches for remedy (S1-2)

Vinnustaðagreiningar

Vinnustaðagreining er lögð fyrir þrisvar til fjórum sinnum á ári. Niðurstöður vinnustaðagreiningar eru ekki persónurekjanlegar og birtast niðurstöður ekki fyrir teymi með færri en fjögur svör. Starfsfólk getur komið með ábendingar (skrifað texta) í lok könnunar. Ábendingar eru aðgengilegar Mannauði. Einnig hafa stjórnendur aðgang að ábendingum eigin sviða. Þegar niðurstöður vinnustaðagreiningar liggja fyrir fer Mannauður yfir niðurstöðurnar og stjórnendur sjá um að kynna þær fyrir sínu starfsfólki til að styðja við eignarhald á niðurstöðum. Mannauður stígur inn í af eigin frumkvæði og/eða ef stjórnendum finnst þörf á úrbættum. Mannauðsstjóri er ábyrgur fyrir vinnustaðagreiningunum.

Nafnlausar ábendingar til Mannauðs

Starfsfólk getur einnig komið ábendingum nafnlaust til Mannauðs, sjá nánari umfjöllun um meðhöndlun EKKO-mála í S1-3.

Trúnaðarmenn FSLÍ & SSF

Í svo umfangsmikilli starfsemi sem Landsbankinn rekur er nauðsynlegt að starfsfólk hafi tækifæri til að koma fyrirspurnum og umkvörtunarefnum sínum á framfæri á einfaldan máta ef því ber undir.

SSF og FSLÍ hafa tengilið sem kallast trúnaðarmaður á öllum starfsstöðvum til að ná til allra félagsmanna sinna. Lítið er á trúnaðarmanninn sem einn mikilvægasta hlekkinn í allri félagsstarfseminni. Trúnaðarmaður gætir þess að kjarasamningar séu haldnir og réttur starfsfólks sé virtur í hvívetna, einkum orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhættir. Trúnaðarmaður gerir sitt besta til þess að skapa og viðhalda góðri samvinnu innan fyrirtækis og leitast við að leysa hugsanleg ágreiningsefni.

Actions and resources related to own workforce (S1-3)

Landsbankinn leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður sem einkennist af trausti, fagmennsku og jöfnum tækifærum fyrir allt starfsfólk. Velferð, jafnrétti og sveigjanleiki eru grunnforsendur árangurs og hluti af heildstæðri nálgun til að stuðla að því að mannauðurinn njóti stuðnings og hafi tækifæri til að vaxa í starfi.

Jafnrétti og fjölbreytni

Jafnrétti og fjölbreytni eru kjarninn í mannauðsstefnu Landsbankans. Stefnt er að því að allt starfsfólk, óháð kyni eða öðrum persónubundnum þáttum, hafi jafnan aðgang að tækifærum og réttindum og sé metið að verðleikum. Bankinn fylgir jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og hefur gilda jafnlaunavottun til ársins 2026. Árlega er framkvæmd aðhvarfsgreining á launamun kynjanna og úttekt óháðs vottunaraðila. Markmiðið er að viðhalda jöfnum launum og jöfnum kjörum fyrir jafnverðmæt störf og stuðla að jöfnum kynjahlutföllum í stjórnunarstöðum í hlutfallinu 40/60. Með jafnréttisáætlun eru sett fram mælanleg markmið, ábyrgð og tímarammar sem framkvæmdastjórn og mannauðsstjóri fylgja eftir. Nánar má lesa um launamun kynjanna í S1-4.

Velferð og öryggi

Landsbankinn leggur áherslu á heilsuefandi vinnustað og öryggi starfsfólks. Samstarf við Vinnuvernd felur í sér heilsufarsmat, sálfræðiaðstoð, fræðslu og ráðgjöf fyrir stjórnendur og starfsfólk. Starfsfólk á rétt á tveimur sálfræðitímum á hverju 12 mánaða tímabili sér að kostnaðarlausu og getur einnig leitað beint til Vinnuverndar vegna áfalla eða áreitni. Með þessum úrræðum er stuðlað að andlegri og líkamlegri vellíðan og góðu starfsumhverfi.

Einelti, kynbundin eða kynferðisleg áreitni og ofbeldi eru ekki liðin innan Landsbankans. Bankinn starfar eftir forvarnar- og viðbragðsáætlun sem stuðlar að öruggu starfsumhverfi og skýrum verkferlum. Allar ábendingar um EKKO-mál (einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi) eru teknar alvarlega og viðbrögð við ábendingum eiga sér stað innan fimm virkra daga. Starfsfólk getur tilkynnt mál bæði formlega og óformlega, og trúnaður er ávallt tryggður. Vinnuferlið felur í sér móttöku máls, hlutlausa athugun, úrvinnslu og eftirfylgni. Vinnuvernd veitir ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum, m.a. í formi handleiðslu samtalsmeðferðar.

Þjálfun stjórnenda í sálrænni skyndihjálp og fræðsla fyrir starfsfólk eru reglulegur hluti forvarna og nýtt starfsfólk fær kynningu á málefnum í rafrænu fræðslukerfi. Mannauður fylgist með framvindu mála og leggur fyrir spurningar um EKKO í vinnustaðagreiningu til að viðhalda stöðugum umbótum.

Fræðsla og starfsþróun

Fræðsla og starfsþróun eru lykilstoðir í mannauðsstefnu Landsbankans. Bankinn leggur áherslu á að fræðsla sé aðgengileg, fjölbreytt og markviss til að styrkja fagmennsku og framtíðarfærni starfsfólks. Allt starfsfólk hefur aðgang að rafrænu fræðslukerfi, Torginu, þar sem það getur skráð sig á námskeið, sótt rafræna fræðslu og fylgst með eigin framvindu. Fræðslustarf nær til starfstengdrar færni, persónulegrar færni og skyldufræðslu sem tengist lagalegum eða innri kröfum, áhættumati eða úttektarkröfu frá eftirlitsaðilum. Þátttaka er mæld og fylgt eftir af stjórnendum, og markmiðið er að 95% starfsfólks ljúki hverri skyldufræðslu og að meðaltalsþátttaka yfir árið sé 90%. Fræðsla og starfsþróun styðja við ánægju, fagmennsku og hæfni starfsfólks. Meðaltalsþátttaka í skyldufræðslu á árinu 2025 var 98%. Árangur skyldufræðslu er metinn með því að bera saman niðurstöður tölfræði á milli ára, t.d. varðandi tíðni EKKO-tilfella.

Nýjustu niðurstöður vinnustaðagreiningar 2025 sýna að starfsfólk er mjög ánægt með vinnustaðinn og upplifir sterk tækifæri til þróunar og vaxtar. Bankinn leggur fyrir fjórar vinnustaðagreiningar á ári, þrjár styttri og eina ítarlega Q12 könnun. Þátttaka í könnuninni í september 2025 var 89% og heildaránægja 4,49 – ein hæsta niðurstaða frá upphafi mælinga. Spurningin um tækifæri til að læra og vaxa í starfi hækkaði úr 4,19 í 4,34, sem endurspeglar að starfsfólki þyki fræðsluframboðið gott. 95% starfsfólks eru á heildina litið ánægt með vinnustaðinn og jafn stórt hlutfall upplifir að stjórnandi eða samstarfsfólk beri umhyggju fyrir þeim sem einstaklingi. 84% upplifa að þau hafi tækifæri í vinnunni til að læra og vaxa, 94% upplifa að þau ná árangri í verkefnum sínum og 95% finna fyrir jákvæðri umhyggju í samskiptum á vinnustaðnum. Þrátt fyrir sterkar niðurstöður eru tækifæri til úrbóta í þáttum sem snúa að hrósi og endurgjöf.

Framkvæmd og eftirfylgni

Framkvæmdastjórn og Mannauður fylgjast reglulega með framvindu aðgerða sem snúa að mannauðsmálum og jafnrétti. Árlega er gerð samantekt á stöðu mannauðsaðgerða, þar á meðal niðurstöðum vinnustaðagreininga, mælingum á fræðsluþátttöku, launajafnrétti, kynjahlutföllum, fjarverutölum og upplýsingum um EKKO-mál. Niðurstöður eru nýttar til að endurskoða aðgerðir og bæta stefnu í samræmi við þróun starfsumhverfisins og árangurinn birtist opinberlega í árlegri ársskýrslu bankans.

Landsbankinn hefur þannig mótað heildstætt kerfi stefna, aðgerða og mælinga sem samþættir jafnrétti, velferð, öryggi og starfsþróun í daglegan rekstur. Með samstarfi við fagaðila, markvissri fræðslu og stöðugri eftirfylgni stuðlar bankinn að vinnustaðarmenningu sem byggir á virðingu, trausti og jöfnum tækifærum fyrir allt starfsfólk.

Targets related to own workforce (S1-4)

Landsbankinn hefur sett sér mælanleg og skýr markmið tengd eigin starfsfólki sem styðja við heildarstefnu bankans um jafnrétti, fjölbreytni, starfsþróun og velferð. Markmiðin endurspegla þá sannfæringu að mannauðurinn sé lykilforsenda árangurs og að velgengni bankans byggir á því að starfsfólk hafi jöfn tækifæri, upplifi öryggi og fái tækifæri til að þróast í starfi.

Markmið og mælikvarðar

Í jafnréttisáætlun bankans kemur fram að stefnt sé að jöfnum kynjahlutföllum í stjórnunarstöðum, innan 40/60 hlutfalls og að enginn kynbundinn launamunur verði til staðar. Árlega er framkvæmd aðhvarfsgreining á launamun kynja og jafnlaunavottun viðhaldið samkvæmt staðlinum ÍST 85:2012. Markmiðið er að viðhalda vottun og endurnýja hana við lok hvers vottunartímabils. Með þessu er stuðlað að faglegum vinnubrögðum og að jafnlaunakerfi bankans sé traust og gagnsætt. Launamunur kynjanna mældist 1,1% í september 2025, konum í

óhag (markmiðið er 0% en þó aldrei meira en 2,5%). Kynjahlutföll í stjórnunarstöðum árið 2025 voru innan 40/60 hlutfalls og sjá má nánar í [S1-8](#) kafla.

Árangur og eftirfylgni

Markmið bankans eru sett og endurskoðuð í samráði við starfsfólk. Þátttaka starfsfólks í árlegum vinnustaðagreiningum, í vinnuhópi um jafnréttismál og gegnum starfsmannafélög veitir mikilvæga innsýn í stöðu og væntingar starfsfólks. Niðurstöður þessara samráðsferla eru nýttar til að meta árangur og til að betrumbæta stefnu og markmið í mannauðsmálum.

Framvinda markmiða er rýnd árlega af Mannauði og framkvæmdastjórn. Mælikvarðar á borð við kynjahlutföll, fræðsluþátttöku, fjarveru, niðurstöður vinnustaðagreininga og árangur EKKO-forvarna eru notaðir til að fylgjast með stöðu og umbótum. Þar sem við á eru markmið endurskoðuð eða hækkuð í samræmi við þróun og viðhorf starfsfólks.

Með því að setja skýr markmið og fylgja þeim eftir með reglulegri þátttöku starfsfólks og gagnsæi í árangursmælingum stuðlar Landsbankinn að umbótamenningu þar sem velferð, jafnrétti og starfsþróun eru í brennidepli. Markmið bankans endurspegla heildstæða stefnu þar sem mannauðurinn er í forgrunni og stöðug framþróun er sameiginlegt markmið starfsfólks og stjórnenda.

Tíðni EKKO tilfella Niðurstöður EKKO-könnunar hér að neðan sýna það hlutfall starfsfólks sem varð fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og/eða ofbeldi á árinu, en markmið bankans eru að tilfelli séu 0:

*Niðurstöður sýna dæmi um að starfsfólk hafi upplifað EKKO-atvik árið 2025. Sum atvikanna sem koma fram í vinnustaðagreiningu voru tilkynnt til Mannauðs eða Vinnuverndar og voru þau afgreidd með viðeigandi hætti, en ekkert formlegt ferli var sett af stað í samræmi við óskir þeirra sem tilkynntu.

Characteristics of the undertaking’s employees (S1-5)¹

Við miðlun upplýsinga um fjölda starfsfólks Landsbankans er litið til alls starfsfólks sem er með ráðningarsamband við bankann. Ekki eru sýnd önnur kyn en karl og kona þar sem of fátt starfsfólk fellur í aðra flokka til að upplýsingar teljist almennar. Miðað er við að fimm eða fleira starfsfólk af sama kyni þurfi að vera í hverjum flokki til þess að upplýsingar um flokkinn séu birtar.

Allar tölur um starfsfólk í sjálfbærnisráðgjöf Landsbankans eiga við um starfsfólk Landsbankans hf. en ekki samstæðunnar. Eingöngu loftslagsbókhaldið er gert fyrir Landsbankann og Landsbréf. Nánar er fjallað um mannauðstöður og aðrar sjálfbærniupplýsingar TM í viðauka.

Landsbankinn telur Ísland vera starfssvæði sitt og starfar því eingöngu á einu svæði.

Starfsmannavelta - öll störf	2025	2024	2023
Konur <30	1.15%	1.41%	0.82%
Karlar <30	1.49%	1.29%	1.29%
Konur 30-50	1.15%	1.41%	1.88%
Karlar 30-50	1.84%	1.52%	1.41%
Konur >50	3.45%	1.99%	2.58%
Karlar >50	0.80%	1.29%	1.17%
Samtals	9.89%	8.91%	9.15%


¹Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

Tegund ráðningar	2025	2024	2023
Fastráðið starfsfólk (fjöldi)	808	779	769
Konur	440	428	423
Karlar	368	351	346
Lausráðið starfsfólk (fjöldi)	72	81	76
Konur	45	47	39
Karlar	27	34	37
Starfsfólk í fullu starfi (fjöldi)	801	757	742
Konur	421	394	379
Karlar	380	363	363
Starfsfólk í hlutastarfi (fjöldi)	79	103	103
Konur	64	81	83
Karlar	15	22	20

Characteristics of non-employees in the undertaking's own workforce (S1-6)¹

Með vinnuafli sem er ekki starfsfólk er átt við verktaka sem starfa fyrir Landsbankann á tímabilinu. Verktakar gegna tímabundnum trúnaðar- og/eða sérfræðistörfum fyrir bankann. Við talningu á verktökum ársins er notast við trúnaðaryfirlýsingar verktaka á árinu 2025 og tölurnar gefa því til kynna fjölda verktaka á árinu en ekki ársverk.

¹Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.




Diversity metrics (S1-8)¹

Starfaflokkun Landsbankans var uppfærð árið 2024 og hér er hlutfall kynja sýnt niður á starfaflokkum í bankanum. Bankastjóri er ekki hluti af þessum starfaflokkum. **Nánari lýsing á starfaflokkum:** Um er að ræða sex starfajölskyldur sem innihalda á bilinu 2–7 starfaflokka hver, en alls eru starfaflokkarnir 17 talsins. Þeir þættir sem horft er til við skilgreiningu starfajölskyldna eru þættirnir sem mynda grunn að verðmæti starfa, t.d. kröfur sem starf gerir til starfsfólks með tilliti til ábyrgðar, þekkingar og hæfni. Starfaflokkarnir okkar byggja á eftirfarandi breytum:

- **Þekking** – starfsreynsla og menntun
- **Umfang starfs** – samskiptahæfni og flækjustig verkefna
- **Ábyrgð** – stjórnunarleg ábyrgð og ábyrgð á verðmætum
- **Álag**

¹Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

S1-8 Diversity metrics



* Bankastjóri er með í tölum um framkvæmdastjóra.

Adequate wages (S1-9)

Landsbankinn greiðir starfsfólki jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf. Laun og önnur starfskjör byggja á málefnalegum forsendum og endurspegla ábyrgð, hæfni, árangur og frammistöðu starfsfólks. Bankinn fylgir íslenska staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi og skuldbindur sig til að setja sér jafnlaunamarkmið og framkvæma árlega innri og ytri úttektir ásamt launagreiningu til að tryggja jafnræði og sanngirni í launakerfi bankans. Starfsfólki Landsbankans eru greidd jöfn og sanngjörn laun í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög og bankinn tryggir að allt starfsfólk njóti kjara sem uppfylla viðmið um mannsæmandi afkomu og eðlileg starfskjör. Frekari upplýsingar um framkvæmd jafnlaunastefnunnar og niðurstöður launagreininga má finna í mannauðsstefnu Landsbankans.

Frekari upplýsingar um framkvæmd jafnlaunamarkmiða og niðurstöður launagreininga má finna í [mannauðsstefnunni](#).

Social protection (S1-10)

- **Veikindaréttur (á vegum bankans):** Upplýsingar á SSF [Kjarasamningur SSF og SA - 1. febrúar 2024 - 1. febrúar 2028](#). Mismunandi eftir starfsaldri. Samkomulag milli stéttarfélags og vinnuveitanda.
- **Atvinnuleysi/atvinnuleysisbætur (á vegum ríkisins):** Upplýsingar á [Atvinnuleysisbætur | Ísland.is](#).
- **Vinnuslys (í gegnum Sjúkratryggingar, á vegum ríkisins):** Bankinn greiðir gjald til Sjúkratrygginga. Allt starfsfólk er tryggt fyrir dauða og varanlegri örorku af völdum slyss allan sólarhringinn. Það er skylda bankans að vátryggja fólk með þessum hætti.
- **Fæðingarorlof:** Allir eiga rétt á launum í fæðingarorlofi skv. lögum. Fæðingarorlof er á vegum ríkis og vinnuveitanda og starfsfólki eiga að vera tryggð 80% laun í fæðingarorlofi. Bankinn greiðir á móti ríkinu. Sameiginlegt 12 mánuðir eða 6 mánuðir hvort en hægt að framselja 1,5 mánuð milli aðila. Upplýsingar á [faedingarorlof.is](#).
- **Starfslok vegna aldurs:** Starfsfólk sem hættir vegna aldurs fær starfslokagreiðslu skv. ráðningasamningi (á vegum bankans).
- **Lífeyrir:** Skylt er skv. lögum að greiða í lífeyrissjóð (bæði starfsfólk og vinnuveitandi samtals 15%). Þá getur starfsfólk safnað í séreign allt að 4% og 2% á móti frá vinnuveitanda.

Training and skills development metrics (S1-12)¹

Eftir öfluga uppbyggingu fræðslustarfs undanfarin ár var meðvitað lagt upp með minna framboð fræðslu en áður. Á móti var lengri námskeiðum fjölgað og vinsælar vinnustofur endurteknar vegna mikillar aðsóknar. Framboðið spannaði áfram sérhæfða, starfstengda færni, persónulega færni og allt þar á milli. Form fræðslunnar var fjölbreytt og byggði á stuttum fyrirlestrum, vinnustofum, námskeiðum og rafrænni fræðslu.

Fræðsluáætlanir eru unnar í samræmi við stefnu, lykilmarkmið og viðskiptaáætlanir bankans og miða að því að mæta raunverulegum þörfum í starfsemi og rekstri. Við leggjum áherslu á að aðlaga fræðslu að síbreytilegu starfsumhverfi og vaxandi þörf fyrir nýja færni. Árið 2025 voru samtals 71 viðburður á dagskrá sem falla undir valkvæða fræðslu, 38 á vorönn og 33 á haustönn. Í heildina voru haldnir 128 viðburðir en þá eru meðtaldir viðburðir sem haldnir voru oftár en einu sinni.

Þegar litið er til fjölda fræðslustunda per einstakling sótti starfsfólk að meðaltali 11,9 klukkustundir í fræðslu á árinu. Sé litið til kynjaskiptingar sóttu konur að meðaltali 13,8 klukkustundir í fræðslu en karlar 9,6 klukkustundir.

¹Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

	Heildarhlutfall (%)	Konur (%)	Karlar (%)
Frammistöðusamtöl	79%	Ekki til upplýsingar	Ekki til upplýsingar

Yfirlit fræðsluviðburða	Fjöldi
Einstaka fræðsluviðburðir	71
Heildarfjöldi viðburða	128

Meðalfjöldi fræðslustunda	Klukkustundir
Meðaltal per einstakling	11,9
Konur	13,8
Karlar	9,6

Work-life balance metrics (S1-14)¹

Allt starfsfólk á rétt á fæðingarorlofi samkvæmt lögum. Hér að neðan er greint frá þeim fjölda sem gátu tekið fæðingarorlof, það hlutfall sem fór í fæðingarorlof og hlutfall þeirra sem sneru til baka til vinnu eftir fæðingarorlof og voru enn í starfi ári eftir.

¹Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

Fæðingarorlof	2025	2024	2023
Fjöldi starfsfólks sem á rétt á fæðingarorlofi*	63	62	54
Konur	29	29	20
Karlar	34	33	34
Fjöldi sem fór í fæðingarorlof		59	53
Konur	29	29	20
Karlar	34	30	33
Hlutfall þeirra sem fóru í fæðingarorlof			
Konur	100.0%	100.0%	100.0%
Karlar	100.0%	91.0%	97.0%
Fjöldi starfsfólks sem sneri aftur til vinnu eftir fæðingarorlof*	57	57	51
Konur	28	28	20
Karlar	29	29	31
Fjöldi starfsfólks sem sneri aftur til starfa eftir fæðingarorlof og var enn við störf 12 mánuðum seinna	47	52	54
Konur	19	22	22
Karlar	28	30	32
Fjöldi starfsfólks sem sneri ekki aftur til starfa eftir fæðingarorlof	5	2	2
Konur	1	1	
Karlar	4	1	2
Hlutfall starfsfólks sem sneri aftur til starfa			
Konur	96.5%	95.0%	83.3%
Karlar	96.7%	93.9%	77.5%
Retention rate (í starfi 12 mån. eftir fæðingarorlof)			
Konur	96.5%	95.0%	95.7%
Karlar	86.7%	90.3%	86.5%


* Á Íslandi nær réttur til fæðingarorlofs yfir tvö ár þannig að í töflunum sýna tölur ársins 2025 rétt vegna barna fæddra á bilinu 2023–2025, árið 2024 sýnir rétt vegna barna fæddra á bilinu 2022–2024 og árið 2023 sýnir rétt vegna barna fæddra á bilinu 2021–2023.

Remuneration metrics (S1-15)¹

Laun allra miðað við 100% starfshlutfall. Tekið er miðgildi af launum fyrir hverja starfajölskyldu og borið saman eftir starfi og kyni.

¹ Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

Hlutfall launa kvenna af launum karla



Incidents of discrimination and other human rights incidents (S1-16)

Mælikvarði	Niðurstaða
Fjöldi tilvika mismununar	Engin tilvik mismununar hafa átt sér stað. Sjá nánar undir Sjálfbærnimarkmið.
Fjöldi mannréttindabrota	Engin mannréttindabrot eða tengd atvik hafa átt sér stað.
Heildarfjárhæð sekta, sáttagreiðslna og bóta	Engar sektir, sáttagreiðslur eða bætur greiddar vegna mannréttindabrota, enda ekki um nein mannréttindabrot að ræða.

Business conduct (G1)

Policies related to business conduct (G1-1)¹

Háttsemissstefna

Markmið [háttsemissstefnu](#) bankans er draga úr háttsemiss- og hlítingaráhættu með því að uppfylla þær kröfur og væntingar sem eru gerðar til bankans og fyrirbyggja fjárhagsleg og ófjárhagsleg tjón sem óviðeigandi háttsemi getur haft í för með sér. Stefnan gildir um allt starfsfólk Landsbankans.

Brot á reglum og önnur óviðeigandi háttsemi eru alltaf tekin alvarlega, enda geta þau valdið miklu tjóni fyrir viðskiptavinum, bankann og aðra hagaðila. Allir geta gert mistök og bankinn tekur á slíkum málum af sanngirni samkvæmt viðurlagaferli bankans, en ítrekuð eða alvarleg brot varða brottrekstri. Mannauður viðheldur sérstöku viðurlagaferli í samræmi við þetta.

Bankinn beitir áhættumiðaðri nálgun til að draga úr háttsemiss- og hlítingaráhættu og metur reglulega þá áhættu sem hefur verið greind og skilvirkni þeirra aðferða sem notast er við til að verjast slíkri áhættu. Eftirfarandi þættir hafa verið metnir mikilvægastir til að draga úr háttsemiss- og hlítingaráhættu:

- Áhættumenning
- Innra regluverk, fræðsla og ráðgjöf
- Innra eftirlit
- Tilkynningar um frávik og grunsemdir
- Samskipti við stjórnvöld

Bankaráð ber ábyrgð á starfsemi bankans og stjórnháttum og því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits. Það er á ábyrgð bankastjóra að sjá til þess að þessi stefna sé virt og innleidd með viðeigandi reglum og verklagi.

Stjórnendur bankans bera ábyrgð á að starfsemi þeirra eininga samræmist þessari stefnu. Stjórnendur leiða með góðu fordæmi, eru á varðbergi fyrir áhættu í rekstrinum og grípa til viðeigandi ráðstafana til að bregðast við frávikum og greindum veikleikum. Stjórnendur bera

ábyrgð á að starfsfólk þeirra sé hæft til að sinna störfum sínum og þekki þær kröfur og áhættur sem fylgir starfinu.

Starfsfólk ber ábyrgð á eigin hæfi og háttsemi og ber að tilkynna um mistök og grunsemdir.

Regluvörður ber ábyrgð á annars stigs eftirliti með þessari stefnu. Persónuverndarfulltrúi fylgist með að farið sé að áherslum bankans í persónuverndarmálum. Regluvörður og persónuverndarfulltrúi veita bankaráði, áhættunefnd og framkvæmdastjórn reglulega upplýsingar um störf sín samkvæmt þessari stefnu, að lágmarki árlega. Bankaráð tekur afstöðu til athugasemda og fylgir eftir að gripið sé til ráðstafana, eftir því sem tilefni er til.

Reglur um vernd upplýstrara

Þá er bankinn með sérstakar [reglur um vernd upplýstrara](#) sem byggja á íslenskum lögum og tilskipun ESB nr. 2019/1937. Þessum reglum er ætlað að stuðla að því að fólk komi á framfæri upplýsingum um hugsanlegt misferli í starfsemi Landsbankans, með því að bjóða upp á skilvirk úrræði til að koma slíkum upplýsingum á framfæri og styðja og vernda þá sem gera slíkt í góðri trú. Markmið reglnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir viðskiptavinum, samfélagið, bankann og aðra hagaðila. Reglurnar gilda um allt starfsfólk.

Meginreglan er sú að starfsfólki Landsbankans er skylt að koma á framfæri upplýsingum um hugsanlegt misferli sem þau kunna að verða vör við í starfsemi Landsbankans. Aðili sem upplýstrar í samræmi við lög nýtur sérstakrar verndar frá óréttlátri meðferð sem rekja má til upplýstrunar. Til að njóta verndar þarf upplýstrun að vera gerð í góðri trú og með þeim hætti sem lýst er í lögnum og þessum reglum. Með góðri trú er átt við að viðkomandi hafi réttmæta ástæðu til að telja upplýsingarnar réttar þegar þær voru veittar.

Landsbankinn hvetur fólk til að koma upplýsingum um hugsanlegt misferli á framfæri við regluvörð og/ eða innri endurskoðanda bankans, sem kallast innri upplýstrun. Einnig er heimilt að koma upplýsingum á framfæri við annað starfsfólk sem gegnir stöðu sem stuðlað

¹Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

getur að því að brugðist verði við upplýsingunum, svo sem næsta stjórnanda, áhættustýringu, lögfræðipjónustu eða mannauð.

Regluvörður eða innri endurskoðandi bera ábyrgð á meðhöndlun innri uppljóstrana. Aðrir sem móttaka innri uppljóstrun skulu vísa málinu til regluvarðar og/eða innri endurskoðanda til meðferðar, ella til bankastjóra. Engar formkröfur eru gerðar í tengslum við innri uppljóstrun, en bankinn mælist þó til þess að ábending sé skrifleg og eins ítarleg og kostur er.

Ábendingu má koma á framfæri:

- Skriflega í gegnum ábendingasiðu á Vitanum.
- Með tölvupósti á regluvörð (regluvordur@landsbankinn.is) og/eða innri endurskoðanda (innriendurskoðun@landsbankinn.is).
- Með bréfpósti stílað á regluvörð eða innri endurskoðanda Landsbankans hf., Reykjastræti 6, 101 Reykjavík.
- Munnlega við regluvörð og/eða innri endurskoðanda, s.s. með símtali eða á fundi.

Bankinn er einnig með [stefnu um aðgerðir gegn fjármunabrotum](#) sem er samþykkt af bankaráði Landsbankans. Með fjármunabrotum er átt við peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, brot á viðskiptaþvingunum, innri sviksemi, sviksemi gagnvart viðskiptavinum, mútur og spillingu, markaðssvik og önnur auðgunarbrot.

Landsbankinn leggur mikla áherslu á að fara í einu og öllu eftir kröfum laga og stuðla að umhverfi þar sem unnið er gegn fjármunabrotum. Það er markmið Landsbankans að haga vörnum bankans í samræmi við það sem best þekkist hjá fjármálafyrirtækjum á innlendum og alþjóðlegum vettvangi og stuðla að samvinnu milli bankans, yfirvalda og eftirlitsaðila þegar það á við. Það er á ábyrgð framkvæmdastjórnar að tryggja virkni ráðstafana til að takmarka áhættu og sporna gegn fjármunabrotum, svo sem með því að taka virkan þátt í greiningu á áhættu, gera reglulega mat á að fullnægjandi kerfi og að ferlar séu til staðar á starfssviði viðkomandi, stuðla að góðri fyrirtækjamenningu, sjá til þess að starfsfólk sinni fræðsluskyldu sinni og upplýsa regluvörð eða innri endurskoðanda þegar í stað ef upp kemur grunur um fjármunabrot í starfsemi bankans.

Allar þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar og uppfærðar á tveggja ára fresti.

Actions related to business conduct (G1-2)

Samskipti við birgja

Eitt af sjálfbærnimarkmiðum bankans er að beina viðskiptum til ábyrgra birgja. Landsbankinn stefnir á að lágmarki 80% kostnaðar af keyptri þjónustu og vörum verði áfram frá birgjum sem samþykkt hafa siðareglur birgja eða hafa sett sér sambærilegar reglur.

[Siðareglur birgja](#) styðja við skuldbindingu bankans að vinna að tíu grundvallarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna er varða sjálfbærni. Í gegnum viðskipti sín við birgja og þjónustuaðila ber bankinn keðjuábyrgð á því að öll virðiskeðjan stuðli að sjálfbærum viðskiptaháttum. Landsbankinn gerir þær kröfur til sinna birgja og þjónustuaðila að þeir ástundi ábyrga starfshætti sem styðja við sjálfbærni. Lykilbirgjar bankans og birgjar þeirra þurfa því að vinna að grundvallarmarkmiðum hnattræna samkomulagsins og geta sýnt fram á það, annað hvort með aðild að samkomulaginu eða með því að rökstyðja hvernig þeir vinna að markmiðunum, ef þess er óskað. Siðareglunum er skipt upp í eftirfarandi atriði:

- Mannréttindi
- Vinnumarkaður
- Umhverfi
- Spilling

Fyrir mikilvægar þjónustur er tilnefndur viðskiptalegur forsjáraðili innan bankans, sem sér um samskipti við birgjann og fylgist með því hvort þjónusta hans sé í samræmi við skilmála samnings milli aðila. Rekstraráhætta sendir síðan árlega út öryggis- og gæðakönnun til mikilvægra birgja og gerir vettvangsúttektir hjá þessum birgjum. Í þessum úttektum er óskað eftir staðfestingu á svörum við öryggis- og gæðakönnun ásamt hlítni við persónuverndarlög og siðareglur bankans fyrir birgja, ef birginn hefur undirgengist þær eða undirgengist með öðrum hætti að vinna eftir sambærilegum sjálfbærni viðmiðum. Ef um mikilvæga útivistun á þjónustu er að ræða er framkvæmt árlegt áhættumat á birgjanum og þjónustunni sem hann veitir. Þegar bankinn gerir formlegar verðkannanir á vörum eða þjónustu er sjálfbærni einn af þeim þáttum sem hefur áhrif á val á birgja.

Á árinu lauk Landsbankinn viðskipta- og mannréttindahraðli UN Global Compact. Þar voru verklag og ferlar í tengslum við birgja metnir og endurskoðaðir til að draga úr áhættu í aðfangakeðjunni vegna mannréttindabrota. Að meta, forgangsraða og takast á við áhættu á sviði mannréttinda er í sífelldri þróun og því er mikilvægt að viðhalda opnum samskiptum við birgja og aðra hagaðila til að tryggja eftirfylgni og nýta tækifæri til að gera enn betur.

Samskipti við birgja

Aðgerðir við að draga úr hættu á fjármunabrotum í starfsemi Landsbankans eru skipulagðar í samræmi við stefnu bankans um innra eftirlit. Reglur og ferlar sem sett eru á grundvelli stefnu þessarar innihalda að lágmarki ákvæði um:

- Framkvæmd áreiðanleikakannana
- Framkvæmd áhættumats
- Viðvarandi eftirlit með viðskiptum og viðskiptasamböndum
- Eftirlit með viðskiptaþvingunum og frystingu fjármuna
- Tilkynningarskyldu á grunsamlegri háttsemi viðskiptavina og ráðstafanir henni tengdri
- Eftirlit með markaðssvikum
- Uppljóstrun um spillingu og misferli
- Kröfur vegna ráðningar starfsfólks og um þjálfun starfsfólks

Regluvörður Landsbankans hefur annars stigs eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og sér hann ásamt framkvæmdastjórn bankans til þess að viðhalda reglum og ferlum sem stuðli að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd gildandi laga, reglugerða, innri reglna og ferla um fjármunabrot. Regluvörður veitir bankaráði skýrslu um framkvæmd stefnunnar eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega. Landsbankinn sér til þess að starfsfólk hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum bankans gegn fjármunabrotum við upphaf starfs og með reglubundnum hætti á starfstíma. Þannig öðlast starfsfólk viðeigandi þekkingu á gildandi lögum og reglum og þeim innri reglum og ferlum sem bankinn hefur sett á grundvelli þeirra.

Sjá nánar í [stefnu um aðgerðir gegn fjármunabrotum](#).

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Bankinn starfar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með síðari breytingum. Bankanum er skylt að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum, m.a. við stofnun viðskiptasambands, reglubundið eftirlit og/eða vegna einstakra viðskipta. Til að framkvæma áreiðanleikakönnun óskar bankinn m.a. eftir persónuupplýsingum um viðskiptavin, t.d. nafni, kennitölu, lögheimili, starfsheiti/stöðu, símanúmeri, netfangi, fæðingarstað og ríkisfangi, auk fjárhagslegra upplýsinga. Lögaðilar skulu veita upplýsingar um nafn, kennitölu, lögheimili, lagalegt form, upplýsingar um stjórn, framkvæmdastjórn og prókúruhafa, sem og upplýsingar um raunverulega eigendur lögaðilans og hverjir hafi heimildir til að skuldbinda lögaðilann. Bankinn aflar jafnframt upplýsinga um uppruna þeirra fjármuna sem viðskiptavinur hyggst nota í viðskiptum hjá bankanum, hvort viðskipti fari fram fyrir hönd þriðja aðila og upplýsinga um eðli og tilgang fyrirhugaðs viðskiptasambands og/eða viðskipta.

Bankinn hefur áhættumiðað eftirlit með samningssambandi við viðskiptavin og aflar uppfærðra upplýsinga þegar þörf er á, hvenær sem er meðan á samningssambandi stendur. Bankanum ber auk framangreinds að kanna sérstaklega áreiðanleika viðskiptavina sinna við ákveðnar aðstæður þar sem sérstakrar varúðar er þörf. Í slíkum tilvikum áskilur bankinn sér rétt til að kalla eftir viðbótargögnum, þ.m.t. persónuupplýsingum, um viðskiptavin til þess að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun. Gruni bankann að fjármunir þeir sem ætlun viðskiptavinar stendur til að fari um kerfi bankans séu ágóði af ólögmati háttsemi og/eða tengist fjármögnun hryðjuverka áskilur bankinn sér allan rétt til að stöðva umbeðin viðskipti án fyrirvara. Hafi bankinn rökstuddan grun eða réttmæta ástæðu til að ætla að viðskipti séu grunsamleg með tilliti til peningaþvættis og/eða fjármögnunar hryðjuverka er bankanum skylt að tilkynna viðskiptin til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar vegna tilkynningarinnar. Viðskiptavini ber skylda til að láta bankann vita verði einhverjar breytingar á þeim upplýsingum sem bankanum voru láttnar í té við gerð áreiðanleikakönnunar.

Nánar má lesa um aðgerðir gegn peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og áreiðanleikakönnun í [almennum viðskiptaskilmálum bankans](#) í kafla 2.3.

Targets related to business conduct (G1-3)

Það er markmið bankans að 95% starfsfólks ljúki hverri skyldufræðslu og að meðaltalsþátttaka yfir árið sé 90%. Meðaltalsþátttaka í skyldufræðslu á árinu 2025 var 98%. Fjallað er ítarlegra um fræðsluáherslur í mannauðskaflanum [S1](#) sem hefst á bls. 36.

- „Útsett störf“ vísar í allt starfsfólk sem fengu fræðsluna sem skyldu.
- Fyrir „Próf í aðgerðum gegn fjármunabrotum“: Allt starfsfólk Landsbankans sem var í starfi þegar próf var lagt fyrir nema þeir sem voru í leyfi. Starfsfólk mötuneytis er undanskilið.
- „Fræðsla um peningabætti“ og „Áreiðanleikakannanir og svikamál“ – útsett störf sem fengu tækifæri til fræðslu (þetta er viðvarandi fræðsla og aðrar hópar fær tækifæri t.d. á þessu ári).
- Stjórnendur: forstöðumenn, deildarstjórar og hópstjórar.
- Framkvæmdastjórn: framkvæmdastjórn (bankaráð er ekki hluti af „Allt starfsfólk“).
- Valkvætt - fræðsla er val og ekki skylda.
- Svikaspjall: Allt starfsfólk hefur tækifæri að sækja fræðsluna.

Í vinnustaðagreiningu sem lögð var fyrir 2025 og tekur til EKKO og áhættumenningar kemur fram að 95% starfsfólks Landsbankans er mjög eða frekar sammála því að það hafi aðgang að fræðslu um áhættu og reglur á sínu starfssviði. Þetta er hækkun um eitt prósentustig frá árinu 2024, en árið 2023 var hlutfallið 93%.

Niðurstöðurnar sýna að aðgangur starfsfólks að fræðslu um reglur og áhættu er mjög góður og fer batnandi milli ára, sem endurspeglar sterka fræðslumenningu og jákvæða þróun í áhættuvitund innan bankans.

Þáttaka í þjálfun	Útsett störf	Stjórnendur	Framkvæmdarstjórn	Valkvætt (allt starfsfólk)
Próf í aðgerðum gegn fjármunabrotum				
Alls	839	90	8	80
Alls í þjálfun	818	90	8	41
Hlutfalli lokið	98%	100%	100%	51%
Svikaspjall				
Alls	839	90	8	881
Alls í þjálfun	818	90	8	321
Hlutfalli lokið	98%	100%	100%	36%
Fræðsla um peningabætti				
Alls	839	90	8	80
Alls í þjálfun	818	90	8	41
Hlutfalli lokið	98%	100%	100%	51%
Áreiðanleikakannanir og svikamál				
Alls	839	90	8	
Alls í þjálfun	818	90	8	
Hlutfalli lokið	98%	100%	100%	

Fræðslumiðill	Lengd í mínútum
rafræn	25
Á staðnum	50
Valkvætt	225



Anti-corruption and anti-bribery (G1-4)¹

Upplýsingakrafa	Niðurstaða
Number of convictions and the total amount of fines for violation of anti-corruption and anti-bribery laws during the reporting period	Hvorki Landsbankinn né starfsfólk hans hafi verið sakfelld eða sektað fyrir mútur eða spillingu
The number and nature of the confirmed incidents of corruption or bribery that occurred during the reporting period	Hvorki Landsbankinn né starfsfólk hans hafi verið sakfelld eða sektað fyrir mútur eða spillingu

Metrics related to political influence and lobbying activities (G1-5)

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka er stjórnmalasamtökum óheimilt að veita viðtöku framlögum frá fyrirtækjum að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga. Áhætta er því engin þar sem Landsbankanum er óheimilt að veita stjórnmalasamtökum framlög.

Vegna þessa greinir Landsbankinn ekki frá heildarfjárhæð framlaga þar sem þau eru engin. Þá voru heldur engir meðlimir stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsaðilar sem gegndu sambærilegu starfi í opinberri stjórnsýslu á sl. tveimur árum.

Metrics in relation to payment practices (G1-6)

Stefna Landsbankans er að greiða alla reikninga á gjalddaga og að meðaltali er greiðslufrestur 20 dagar.

Landsbankinn flokkar birgja ekki sérstaklega, hvorki lítil og meðalstór fyrirtæki eða aðra. Allir reikningar eru skráðir í bókhaldskerfið þegar þeir berast og fara rafrænt til samþykktar hjá viðkomandi deild. Flestir reikningar eru greiddir strax við samþykkt, en greiðsla hárra reikninga er geymd fram á gjalddaga. Slík frestun greiðslu á í undantekningartilfellum við um lítil og meðalstór fyrirtæki; nánast alltaf tengist þetta stærri greiðslum til ríkisins eða stærri birgja. Reikningar eru að meðaltali 8 daga í samþykkt, frá skráningu og þar til þeir eru klárir til greiðslu. Hlutfall reikninga sem voru yfir 20 daga í samþykkt árið 2025 var 2,5% af heildarfjölda reikninga. Upphæðir námu 4,5% af heildarkostnaði. Landsbankinn á ekki í neinum lagadeilum vegna vangoldinna skulda við birgja og stendur ekki í málaferlum út af kostnaðarreikningum.

Landsbankinn skiptir ekki upp greiðslum á reikningnum, annað hvort eru þeir greiddir eða þeim hafnað. Birgjar senda fleiri en einn reikning ef farið er fram á skiptingu greiðslna fyrir vörur eða þjónustu.

¹Staðfest af Deloitte með takmarkaðri vissu.

Fjármögnuð kolefnislosun (PCAF)

Sérhæfð nálgun eftir eignaflokkun 55

Fjármögnuð Losun

Landsbankinn er aðili að Samtökum um þróun loftslagsbókhalds fyrir fjármálafyrirtæki (e. Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF)) og reiknar fjármagnaða losun sína í samræmi við viðurkennda aðferðafræði samtakanna. Markmið aðferðafræðinnar er að setja fram samræmdar, gagnsæjar og áreiðanlegar leiðir til að meta kolefnislosun sem tengist útlána- og eignasöfnum fjármálafyrirtækja. Aðferðafræðin byggist á Greenhouse Gas Protocol (GHG) og hefur verið samþykkt sem slík af GHG. Samkvæmt GHG-aðferðafræðinni er losun skilgreind eftir þremur umfangsflokkum, þ.e. beinni losun (umfang 1), óbeinni losun vegna keyptrar orku (umfang 2) og annarri óbeinni losun í aðfangakeðju (umfang 3).

Aðferðafræði og afmörkun

Aðferðafræðin skiptir eignasöfnum fjármálafyrirtækja í sjö flokka¹: skráð hlutabréf og skuldabréf. Landsbankinn beitir rekstrarstjórnaraðferð (e. operational control approach) í samræmi við PCAF-staðalinn til að skilgreina mörk kolefnissporsins. Þó bankinn hafi ekki rekstrarleg yfirráð yfir lánþegum er tryggt að öll fjármögnuð losun sé færð í flokk 15 undir umfangi 3. Útreikningar fjármagnaðrar losunar byggjast á hlutfallslegu fjárhagslegu vægi bankans í viðkomandi rekstri eða eign.

Við mat á því hvort þurfi að endurreikna fjármagnaða losun styðst Landsbankinn við leiðbeiningar Corporate GHG Protocol, þar sem $\geq 5\%$ breyting á heildarlosun er talið hæfilegt viðmið til að ákvarða mikilvægi. Jafnframt er litið til samhengis og aðstæðna, þar sem breytingar

geta talist verulegar þótt þær falli undir 5% þröskuldinn, til dæmis ef þær hafa áhrif á framvindu eða markmið innan einstakra eignaflokka, eða ef gagnabækja breytist um meira en 10% og gæti haft áhrif á samanburð á milli ára. Í slíkum tilvikum birtir Landsbankinn útskýringu á orsökum og áhrifum breytinganna.

Gagnasöfnun, gagnagæði og losunarstuðlar

Leitast er við að nýta losunargögn sem fyrirtæki hafa gefið út fyrir sína starfsemi. Bankinn nýtir Veru² sjálfbærnilausn til að sækja þær upplýsingar og í tilfellum sem slíkar upplýsingar er ekki að finna er miðað við áætlaða losun út frá samsvarandi atvinnustarfsemi, sé hún til staðar. Þessar upplýsingar ná aftur til ársins 2020 en fyrir þann tíma safnaði bankinn sjálfur gögnum frá fyrirtækjum. Í öðrum tilvikum er notast við losunartölur úr gagnagrunni PCAF, sem var nýlega uppfærður og byggir nú á CEDA-gagnasafninu³ (frá og með 2022) í stað Exiobase (áfram fyrir 2019 til 2021).

Losunarstuðlar og önnur stuðningsgögn fyrir útreikninga á bíla- og tækjalánum og íbúðalánum byggjast á opinberum gögnum frá viðeigandi stofnunum og fyrirtækjum.

Ítarlegri nálgun má finna fyrir hvern eignaflokk í kaflanum hér á eftir.

Gögn eru metin samkvæmt fimm stiga einkunnakvarða PCAF þar sem 1 táknar bestu mögulegu nákvæmni en 5 mestu óvissu.

¹Skv. annarri útgáfu af Part A – Financed emissions (2022).

²Vera er sjálfbærnivíðmót frá Creditinfo sem aðstoðar fyrirtæki að miðla upplýsingum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti í rekstri til hagaðila á samræmdan máta.

³Comprehensive Environmental Data Archive.

Sérhæfð nálgun eftir eignaflokkun

Fyrirtækjalán og hluta- og skuldabréf

Losun er reiknuð með hliðsjón af birtum losunargögnum fyrirtækja (gagnaeinkunn 1 eða 2) eða áætluðum stuðlum þegar slíkar upplýsingar eru ekki til staðar (gagnaeinkunn 4 eða 5). Hlutfallslegt fjárhagslegt vægi bankans ákvarðar úthlutun fjármagnaðrar losunar. Í þeim tilfellum þar sem losun tengd umfangi 3 í útgefnum losunartölum fyrirtækja ber þess skýr merki að ekki hafi verið tekið tillit til slíkrar losunar í samhengi við jarðefna-eldsneytis-notkun í umfangi 1 er það uppreiknað. Reiknuð losun vegna óskráðra hlutabréfa er tekin saman og sett fram með öðrum hluta- og skuldabréfum.

Losunarkræfni⁴ er jafnframt umreiknuð með tilliti til verðmætabreytinga skráðra fyrirtækja m.v. við árið 2019 sem er viðmiðunarár bankans og er birt sérstaklega. Verðmæti fyrirtækja er deilarinn (nefnarinn) í reikniformúlunni og hefur því áhrif eftir því hvort verðmætið rýrnar eða eykst. Þetta er gert til þess að geta gert raunhæfari samanburð á losunarkræfninni á milli ára við grunnárið. Umreiknistuðullinn er 1,74 fyrir hlutabréf, 1,57 fyrir skuldabréf og 1,53 fyrir fyrirtækjalán.

Íbúðalán

Kolefnislosun er reiknuð út frá áætlaðri orkunotkun húsnæðis miðað við staðsetningu og samsetningu orkugjafa. Notast er við losunarstuðla Umhverfis- og orku-stofnunar og viðeigandi orkuveitna. Kolefnislosun er reiknuð fyrir öll umföng en gagnaeinkunn útreikninga íbúðalánanna er í öllum tilfellum 4. Umfang 3 tekur mið af losun vegna dreifingar og flutnings á viðkomandi orku. Losun vegna byggingarframkvæmda er ekki talin með til að forðast tvítalningu.

Ef ekki er unnt að tengja íbúðalán við skráð húsnæði í fasteignaskrá, m.a. vegna rangrar skráningar eða skorts á upplýsingum, er viðkomandi lán metið sem utan umfangs. Einnig voru íbúðalán metin utan umfangs ef viðkomandi húsnæði taldist ekki fullklárað í fasteignaskrá

(matsstig 6, 7 eða 8 eða byggingarstig B4).

Bíla og tækjalán

Útreikningar byggjast á upplýsingum um ökutæki úr ökutækjaskrá Samgöngustofu og er notast við WLTP⁵-losunargildi ökutækja. Hjá þeim ökutækjum sem höfðu eingöngu NEDC⁶ voru þau umreiknuð yfir í WLTP út frá skilgreindum **stuðlum** eftir tegund ökutækis. Akstur bifreiða miðast við meðalakstur skv. Samgöngustofu og fyrir bifhjól er tekið mið af ökutækjabanka **Trafikanalys**. Fyrir annað en hefðbundin ökutæki á vegum er miðað við meðaltalsgögn um fjölda vinnuvéla frá Vinnuvélaeftirlitinu og selt olíumagn til þeirra flokka sem tækin falla undir. Gögn fyrir hefðbundin ökutæki á vegum sem finnast í ökutækjaskrá hafa gagnaeinkunnina 2 eða 4 ef þau finnast ekki og notast er við gildi samskonar tegundar ökutækis í staðinn. Önnur gögn hafa lægstu mögulegu gagnaeinkunnina. Losun umfangs 3 er ekki reiknað hér vegna skorts á upplýsingum.

Bílaeigubílar eru taldir aka tæplega fjórfalt meira en samskonar bifreið í einkaeigu en það er í samræmi við **áætlun á meðalakstri ökutækja** fyrir lög um kílómetragjald. Er þetta breyting frá útreikningum fyrri ára þar sem miðað var við fjórfalt meiri akstur. Fyrri ár hafa verið endurreiknuð og eru birt í viðauka við þessa skýrslu.

Ríkisskuldabréf

Losun er reiknuð bæði með og án landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF). Hún tekur mið af kolefnislosun viðkomandi landa skv. skilyrðum rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og **aðlöguðu kaupmáttarjafnvægi fyrir verga landsframleiðslu**. Þannig má tryggja sem raunverulegastan samanburð á milli landa óháð stærð eða efnahagslegri stöðu.

Kolefnislosun vegna ríkisskuldabréfa hér fellur einungis undir umfang 1 þar sem áður nefndar upplýsingar landanna eru fyrir framleiðslulosun. Ef notast er við eldri útreikningstölur en fyrir

⁴Magn tCO₂ í á hverja milljón íslenskar krónur.

⁵Worldwide Harmonized Light-Duty Test Procedure. Nýr mengunarmælikvarði Evrópusambandsins fyrir eldsneytisnotkun og útblástur bifreiða.

⁶New European Driving Cycle.

útreikningsárið sjálft eða nýrri bráðabirgðatölur eru til staðar þá teljast þær niðurstöður hafa gagnaekinninn 2.

Um endurútreikning viðmiðunarárs

Grunnár Landsbankans fyrir fjármagnaða losun er 2019 og verður það áfram notað sem viðmiðunarár. Ný og betri gögn, sem ná aftur til ársins 2020 og 2022, gera kleift að bæta útreikninga frá og með 2020, en ná ekki aftur til viðmiðunarársins. Af þeim sökum er 2019 ekki endurútreiknað með uppfærðri aðferðafræði eða gagnasöfnum.

Áhrif þess eru að samanburður milli 2019 og síðari ára getur verið takmarkaður að hluta, þar sem nýjar upplýsingar og bætтар aðferðir gilda ekki afturvirkir. Þessi nálgun er í samræmi við PCAF og GHG Protocol, enda tryggir hún að grunnárið haldist stöðugt á meðan aðrir útreikningar endurspeglar bestu fánlegu gögn á hverjum tíma.

Um áætlaða kolefnislosun vegna 2025

Áætlunarútreikningur fyrir árið 2025 miðast við stöðu efnahagsreiknings móðurfélags bankans 30. september það ár. Notast er við nýjustu aðgengilegu gögn en í flestum tilfellum er t.a.m, miðast við sömu losunarstuðla og fyrir árið 2024. Gagnagæði byggja áfram á þeim einkunum sem voru til staðar fyrir nýjustu aðgengilegu gögnin og öðrum forsendur. Þessi áætlun er eingöngu ætluð til hliðsjónar en kolefnislosun vegna ársins 2025 verður endurreiknuð síðar þegar helstu grunn gögn hafa verið uppfærð og liggja fyrir.

Niðurstöður

Fjármögnuð losun bankans vegna útlána til viðskiptavina er áætluð að hafa verið rúmlega 254 ktCO₂í árið 2024 og vegna fjárfestinga, þar á meðal ríkisskuldabréfa án LULUCF, tæplega 124 ktCO₂í. Í heildina var hún því tæplega 378 ktCO₂í. Er það aukning um rúmlega 6 ktCO₂í, eða tæplega 2%. Þessa aukningu má helst rekja til útlánaaukningar til fyrirtækja þar sem losunarkræfnin í heildina lækkar um rúmlega 7% á milli ára. Útlánaaukning varð í öllum atvinnugreinum og lánaflokkum. Bókfært virði hluta- og skuldabréfa jókst um tæplega 43% á milli ára en ríkisskuldabréfa lækkaði um tæplega 6%.

Losun ákveðinna atvinnugreina eykst talsvert á milli ára, s.s. iðnaður og orkufyrirtæki (+149%),

en það má rekja til áðurnefndrar útlánaaukningar ásamt breytinga í samsetningu viðskiptavina. Að sama skapi lækka sumar aðrar atvinnugreinar, t.d. ferðaþjónusta (-39%), vegna breytinga á hlutfallslegu fjárhagslegu vægi bankans gagnvart útlánum viðskiptavina.

Breytingar á losunarkræfni atvinnugreina á milli ára eru svipaðar og breytingar á heildarlosuninni, þ.e. lækka þar sem kolefnislosunin dregst saman. Hún er áfram hæst í landbúnaði (1,75 tCO₂í/m.kr.) og þjónusta, upplýsingatækni og fjarskipti (0,83 tCO₂í/m.kr.) er næst á eftir.

Kolefnislosun vegna bíla- og tækjalána jókst (+6%) á milli áranna 2023 og 2024 og heldur því áfram að aukast eins og síðustu ár á undan. Losunarkræfnin hækkaði einnig eftir stöðuga lækkun frá árinu 2020 og má því sjá þess merki að aukningin núna sé tilkomin vegna fleiri lána

Þrátt fyrir að vera stærsti einstaki útlánaflokkurinn í lánasafni bankans, eða um 44%, eru íbúðalán innan við 1% af heildarlosun útlánasafnsins, eða sem nemur 1,7 ktCO₂í. Breytt heildarlosunin lítið sem ekkert á milli ára en þó má merkja breytingu á milli landshluta. Heildarlosun á Vestfjörðum er á pari við heildarlosun á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir umtalsvert meiri útlán þar. Tengist þetta raforkuskorti og skertu aðgengi fjarvarmaveitnanna á Vestfjörðum að forgangsortu þar sem þær þurftu að nýta jarðefnaeldsneyti í stað endurnýjanlegrar raforku fyrir starfsemi sína hluta ársins.

Losunarkræfni íbúðalána helst nær óbreytt á milli áranna 2023 og 2024 en sé horft á losun á hvern lánaðan fermetra má merkja 13% aukningu á milli áranna. Hér hefur mismunandi samsetning íbúðarhúsnæðis á milli landshluta áhrif.

Þegar öll útlán til einstaklinga eru skoðuð má sjá að losun vegna þeirra heldur áfram að lækka ár frá ári og er nú tæplega helmingur af losuninni sem var á viðmiðunarárinu 2019 þrátt fyrir að útlánin hafi aukist um 90%.

Losun ríkisskuldabréfa dregst saman á milli ára bæði með og án LULUCF. Nemur samdrátturinn fyrir ríkisskuldabréf án LULUCF um 11 ktCO₂í og 62 ktCO₂í með LULUCF, eða -8% og -25%. Kolefnislosun ríkisskuldabréfa er áfram næst stærsti eignaflokkurinn þegar kemur að kolefnislosun á eftir fyrirtækjalánunum en losun ríkisskuldabréfa án LULUCF var 121 ktCO₂í og 182 ktCO₂í með LULUCF árið 2024.

Heildarlosun frá hluta- og skuldabréfum jókst aðeins um 3% á milli ára þrátt fyrir um 50% aukningu í bókfærðu virði þess sem telst innan þekju. Leiðir þetta af sér að losunarkræfnin lækkar um tæplega þriðjung á milli ára fyrir þennan flokk. Skýringin liggur í því að losun skráðra hluta- og skuldabréfa breytist lítið sem ekkert á milli ára en hlutfall óskráðra hlutabréfa innan þekju er 20% hærri. Óskráð hlutabréf hafa jafnan verið reiknuð með hverfandi litla losun.

Áætlunarútreikningar fyrir árið 2025 sem taka mið af efnahagsreikningi þann 30. september þess árs gefa vísbendingar um að losun frá útlánasafni dragist saman en aukist í heildina vegna

aukinnar losunar ríkisskuldabréfa.

Niðurstöður endurútreikninga fyrir bíla- og tækjalán árið 2019 og fyrir alla eignaflokka aðra en íbúðalán á árunum 2020–2023, vegna breytinga á losunargögnum, má finna í viðauka.

Hér er birt samantekt fyrir þær atvinnugreinar sem jafnan teljast vera losunarfreakar (e. emission-intensive) í alþjóðasamfélaginu. Samantektin sýnir bæði hluta- og skuldabréf (að undanskildum ríkisskuldabréfum) og öll lán til annarra viðskiptavina en einstaklinga.

Table 5: Samantekt á losunarfrekum greinum í hluta- og skuldabréfum m.v. árið 2024

Losunarfrek grein	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Flug	262	1,2	0,3	4,68	2,0	2,0	8,13	100,0%
Sjóflutningar	183	0,4	0,1	2,46	1,0	1,0	4,27	100,0%
Samtals	444	1,7	0,4	3,77	1,6	1,6	6,54	100,0%
Annað	29.569	1,1	3,9	0,04	2,7	2,7	0,05	78,2%

Table 6: Samantekt á losunarfrekum greinum í útlánasafni m.v. árið 2024

Eignaflokkur	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Bílar	12	0,0	0,0	0,00	5,0	5,0	0,00	100,0%
Flug	8.169	16,9	7,5	2,07	2,3	2,3	3,11	100,0%
Framleiðsla sements, gjalls og óleskjaðs kalks	270	0,2	0,5	0,79	3,8	4,0	0,79	100,0%
Bruni jarðefnaeldsneytis	2.986	0,1	109,4	0,02	1,1	1,1	0,02	100,0%
Framleiðsla á járn og stáli, kox og málmgrýtis	5.149	13,8	0,0	2,68	4,0	4,0	2,68	99,5%
Sjóflutningar	12.351	26,6	9,8	2,16	2,5	2,5	2,93	100,0%
Orka	3.776	1,1	0,2	0,28	4,0	4,0	0,28	100,0%
Samtals	32.713	58,7	127,3	1,79	2,7	2,7	2,35	99,9%
Annað	860.597	188,6	326,8	0,22	3,7	3,7	0,22	96,9%

Table 7: Samantekt á losunarfrekum greinum í hluta- og skuldabréfum m.v. árið 2025

Losunarfrek grein	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Flug	111	0,8	0,2	7,03	2,0	2,0	11,78	100,0%
Sjóflutningar	182	0,5	0,1	3,00	1,0	1,0	5,03	100,0%
Samtals	293	1,3	0,3	4,52	1,4	1,4	7,58	100,0%
Annað	14.501	0,6	4,1	0,04	2,7	2,7	0,06	63,5%

Table 8: Samantekt á losunarfrekum greinum í útlánasafni m.v. árið 2025

Eignaflokkur	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Bílar	12	0,0	0,0	0,00	5,0	5,0	0,00	100,0%
Flug	8.033	12,4	8,5	1,55	2,3	2,3	2,50	100,0%
Framleiðsla sements, gjalls og óleskjaðs kalks	332	0,2	0,4	0,75	3,6	4,0	0,75	100,0%
Bruni jarðefnaeldsneytis	2.818	0,1	103,5	0,02	1,1	1,1	0,02	100,0%
Framleiðsla á járn og stáli, kox og málmgrýtis	2.526	6,4	0,0	2,55	4,0	4,0	2,55	99,0%
Sjóflutningar	11.980	28,5	9,8	2,38	2,4	2,4	3,72	92,8%
Orka	6.782	1,2	0,2	0,18	4,0	4,0	0,18	100,0%
Samtals	32.483	48,9	122,4	1,50	2,7	2,7	2,24	97,2%
Annað	906.098	193,4	339,1	0,21	3,7	3,8	0,21	96,7%


Table 9: Útreiknuð fjármögnuð kolefnislosun 2024 eftir eignaflokkum

Eignaflokkur	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Hluta- og skuldabréf	30.014	2,8	4,3	0,09	2,7	2,7	0,14	78,5%
Fyrirtækjalán	850.770	208,2	454,1	0,24	3,7	3,7	0,27	96,9%
Byggingarstarfsemi	139.761	9,3	34,9	0,07	4,3	4,3	0,07	100,0%
Eignarhaldsfélög	38.717	1,2	4,7	0,03	4,2	4,2	0,03	100,0%
Fasteignafélög	221.252	1,4	1,8	0,01	3,6	3,6	0,01	95,5%
Ferðaþjónusta	83.933	21,1	33,9	0,25	3,5	3,5	0,35	100,0%
Iðnaður og orkufyrirtæki	40.791	27,4	9,0	0,67	3,2	3,7	0,67	94,2%
Landbúnaður	7.061	12,3	8,7	1,75	4,1	4,1	1,75	100,0%
Opinberir aðilar	479	0,0	0,1	0,00	5,0	5,0	0,00	3,4%
Sjávarútvegur	195.640	74,4	46,4	0,38	3,9	3,8	0,38	100,0%
Verslun	62.051	10,3	273,0	0,17	2,4	2,4	0,17	100,0%
Þjónusta, upplýsingatækni og fjarskipti	61.084	50,7	41,7	0,83	3,5	3,5	0,99	100,0%
Íbúðalán	743.851	1,7	0,3	0,00	4,0	4,0	0,00	92,5%
Bíla- og tækjalán	57.435	44,2		0,77	2,3		0,77	99,2%
Ríkisskuldabréf - án LULUCF	127.769	121,0		0,95	2,0		0,95	100,0%
Ríkisskuldabréf - með LULUCF	127.769	182,3		1,43	2,0		1,43	100,0%
Samtals (án LULUCF)	1.809.838	377,9	458,7	0,21	3,6	3,8	0,22	91,7%


Table 10: Áætluð kolefnislosun m.v. 30. september 2025 eftir eignaflokkum

Eignaflokkur	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Hluta- og skuldabréf	14.794	1,9	4,4	0,13	2,6	2,6	0,21	64,0%
Fyrirtækjalán	896.579	203,8	461,5	0,23	3,8	3,8	0,25	96,6%
Byggingarstarfsemi	163.406	12,1	52,2	0,07	4,4	4,4	0,07	100,0%
Eignarhaldsfélög	38.321	1,4	7,3	0,04	4,4	4,4	0,04	100,0%
Fasteignafélög	250.254	1,5	2,3	0,01	3,6	3,6	0,01	95,0%
Ferðaþjónusta	84.471	16,9	32,5	0,20	3,5	3,5	0,29	100,0%
Iðnaður og orkufyrirtæki	42.432	23,6	9,7	0,56	3,1	3,6	0,56	92,2%
Landbúnaður	7.256	13,4	9,5	1,85	4,1	4,1	1,85	100,0%
Opinberir aðilar	455	0,0	0,1	0,00	5,0	5,0	0,00	3,4%
Sjávarútvegur	183.322	72,1	46,5	0,39	4,0	3,9	0,39	100,0%
Verslun	62.175	12,6	260,1	0,20	2,5	2,5	0,21	100,0%
Þjónusta, upplýsingatækni og fjarskipti	64.487	50,0	41,4	0,78	3,6	3,6	1,03	97,5%
Íbúðalán	746.295	1,0	0,1	0,00	4,0	4,0	0,00	93,0%
Bíla- og tækjalán	56.086	43,2		0,77	2,3		0,77	99,1%
Ríkisskuldabréf - án LULUCF	150.083	137,2		0,91	2,0		0,91	100,0%
Ríkisskuldabréf - með LULUCF	150.083	203,3		1,35	2,0		1,35	100,0%
Samtals (án LULUCF)	1.863.837	387,1	466,0	0,21	3,7	3,9	0,22	91,8%


Útlánasafn 2022



Útlánasafn 2023




Útlánasafn 2024



- | | | | |
|--------------------------|------------------|----------------------------------|------------------|
| Byggingarstarfsemi | Eignarhaldsfélög | Fasteignafélög | Ferðapjónusta |
| Iðnaður og orkufyrirtæki | Landbúnaður | Lánastofnanir | Opinberir aðilar |
| Sjávarútvegur | Verslun | Pjónusta, upplækni og fjarskipti | Einstaklingar |

Kolefnislosun lána- og eignasafns



TNFD

Inngangur	65
Rammi um upplýsingagjöf skv. TNFD	66
Stjórnarhættir	69
Stefna	70
Áhættustýring	73
Mælingar og markmið	75

Inngangur

Líffræðileg fjölbreytni - Stefna og markmið til ársins 2030, sem sett var í samráðsgátt af Stjórnarráði Íslands í júní 2025 og útgefin er af Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, skilgreinir líffræðilega fjölbreytni (e. biological diversity eða biodiversity) sem „hugtak sem endurspeglar lífríkið í öllum sínum fjölbreytileika. Fjölbreytni lífríkisins er grundvöllur allra lífkerfa og undirstaða heilbrigðar starfsemi vistkerfa, og þar með alls lífs á jörðinni. Allar lífverur, að okkur mönnunum meðtöldum, reiða sig á framlag vistkerfa, s.s. fæðu, lyf, búsvæði, jarðveg, súrefni og hreint vatn; í stuttu máli allt það sem gerir lífið mögulegt.

Landsbankinn hefur unnið ötullega að því að þekkja raunlosun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sinni, bæði beina og óbeina. Slík losun og afleiðingar hennar hafa verið áhersluatriði í sjálfbærnistarfi bankans frá upphafi. Líffræðileg fjölbreytni og loftslagsmál haldast hönd í hönd en til þess að ná markmiðum í loftslagsmálum verður að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Eitt helsta atriðið sem aðgreinir líffræðilega fjölbreytni og loftslagsmál er að losun gróðurhúsalofttegunda hefur hnattræn áhrif óháð því hvar losunin á sér stað á meðan hnignun líffræðilegrar fjölbreytni er oftast staðbundin.

Árið 2022 hóf Landsbankinn að vinna að því að dýpka skilning sinn á áhrifum starfseminnar á líffræðilega fjölbreytni. Var þetta eðlilegt næsta skref í kjölfar þess að loftslagsstarf bankans var

komið í fastan farveg enda vitað mál að viðunandi árangur næðist ekki í þeim málaflokki öðruvísi en að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Landsbankinn gerðist aðili að samtökum um þróun bókhalds fyrir líffræðilegan fjölbreytileika (Partnership for Biodiversity Accounting Financials (PBAF)) árið 2022 og skuldbatt sig til að meta áhrif starfseminnar á náttúrufar og líffræðilega fjölbreytni í samræmi við leiðbeiningar aðgerðahóps um náttúrutengdar fjárhagsupplýsingar TNFD árið 2024. Lok árs 2025 var orðið ljóst að PBAF myndi sameinast Finance for Biodiversity Foundation (FfB) frá og með janúar 2026. Við undirbúning þessarar skýrslu hafði þegar komið í ljós að bankinn nýtti sér fyrst og fremst aðferðarfræði TNFD ásamt gagnagrunni ENCORE um áhrif á viðkvæm svæði, en ekki leiðbeiningar frá PBAF. Af þeim sökum dró bankinn sig út úr PBAF lok árs 2025 og mun í kjölfarið leggja áherslu á að styðjast við leiðbeiningar TNFD. Landsbankinn birtir nú í fyrsta skipti skýrslu um áhrif starfseminnar á náttúrufar og líffræðilega fjölbreytni í samræmi við leiðbeiningar TNFD og fjallar hún um árið 2025.

Landsbankinn starfar eingöngu á Íslandi og horfir því á íslenskar aðstæður í þessu samhengi. Metin verða áhrif innan efnahagslögsögu Íslands sem er svæðið utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómílar frá grunnlínum landhelginnar.²

Rammi um upplýsingagjöf skv. TNFD

Stoðþáttur	Ráðlögð upplýsingagjöf	Tilvísun
Stjórnarhættir Birtid upplýsingar um stjórnarhætti fyrirtækisins varðandi áhrif, hæði, áhættu og tækifæri sem tengjast náttúrunni.	A. Lýsið eftirliti stjórnar með áhrifum, hæði, áhættu og tækifærum sem tengjast náttúrunni.	Sjá kafla um stjórnarhætti.
	B. Lýsið hlutverki stjórnenda við mat og umsjón með áhrifum, hæði, áhættu og tækifærum sem tengjast náttúrunni.	Í kaflanum um stjórnarhætti er fjallað um hvernig stjórnkerfi bankans er háttað og hvernig ábyrgð á sjálfbærnistefnu bankans er stýrt en markmiðin sem tengjast sjálfbærnistarfi bankans eru sett út frá henni. Rætt hefur verið um náttúruáhættu innan vébanda bankaráðs, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjórnar en það er ekki komið inn í formlegt ferli stjórnenda að meta og stýra náttúruáhættu, áhrifum, áhættu og tækifærum.
	C. Lýsið stefnu fyrirtækisins hvað varðar mannréttindi, samstarfsverkefnum og eftirliti stjórnar og stjórnenda í tengslum við frumbyggja, nærsamfélög sem verð fyrir áhrifum og aðra hagaðila.	Sjá mannauðsstefnu Landsbankans. Landsbankinn hefur sett sér markmið um jafnrétti og fjölbreytni á grundvelli mannauðsstefnu bankans.
Stefna Birtid upplýsingar um hvernig tekið er tillit til áhrifa, hæðis, áhættu og tækifæra sem tengjast náttúrunni í viðskiptalíkani fyrirtækisins, stefnu og fjárhagsáætlanagerð.	A. Lýsið áhrifum, hæði, áhættu og tækifærum sem tengjast náttúrunni sem fyrirtækið hefur greint til skamms, miðallangs og langs tíma.	Landsbankinn hefur ekki greint náttúrutengda áhættu, áhrif eða tækifæri til styttri eða miðlungs langs tíma. Til lengri tíma mun bankinn fylgjast með eftirtöldum atvinnugreinum í lánasafni sínu því þær teljast til viðkvæmra greina: sjávarútvegur, landbúnaður, byggingarstarfsemi, iðnaður og orkufyrirtæki og ferðaþjónusta. Sjá nánari umfjöllun í kaflanum Mælingar og markmið.
	B. Lýsið því hvernig tekið hefur verið tillit til áhrifa, hæðis, áhættu og tækifæra sem tengjast náttúrunni í viðskiptalíkani fyrirtækisins, virðiskeðju, stefnu og fjárhagsáætlanagerð.	Enn sem komið er hefur náttúrutengd áhætta sem greind hefur verið í gegnum TNFD-vinnuna ekki haft bein áhrif á viðskiptamódel bankans. Hægt er að lesa nánar um starfsemi Landsbankans í kaflanum Stefna.

Stoðþáttur	Ráðlögð upplýsingagjöf	Tilvísun
	C. Lýsið viðnámsþrótti (e. resilience) stefnu fyrirtækisins gagnvart náttúrutengdri áhættu og tækifærum, hafandi hliðsjón af mismunandi sviðsmyndum.	Kaflinn Stefna í TNFD-skýrslunni er unnin út frá LEAP-aðferðarfræðinni. Niðurstaðan er sú að náttúrutengd áhætta sem gæti mögulega haft áhrif á rekstur Landsbankans liggja það langt í framtíðinni að hún er ekki tekin fyrir sérstaklega í stefnu bankans.
	D. Birtið upplýsingar um staðsetningu eigna og/eða starfsemi í beinum rekstri fyrirtækisins og, eftir því sem unnt er, í aðstreymi og frástreymi virðiskeðju þess.	Virðiskeðja Landsbankans reiðir sig á ákveðin kerfi í aðstreymi og frástreymi. Út frá náttúrutengdri áhættu eru eftirfarandi atvinnugreinar þær sem sérstaklega þarf að fylgjast með: sjávarútvegur og fiskeldi, landbúnaður, byggingariðnaður, orkugeirinn og fjárfestingar. Lesa má betri umfjöllun í kaflanum Yfirlit yfir áhrif og háð kerfi.
Áhættu- og áhrifastýring Lýsið þeim ferlum sem fyrirtækið beitir til að greina, meta, forgangsraða og fylgjast með áhrifum, hæði, áhættu og tækifærum sem tengjast náttúrunni.	A. (i) Lýsið ferlum fyrirtækisins við að greina, meta og forgangsraða áhrifum, hæði, áhættu og tækifærum sem tengjast náttúrunni í beinum rekstri.	Þetta er útskýrt í kaflanum Yfirlit yfir áhrif og háð kerfi.
	A. (ii) Lýsið ferlum fyrirtækisins við að greina, meta og forgangsraða áhrifum, hæði, áhættu og tækifærum sem tengjast náttúrunni bæði í aðstreymi og frástreymi virðiskeðju þess.	Fyrst og fremst gert með því að nota ENCORE til þess að finna áhrif og háð kerfi í starfsemi bankans. Fjallað um þetta í kaflanum Yfirlit yfir áhrif og háð kerfi.
	B. Lýsið ferlum fyrirtækisins við að stjórna áhrifum, hæði, áhættu og tækifærum sem tengjast náttúrunni.	Eins og er þá er haldið utan um áhrif og háð kerfi sem eru sýnd á hitakortum í kaflanum Yfirlit yfir áhrif og háð kerfi með því að meta stöðuna með ENCORE gagnabankanum, meta mikilvægisþætti samkvæmt leiðbeiningum TNFD og gera svo árlegt stöðumat.
	C. Lýsið því hvernig ferli til að greina, meta, forgangsraða og fylgjast með náttúrutengdri áhættu eru samþættir heildstæðum áhættustýringarferlum fyrirtækisins.	Sjálfbærniáhætta er hluti af ferlum og starfi Áhættustýringar en náttúrutengd áhætta sem fjallað er um í þessari TNFD-skýrslu er ekki orðin hluti af formlegri starfsemi sviðsins. Hægt er að lesa nánar í kaflanum Áhættustýring.


Stoðþáttur	Ráðlögð upplýsingagjöf	Tilvísun
Mælikvarðar og markmið Birtid upplýsingar um mælikvarða og markmið sem notuð eru til að meta og stýra mikilvægum áhrifum, hæði, áhættu og tækifærum sem tengjast náttúrunni.	A. Birtid mælikvarða sem fyrirtækið notar til að meta og stýra náttúrutengdri áhættu og tækifærum í samræmi við stefnu sína og áhættustýringarferla.	Áhættustýring er með afmarkað og skýrt hlutverk sem felur m.a. í sér að fylgjast með og meta sjálfbærniáhættu samkvæmt þeim kröfum sem eru gerðar á fjármálafyrirtæki. Náttúrutengd áhætta er ný og skipulag bankans hefur ekki enn innleitt hana í formfasta ferla Áhættustýringar.
	B. Birtid mælikvarða sem fyrirtækið notar til að meta og stýra háði og áhrifum á náttúru.	Notast var við ENCORE gagnagrunninn til að meta áhrif og háð kerfi. Fjallað er um þau í kaflanum Yfirlit yfir áhrif og háð kerfi.
	C. Lýsið markmiðum sem fyrirtækið notar til að stýra náttúrutengdu háði, áhrifum, áhættu og tækifærum og frammistöðu gagnvart þeim.	Í kaflanum Mælingar og markmið er farið yfir niðurstöður kjarnamælikvarða TNFD varðandi hversu útsettur Landsbankinn sé gagnvart viðkvæmum atvinnugreinum. Framtíðaráætlun bankans er að auka sundurliðun gagna og kortleggja lykilstarfsemi viðskiptavina gagnvart viðkvæmum svæðum.

Stjórnarhættir

Bankaráð Landsbankans hefur yfirumsjón með starfsemi bankans í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir. Það mótar almenna stefnu bankans og sér til þess að skipulag og starfsemi hans sé í réttu horfi. Bankaráð hefur almennt eftirlit með rekstrinum og að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna. Eitt af hlutverkum bankaráðs er að fjalla um mikilvægi og stöðu sjálfbærni í starfsemi bankans auk þess að fjalla um og samþykkja sjálfbærnistefnu bankans. Endurskoðunarnefnd, sem er undirnefnd bankaráðs, fjallar um birtingu og miðlun sjálfbærniupplýsinga, þ.m.t. sjálfbærniupplýsinga um náttúruáhættu.

Framkvæmdastjórn bankans ber meginábyrgð á að framfylgja stefnu bankans – Landsbanki nýrra tíma. Kjarninn í stefnunni er gagnkvæmt traust og mannleg sýn á bankaviðskipti. Við ætlum að vera traustur banki fyrir farsæla framtíð.

Sjálfbærnideild bankans er staðsett innan sviðsins Fjármála. Meðal verkefna teymisins er að útbúa sjálfbærniupplýsingar eftir þeim leiðbeiningum, viðmiðum eða skuldbindingum sem bankinn hefur gengist undir eins vel og hægt er miðað við fyrirliggjandi gögn.



Stefna

Landsbankinn er þjónustufyrirtæki þar sem viðskiptavinurinn er í forgrunni. Í sinni einföldustu mynd eru viðskiptavinir bankans tvenns konar, annars vegar viðskiptavinir með fjármagn og hins vegar viðskiptavinir sem vantar fjármagn. Efsti hluti starfsemiskortsins lýsir samskiptum bankans við þessa hagaðila með áherslu á faglega sölu, skilvirka afhendingu og góða þjónustu.

Starfsemiskort Landsbankans felur í sér virðisdeðju hans (sjá mynd).

Með stefnu bankans, Landsbanki nýrra tíma, viljum við einfalda líf viðskiptavina. Við viljum nýta alla kosti tækninnar án þess að glata því mannlega í okkar starfi. Samhliða þessu endurspeglar stefnan kraft til umbreytinga og framþróunar.

Landsbanki nýrra tíma snýst um að einfalda líf viðskiptavina með aðgengilegri, öruggri en jafnframt mannlegri bankaþjónustu. Þessu er náð fram með hagnýtingu á tækni, stöðugri framför, traustum rekstri og árangursdrifinni menningu. Starfsemi og árangur bankans hefur jákvæð áhrif á íslenskt samfélag. Landsbanki nýrra tíma styður með beinum hætti við tilgang Landsbankans sem er að vera traustur banki fyrir farsæla framtíð. Sú setning fangar vel kjarna bankans og á rætur sínar að rekja allt til stofnunar Landsbanka Íslands árið 1886.

Gildi bankans er traust og er það lykilþáttur í allri starfsemi bankans, hvort sem horft er til samskipta við viðskiptavini, birgja, samstarfsfólk eða átt er við rekstur bankans og almenna starfsemi. Viðskiptavinir geta treyst því að við séum til staðar og að rekstur bankans sé í öruggum höndum.

Forsenda árangurs er að allir stefni í sömu átt. Landsbanki nýrra tíma liggur til grundvallar viðskiptaáætlun bankans hverju sinni og er rauði þráðurinn í því sem bankinn tekur sér fyrir hendur. Skýr lykilmarkmið, studd með áhersluverkefnum, markvissri framkvæmd og vel ígrunduðum ákvörðunum með langtímahagsmunum að leiðarljósi skilar sér í traustum banka fyrir farsæla framtíð.

Landsbanki nýrra tíma nær yfir alla starfsemi bankans, þ.m.t. sjálfbærnimál en bankinn er einnig með sjálfbærnistefnu sem skilgreinir helstu áherslur bankans í sjálfbærni og lýsir því hvernig við hyggjumst tileinka okkur þær í starfseminni. Við viljum stuðla að sjálfbærni og

stöðugri framför í íslensku samfélagi. Skýr og metnaðarfull sjálfbærnistefna varðar veginn og veitir aðhald.

Sjálfbærnistefna Landsbankans er innleidd í starfsemi allra sviða bankans, skilgreinir helstu áherslur okkar í sjálfbærni og lýsir því hvernig við hyggjumst tileinka okkur þær í starfseminni. Stefnan fjallar um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, loftslagsmál, félagslega þætti, stjórnarhætti, UFS-áhættumat, ábyrgar fjárfestingar og ábyrgar lánveitingar.

Til að ná árangri er nauðsynlegt að setja sér markmið og á það við um sjálfbæra þróun eins og annað. Við setjum okkur krefjandi markmið sem við endurskoðum með reglulegu millibili en markmiðin byggja á sjálfbærnistefnu bankans. Upplýsingagjöf Landsbankans er einnig tengd sjálfbærnimarkmiðunum, en við miðlum upplýsingum um gang mála, bæði með gagnsæi og fræðslu að leiðarljósi.

Bankaráð samþykkir sjálfbærnistefnu Landsbankans, bankastjóri ber ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar gagnvart bankaráði, samþykktir og breytingar á megináherslum og viðmiðum eru á ábyrgð framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóri Fjármála ber ábyrgð á mótun, viðhaldi og kynningu á sjálfbærnistefnunni.

Sjálfbærnistefna Landsbankans heldur m.a. utan um skuldbindingar Landsbankans í sjálfbærni. Þann 16. janúar 2024 var birtur listi yfir 320 fyrirtæki, þar af yfir 100 fjármálafyrirtæki, sem höfðu þá skuldbundið sig til að hefja fruminnleiðingu á leiðbeiningum TNFD og var Landsbankinn þar á meðal. Sjálfbærnistefnan tekur einnig fram að við horfum til líffræðilegrar fjölbreytni sem hluta af umhverfisþáttum og að við sýnum frumkvæði í upplýsingagjöf um sjálfbærnimál. Eitt af sjálfbærnimarkmiðum Landsbankans er að vera upplýst og upplýsa um sjálfbærniáhrif bankans. Það er markmið bankans að veita vandaðar upplýsingar á sviði sjálfbærni og eru upplýsingar um áhrif á náttúruna samkvæmt aðferðarfræði TNFD þar á meðal.

Samspil loftslags og náttúru

Landsbankinn hefur verið brautryðjandi og virkur þátttakandi í því að meta áhrif starfsemi sinnar á loftslagsmálin og nú viljum við kortleggja áhættu bankans vegna breytinga á náttúrufari. Lærdóminn sem við höfum dregið af þeim aðferðum sem við höfum notað til að innleiða loftslagsmálin má yfirfæra að einhverju marki yfir á náttúrumálin og líffræðilega fjölbreytni.

Til þess að afmarka þá þætti virðisæðjunnar sem mikilvægast er að greina byrjum við á að skoða hvaða áhrifasvæðin sem meta á. Áhrif á náttúru eru staðbundin og hafa mismunandi fyrirtæki í virðisæðjunni áhrif á ólíkum stöðum í heiminum. Til að byrja með er ætlunin að skoða áhrif innan efnahagslögsögu Íslands. Þegar matssvæðið hefur verið skilgreint þarf að ákveða hvaða þætti virðisæðjunnar skuli skoða.

Aðstreymi og frástreymi

Virðisæðja Landsbankans reiðir sig á ákveðin kerfi í aðstreymi í gegnum viðskiptavinum og náttúrulegar auðlindir. Þar má helst nefna:

- **Sjávarútvegur og fiskeldi** – Fjárfestingar Landsbankans í sjávarútvegi og fiskeldi reiða sig á heilbrigði vistkerfa sjávar.
- **Landbúnaður** – Fjárfestingar Landsbankans í landbúnaði reiða sig á heilbrigð landsvæði, vatn o.s.frv.
- **Byggingariðnaður** – Reiðir sig á landsvæði og umhverfisleyfi.
- **Orkugeirinn** – Reiðir sig á náttúruauðlindir til að framleiða orku úr jarðvarma, fallvatni eða endurnýjanlega orkugjafa.
- **Gögn og löggjöf** – Þörfnumst réttir gagna um líffræðilega fjölbreytni og stöðu sjálfbærniregluverks Íslands og/eða Evrópusambandsins vegna líffræðilegrar fjölbreytni.

Landsbankinn hefur svo áhrif á líffræðilega fjölbreytni og kerfi náttúrunnar í gegnum frástreymi virðisæðju sinnar og má þar helst nefna:

- **Sjávarútvegur og fiskeldi** – Bankinn hefur áhrif á fjármögnun geirans og það getur haft áhrif á hversu mikið er veitt og afleidd áhrif á sjávarlíffræði.
- **Byggingariðnaður** – Fjármögnun getur haft áhrif á notkun lands, framræingu lands til bygginga o.þ.h.

- **Landbúnaður** – Fjármögnun getur haft áhrif á vatnsgæði og líffræðilega fjölbreytni.
- **Orka** – Verkefnafjármögnun getur haft áhrif á heilbrigði og stöðugleika umhverfiskerfa og loftslagsáhrif.
- **Fjárfestingar** – Fjárfestingar eru útsettar fyrir fyrirtækjum sem hafa mikil umhverfisleg áhrif.

Ákveðið hefur verið að byggja á þeirri vinnu sem Landsbankinn hefur á undanförunum árum lagt í loftslagsmál og nota niðurstöður samtaka um upplýsingagjöf um kolefnisbókshald fjármálafyrirtækja (Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF)) um hvar fjármögnuð losun er mest við val á fyrirtækjum til skoðunar út frá TNFD og áhrif þeirra innan íslenskrar efnahagslögsögu. Þau 30 fyrirtæki sem eru ábyrg fyrir mestri fjármagnaðri losun samkvæmt PCAF-staðlinum eru mengið sem metið er samkvæmt LEAP-greiningu TNFD út frá aðstreymi og frástreymi virðisæðjunnar í þeim flokkum sem taldir eru upp hér að ofan. Flokkurinn fólks- og vöruflutningar með flugi er þó undanskilinn en við gerð þessarar fyrstu skýrslu var ákveðið að láta starfsemi í lofti bíða. Þeim flokki verður bætt við í framtíðinni.

Fyrstu skref eru að kortleggja starfsemi þessara fyrirtækja á Íslandi og skoða hvort þau séu með starfsemi á viðkvæmum svæðum. Í því samhengi skoðum við friðlýst svæði skv. Umhverfisstofnun, vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði frá Náttúrustofnun og lykilsvæði líffræðilegrar fjölbreytni út frá gögnum Key Biodiversity Areas (KBA). ENCORE er notað til að skima mikilvægar atvinnugreinar (sjávarútveg, byggingariðnað, orkugeira o.fl.) til að greina hversu útsettar þær eru fyrir áhættu samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.

Meðal tiltækra íslenskra gagna sem við notum er vatnaáætlun Umhverfisstofnunnar, ICES-gögn frá Hafrannsóknarstofnun og kortasjá Náttúrufræðistofnunar.

ENCORE (Exploring Natural Capital Opportunities, Risks and Exposure) er tól sem þróað var af Natural Capital Finance Alliance í samstarfi við fjármálaláframtak Umhverfisstofnunar SP (UNEP FI) og UNEP World Conservation Monitoring Centre til að styðja fjármálastofnanir við greiningu á náttúrutengdri áhættu og tækifærum.

Tólið tengir atvinnugreinar og efnahagsstarfsemi við náttúruna með því að greina annars vegar hæði (e. dependencies) gagnvart vistkerfum og hins vegar áhrif (e. impact) á náttúrulegar

auðlindir. ENCORE byggir á alþjóðlega viðurkenndum vísindalegum og umhverfislegum gögnum og dregur fram helstu umhverfisþætti, svo sem loftslagsbreytingar, breytingar á landnotkun, vatnsálag og mengun, sem geta haft áhrif á starfsemi fyrirtækja og fjárhagslega afkomu.

Með ENCORE geta notendur skoðað hvernig álag á náttúruna og breytingar á vistkerfum geta leitt til fjárhagslegrar áhættu. Verkfærið veitir jafnframt leiðbeiningar um greiningu og forgangsröðun, og styður samþættingu náttúrutengdra sjónarmiða í núverandi ferla áhættustýringar og ákvarðanatöku.

Áhættustýring

Öflugt Áhættustýringarsvið Landsbankans hefur skýrt hlutverk sem er að gera bankanum kleift að taka upplýstar og góðar ákvarðanir með því að veita ítarlega og heildstæða sýn á áhættu og viðhafa skilvirkt eftirlit með áhættuþáttum í rekstrinum. Kjarnastarfsemi sviðsins felst í áhættumælingum og eftirliti, greiningu og traustri upplýsingagjöf. Starfsemin byggir á þróun og innleiðingu áhættulíkana og gagnavinnslu ásamt áhættueftirliti og áhættumati sem eru meginviðfangsefni starfsfólks. Starfsemi sviðsins skiptist í fimm deildir sem eru Rekstraráhætta, Innri áhættulíkön, Útlánaáhætta, Útlánastýring og Markaðsáhætta.

Landsbankinn leggur reglulega mat á áhættuþætti í starfsemi bankans. Bankinn hefur skilgreint sjálfbærniáhættu sem mikilvægan áhættuþátt og undir það fellur áhætta vegna UFS-þátta, (umhverfismál, félagslegir þættir og stjórnarhættir). Að svo stöddu hefur ekki verið talin þörf á að skilgreina áhættu vegna líffræðilegrar fjölbreytni sem verulegan áhættuþátt í starfsemi bankans. Það mat er háð áhrifum áhættu á rekstur og starfsemi bankans.

Innleiðing nýrra leiðbeininga og skýrslugerð um vinnuna líkt og TNFD-skýrsla þessi fellur að svo stöddu utan kjarnahlutverks Áhættustýringar og er sinnt af Sjálfbærnideild bankans.

Greining áhættuþátta

Landsbankinn framkvæmdi eigindlegt mat á náttúrutengdri áhættu með því að nýta ENCORE greiningartólið. Markmið matsins var að kortleggja helstu áhrif og hæðisþætti sem tengjast útlánasafni bankans.

Byrjað var á að greina þær atvinnugreinar sem vega mest í óbeinni losun bankans, samanlagt um 57% af óbeinni losun. Í framhaldi voru þessar atvinnugreinar greindar með tilliti til áhrifa á náttúruna og hversu háðar þær eru vistkerfisþjónustu, í samræmi við flokkun ENCORE.

Hitakortin hér að neðan sýna áhættuhvata og hæðisþætti eftir flokkum ENCORE. Alls greindum við 25 flokka innan fjögurra atvinnugreina. Niðurstöður hitakortanna eru settar fram á fimm þrepa kvarða frá „mjög lítið“ til „mjög mikið“. Flokkunin endurspeglar áhrif og hæði hvernar atvinnugreinar gagnvart tilteknum flokkum ENCORE. Flokkunin styður við forgangsröðun í áframhaldandi áhættumati og stefnumótun bankans.

Flokkunin tekur ekki tillit til íslenskra aðstæðna þannig að t.d. er ferskvatnsnotkun oft á rauðu án þess að tekið sé tillit til þess að það sé ekki skortur á ferskvatni á Íslandi, þetta er eitt af þeim atriðum sem þarf að skoða betur og afla betri gagna um. Skilgreiningar ENCORE á flokkunum sem áhættuhvatar og hæðisþættir geta haft áhrif á má nálgast á heimasíðu þeirra.

Atvinnugreinarnar sem vega þyngst í óbeinni losun bankans eru sjávarútvegur, verslun og þjónusta, byggingarstarfsemi og iðnaður og orkufyrirtæki.



Niðurstöður hitakortanna sýna að umfang áhrifa og hæðis er breytilegt eftir atvinnugreinum og starfsemi þeirra. Sjávarútvegur er sú atvinnugrein sem hefur mikil áhrif og hátt hæði gagnvart náttúru og vistkerfisþjónustu. Iðnaður og orkufyrirtæki hafa einnig umtalsverð áhrif en hæði þeirra er metið sem miðlungs. Byggingarstarfsemi fellur í miðlungsflokk bæði hvað varðar áhrif og hæði. Verslun og þjónusta hefur lítil áhrif og lágt hæði samanborið við hinar atvinnugreinarnar.

Í heild sýna hitakortin að þær atvinnugreinar sem hafa mest bein umhverfisáhrif eru þær sem eru háðastar heilbrigðum vistkerfum. Niðurstöðurnar veita mikilvægan grundvöll til forgangsröðunar vegna frekari greiningar, áhættumats og aðgerða í tengslum við loftslagsáhættu og tækifæri í útlánasafni bankans.

Innleiðing náttúruáhættu í sjálfbærnistefnu og áhættumat

Að svo stöddu verður náttúruáhætta ekki innleidd í sjálfbærnistefnu og áhættumat bankans umfram það sem er gert í dag. Fram hefur komið að skv. sjálfbærnistefnu bankans er líffræðileg fjölbreytni skilgreind sem hluti af umhverfismálum og bankinn hefur skuldbundið sig til að skila TNFD-skýrslum.

Þegar áhættumat bankans gefur til kynna að náttúruáhætta teljist veruleg áhætta verður hún metin sem hluti af sjálfbærniáhættu hjá Áhættustýringu bankans. Þangað til heldur bankinn áfram að vinna TNFD-skýrslur og verða þær gerðar af Sjálfbærnideild bankans með aðstoð annarra eininga eftir þörfum, þ. á m. Áhættustýringar.



very low
 low
 medium
 high
 very high



Mælingar og markmið

Í samræmi við leiðbeiningar TNFD hefur Landsbankinn reiknað einn af grunnmælikvörðum (e. core metrics) sem mælt er með, þ.e. áhættu vegna viðkvæmra atvinnugreina (e. exposure to sensitive sectors). Fyrir Landsbankinn teljast eftirfarandi atvinnugreinar til viðkvæmra greina: sjávarútvegur, landbúnaður, byggingarstarfsemi, iðnaður og orkufyrirtæki og ferðaþjónusta. Útlán til þessara atvinnugreina námu samtals 64,8% af útlánasafni bankans í desember 2024. Til framtíðar er það markmið bankans er auka sundurliðun gagna og kortleggja lykilstarfsemi viðskiptavina eins og hún tengist viðkvæmum svæðum og styðja við upplýsingagjöf skv. grunnmælikvörðum TNFD. Nálgun bankans miðar að því að bæta gæði og nákvæmni náttúrutengdrar upplýsingagjafar og setja viðeigandi markmið í samræmi við TNFD.


Grunnmælikvarðar TNFD

Samkvæmt TNFD er einn af grunnmælikvörðum fyrir fjármálafyrirtæki áhætta í lánasafni vegna viðkvæmra atvinnugreina.

Myndin er unnin út frá hlutfalli útlána til viðkvæmra atvinnugreina samkvæmt flokkun TNFD á viðkvæmum atvinnugreinum. Hlutföll einstakra atvinnugeira endurspeglar innbyrðis skiptingu innan viðkvæmra atvinnugreina. Útlán til atvinnugreina sem falla ekki undir flokkun TNFD sem viðkvæm atvinnugrein eru ekki hluti af þessu mengi.

Þar sem mjög lítið hlutfall landbúnaðar er útsett samkvæmt þessari greiningu þá var landbúnaður ekki tekin fyrir í þessari skýrslu en verður bætt við í næstu skýrslu.

Útsetning gagnvart viðkvæmum atvinnugreinum



Algildir mælikvarðar TNFD (í starfsemi)

	Eining	2022	2023	2024
Vatnsnotkun				
Heildarvatnsnotkun	m3	201.207	354.108	342.852
Orkunotkun				
Bein Orkunotkun	MWst	206	190	259
Óbein orkunotkun	MWst	11.438	15.632	14.768
Úrgangur				
Endurunni/endurnýtt	Kg	61.672	86.173	105.041
Fargað	Kg	29.027	15.249	5.409

Grunnmælikvarðar

Flokkun	2022	2023	2024
Forgangur	59,9%	58,1%	54,6%
Ekki í forgangi	40,1%	41,9%	45,4%

Álag (áhrifapættir)			
<i>Álag felst í losun mælanlegs magns náttúruauðlinda eða efna, sem og áþreifanlegum og líffræðilegum áhrifabáttum. Áhrif eru breytingar á ástandi náttúrunnar sem orsakast af álagi eða áhrifapætti.</i>			
Notkun ferskvatns-, lands- eða hafsbótssvæða	Röskun	Losun gróðurhúsalofttegunda og annarra lofttegunda	Losun næringarefna eða eitraðra mengunarefna í vatn og jarðveg
Innleiðing ágengra framandi tegunda	Myndun og losun á föstum úrgangi	Vatnsnotkun (rúmmál)	Önnur vinnsla eða nýting ólífræna eða lífrænna auðlinda

Vistkerfajónusta (hæði)				
Tengls náttúru og atvinnustarfsemi. Hver þjónustuþáttur stendur fyrir ávinning sem náttúran veitir hagkerfinu beint eða óbeint. Þættirnir falla í þrjá flokka: framleiðsla, umsýsla og viðhald, og menning.				
Loftsíun	Lífrænar varnir	Framleiðsla lífmassa	Menntun, vísindi og rannsóknir	Flóðavarnir / flóðaminnkun
Erfðaefni	Hnattræn loftslagsstjórnun	Stjórnun staðbundins loftslags (ör- og meðalstigs)	Hljóðdeyfing	Uppeldissvæði stofna og viðhald búsvæða
Orkuframleiðsla byggð á dýrum	Þynning í andrúmslofti og vistkerfum	Deyfing skynáhrifa	Frævun	Stýring úrkomumynsturs
Afþreyingar- og útivist	Jarðvegs- og setbinding	Stýring jarðvegsgæða	Hreinsun á föstum úrgangi	Trúarlegt, listrænnt og táknrænt
Stormavarnir / stormaminnkun	Sjónrænt gildi - útsýni	Stýring vatnsrennslis	Vatnshrensun	Vatnsframboð

Aðild haghafa

Mikilvægt skref í TNFD ferlinu er virkt samtal við haghafa. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem hópur haghafa er fjölbreyttur og mikilvægt að fá endurgjöf frá hverjum og einum hóp. Í upphafi var markmið Landsbankans að fylgjast með mögulegum breytingum í sjávarútvegi vegna áhrifa náttúrunnar. Þá var rætt við sérfræðinga frá HAFRÓ, fjórða skýrsla Vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi skoðuð og rætt við sjávarútvegsfélag. Nú þegar farið var eftir leiðbeiningum TNFD voru gögn fengin eftir leiðum sem þegar hefur verið lýst og mengið ákvarðað út frá PCAF niðurstöðum. Þar sem ekki gafst tími til að skipuleggja viðtöl með fulltrúum allra atvinnugreina sem skoðaðar voru var ákveðið að hverfa til upprunalega markmiðs bankans með gerð þessara skýrslu og ná að minnsta kosti að ræða við fulltrúa frá sjávarútveginum um niðurstöður skýrslunnar.

Fulltrúi Brims gaf sér tíma til að fara yfir niðurstöður TNFD skýrslunnar og koma með ábendingar, ljóst er að þessi skýrsla er aðeins byrjunin á umfangsmiklu verkefni. Helstu atriði sem þarf að bæta fyrir næstu skýrslu:

- Tala við hagaðila allra atvinnugreina sem verið er að meta.
- Bæta Landbúnaði við hitakort.
- Hafa skýra aðgreiningu á milli fiskveiða og fiskeldis.
- Fá álit hagaðila á hitakortum og hversu mikil áhrif hvernar greinar eru á hvern flokk. Bera saman við niðurstöður ENCORE og fjalla um mismuninn, hvers vegna hann sé til staðar og hvort hann eigi rétt á sér.

Þetta er ekki tæmandi listi yfir allar ábendingar sem komu fram en þær sem metnar eru mest aðkallandi og mikilvægt að framkvæma fyrir gerð næstu TNFD skýrslu.

Þessi TNFD-skýrsla er fyrsta skrefið í því ferli að kortleggja og þekkja þær náttúruáhættur sem starfsemi bankans kann að standa frammi fyrir annað hvort í aðstreymi eða frástreymi virðiskeðju sinnar. Þegar ferlið hefur verið endurtekið og niðurstöðurnar eru áreiðanlegri getum við unnið að mælanlegum og tímasettum markmiðum út frá TNFD-skýrslum bankans og áhrifa í virðiskeðjunni.

NASDAQ UFS

Umhverfi	Eining	2023	2024	2025	Breyting frá fyrra ári
E1. Losun gróðurhúsalofttegunda					
1) Heildarmagn í CO ₂ ígildum, fyrir umfang 1 (ef við á)	tCO ₂ i				
Eldsneyti		50,2	67,9	57,04	-16%
2) Heildarmagn í CO ₂ ígildum, fyrir umfang 2 (ef við á)	tCO ₂ i				
Rafmagn		42,78	46,1	45,33	-2%
Heitt vatn		15,14	40,1	48,83	22%
Umfang 2 - raforka frá Landsneti (location based)		57,92	74,3	80,23	8%
3) Heildarmagn í CO ₂ ígildum, fyrir umfang 3 (ef við á)	tCO ₂ i				
Dreifing raforku		2,75	2,3	2,01	-13%
Dreifing hitaveituvatns		3,56	4,8	9,06	87%
Dreifing neysluvatns		1,05	2,1	0,1	-95%
Pappírsnotkun		9,75	11,5	15	30%
Gagnaflutningur		0,81	2,7	0,03	-99%
Framleiðsla eldsneytis		12,03	16,5	13,95	-16%
Meðhöndlun úrgangs		10,42	3,6	2,28	-36%
Innanlandsflug		15,1	20,7	20,22	-3%
Millilandaflug		140,7	188,9	227,61	21%
Ferðir starfsfólks í og úr vinnu		244,9	256,7	230,74	-10%
Framleiðsla tölvubúnaðar		750,03	212,1	120,16	-43%
Leigubílar		0,48	0,6	0,84	43%
Nýbygging höfuðstöðva		49,06	-	-	
Heimavinna		0,59	0,2	0,16	-23%
Fráveita		0,11	0,2	1,61	23%
Hótelgistingar starfsmanna		7,39	8,9	7,99	-10%
Útlánasafn (fyrirtækjalán, bílalan og fasteignalán) og eignir (hluta- og skuldabréf)	tCO ₂ i	216.689	-	248.019,9	-2%
Samtals fyrir öll umföng utan lánasafns (market based umfang 2)		1.356,85	886	802,97	-9%
Samtals fyrir öll umföng (market based umfang 2)		216.057		248.822,9	-2%

Umhverfi (framhald)	Eining	2023	2024	2025	Breyting frá fyrra ári
E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda					
1) Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð (umfang 1 og 2)	tCO ₂ i/ISKma hreinar rekstrartekjur	1,46	2	1,77	-8%
	tCO ₂ i/ársverk* (umf. 1og2)	0,14	0,18	0,17	-6%
E3. Orkunotkun					
1) Heildarmagn beinnar orkunotkunar	MWst	189,46	259	241,97	-6%
2) Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	MWst	15.632,22	14.768	11.377,07	-23%
E4. Orkukræfni					
1) Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð	MWst/ISKma hreinar rekstrartekjur	2,57	3,3	2,84	-12%
	MWst/ársverk*	0,24	0,31	0,28	-10%
E5. Samsetning orku					
1) Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu					
Endurnýjanleg orka	%	99%	98%	98%	0%
Jarðefnaeldsneyti	%	1%	2%	2%	9%
E6. Vatnsnotkun					
1) Heildarmagn af vatni sem er Neitað	m3				
Heitt vatn		246.320,1	233.719	161.275,8	-31%
Neysluvatn		107.788,2	109.133	78.005,52	-29%
E7. Umhverfisstarfsemi					
1) Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
2) Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
3) Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Engin
E8. Loftslagseftirlit / stjórn					
1) Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
E9. Loftslagseftirlit / stjórnendur					
1) Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
E10. Mildun loftslagsáhættu					
1) Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	ISKm	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Liggur ekki fyrir	Engin

Félagslegir þættir	Eining	2023	2024	2025	Breyting frá fyrra ári
S1. Launahlutfall forstjóra					
1) Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlauna greiðslna starfsmanna í fullu starfi		5,3	5,6	5,5	-2%
2) Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
S2. Launamunur kynja					
1) Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna		1,4	1,4	1,4	Engin
S3. Starfsmannavelta					
1) Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	7%	6%	7%	22%
2) Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi	%	3%	3%	3%	Engin
S4. Kynjafjölbreytni					
1) Kynjahlutfall innan fyrirtækisins					
Karlar	%	45%	45%	45%	Engin
Konur	%	55%	55%	55%	Engin
2) Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan					
Karlar	%	56%	43%	44%	2%
Konur	%	44%	57%	56%	-2%
3) Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar					
Karlar	%	45%	67%	65%	-3%
Konur	%	44%	33%	35%	6%
S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta					
1) Prósentu starfsmanna í hlutastarfi	%	12%	12%	9%	-25%
S6. Aðgerðir gegn mismunun					
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti	já/nei	Já	Já	Já	Engin
S7. Vinnuslysatiðni					
1) Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafstsins (Slys á hverjar 200.000 vinnustundir)	%				
S8. Hnattræn heilsa og öryggi					
1) Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
S9. Barna- og nauðungarvinna					
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
2) Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
S10. Mannréttindi					
1) Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
2) Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Já	Já	Já	Engin



Stjórnarhættir	Eining	2023	2024	2025	Breyting frá fyrra ári
G1. Kynjahlutfall í stjórn					
1) Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla)	%	50%	43%	43%	Engin
2) Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla)	%	33%	33%	33%	Engin
G2. Óhæði stjórnar					
1) Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
2) Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	100%	100%	100%	Engin
G3. Kaupaukar					
1) Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Engin
G4. Kjarasamningar					
1) Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	100%	Engin
G5. Siðareglur birgja					
1) Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
2) Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum?					
G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu					
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
2) Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafis þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni?	%	100%	100%	100%	Engin
G7. Persónuvernd					
1) Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
2) Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
G8. Sjálfbærniskýrsla					
1) Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærniskýrslu?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
2) Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf					
1) Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
2) Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
3) Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sp?	já/nei	Já	Já	Já	Engin
G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila					
1) Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila?	já/nei	Já	Já	Já	Engin

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hagsmunaaðila Landsbankans hf.

Við vorum ráðin af Landsbankanum hf. til að veita ályktun með takmarkaðri vissu og álit með nægjanlegri vissu á valda sjálfbærnimælikvarða („valdir sjálfbærnimælikvarðar“) sem eru settir fram í Sjálfbærniuppgjöri bankans fyrir fjárhagsárið 2025 („Skýrslunni“). Þeir mælikvarðar sem falla undir umfang staðfestingar eru merktir í yfirliti á bls. 21-23 í Skýrslunni þar sem skilgreint er stig staðfestingar.

Ályktun með takmarkaðri vissu

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeim gögnum sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til annars en að valdir sjálfbærnimælikvarðar sem vísað er til að staðfestir séu með takmarkaðri vissu í yfirliti á bls. 21-23 í Skýrslunni fyrir árið 2025 séu að öllu verulegu leyti í samræmi við aðferðafræði og skýringarkröfur sem vísað er til í Skýrslunni.

Álit með nægjanlegri vissu

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeim gögnum sem við höfum aflað er álit okkar að valdir sjálfbærnimælikvarðar sem vísað er til í yfirliti að staðfestir séu með nægjanlegri vissu í yfirliti á bls. 21-23 í Skýrslunni fyrir árið 2025 séu settir fram í samræmi við aðferðafræði og skýringarkröfur sem vísað er til í Skýrslunni.

Grundvöllur fyrir ályktun með takmarkaðri vissu og áliti með nægjanlegri vissu

Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar og nægjanlegrar vissu um álit okkar.

Staðfestingarverkefni með áliti með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu.

Við teljum að við skoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi ganga til að byggja ályktun og álit okkar á. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð óháðs endurskoðanda í staðfestingu okkar.

Óhæði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hluttægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Management (ISQM) 1 og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óhæðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Önnur atriði

Samanburðarfjárhæðir valdra sjálfbærnimælikvarða sem eru staðfestir með nægjanlegri vissu fyrir árið 2025 voru staðfestir með takmarkaðri vissu á fyrra ári.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur Landsbankans eru ábyrgðir fyrir gerð og framsetningu upplýsinganna sem eru settar fram í Skýrslunni og eru ábyrgir fyrir að:

- Skilgreina reikningsskilaaðferðir og beita þeim með viðeigandi hætti við skýrslugjöfina.
- Undirbúa, setja fram og greina frá völdum sjálfbærnimælikvörðum í samræmi við gefin viðmið.
- Skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem nauðsynlegt er til að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð óháðs endurskoðenda

Markmið okkar er að:

Skipuleggja og framkvæma aðgerðir til að afla takmarkaðrar vissu um að valdir sjálfbærnimælikvarðar sem vísað er til á bls. 21-23 í Skýrslunni að séu staðfestir með takmarkaðri vissu, séu án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér ályktun okkar.

Skipuleggja og framkvæma aðgerðir til að afla nægjanlegrar vissu um að valdir sjálfbærnimælikvarðar sem vísað er til á bls. 21-23 í Skýrslunni að séu staðfestir með nægjanlegri vissu, séu án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Skekkið geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu einar og sér eða samantagðar haft áhrif á ákvarðanatöku notenda sem byggja á völdum sjálfbærniupplýsingum.

Sem hluti af staðfestingarverkefni bæði með takmarkaðri vissu og nægjanlegri vissu í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised) byggjum við á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við skoðunina.

Við erum ábyrg fyrir að:

- Afla skilnings á innra eftirlitsumhverfi félagsins, ferlum og upplýsingakerfum sem tengjast gerð valinna sjálfbærnimælikvarða, þó án þess að meta hönnun þeirra, innleiðingu eða prófa virkni þeirra.
- Að bera kennsl á áhættu á verulegum rangfærslum í völdum sjálfbærnimælikvörðum, hvort sem þær stafa af svikum eða mistökum.
- Hanna og framkvæma aðgerðir sem bregðast við metinni áhættu á verulegum rangfærslum í völdum sjálfbærnimælikvörðum. Hættan á að uppgötva ekki verulega rangfærslu vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki rangfærslu vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Aðgerðir

Verkefni með takmarkaðri vissu og nægjanlegrar vissu felur í sér aðgerðir til að afla fullnægjandi sannana til að geta gefið út ályktun á völdum sjálfbærnimælikvörðum. Eðli, tímasetningar og umfang þeirra aðgerða sem beitt er byggja á faglegri dómgreind, þar á meðal að bera kennsl á upplýsingar í skýrslugerðinni þar sem verulegar rangfærslur eru líklegar til að koma fram, hvort sem þær stafa af svikum eða mistökum.

Við framkvæmd verkefnis höfum við meðal annars:

- Skipulagt og framkvæmt aðgerðir til að afla fullnægjandi sannanna til að geta gefið út ályktun og álit á valda sjálfbærnimælikvarða.
- Aflað skilnings á ferlum og þeim aðferðum sem skýrslugjöfin byggir á og metið þau gögn sem notuð eru við framsetningu valinna sjálfbærnimælikvarða.
- Aflað skilnings á innra eftirlitsumhverfi og völdum ferlum og eftirlitsaðgerðum sem tengjast gerð valinna sjálfbærnimælikvarða, þó ekki í þeim tilgangi veita niðurstöðu um virkni innra eftirlits.
- Beitt fyrirspurnum til viðeigandi starfsfólks Landsbankans.
- Beitt greiningaraðgerðum og rakið upplýsingar úr völdum sjálfbærnimælikvörðum í viðeigandi stuðningsgögn.
- Framkvæmt gagnaskoðun byggt á úrtaksprófunum á völdum upplýsingum og endurútreikning gagna.

Kópavogi, 29. janúar 2026

Steina Dröfn Snorraddóttir

Deloitte ehf.

Steina Dröfn Snorraddóttir
Endurskoðandi

TM-Sjálfbærniuppgjör

Almennt

Árið 2025 varð TM að dótturfélagi Landsbankans. Sjálfbærniuppgjör félagsins fjallar um tímabilið 1. mars til 31. desember sem er tímabilið sem TM hefur verið hluti af samstæðu Landsbankans. Þar sem Landsbankinn, Landsbréf og TM hafa öll framkvæmt sína eigin tvöföldu mikilvægisgreiningu hefur ekki verið farið í samræmingu á samstæðunni á öðrum þáttum en loftslagsbókhaldinu að svo stöddu.

TM leggur áherslu á að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið. Í því felst að þegar teknar eru ákvarðanir er ávallt tekið tillit til hvaða áhrif þær hafa til lengri tíma liðið. Félagið leggur áherslu á að starfa í sátt við samfélagið, m.a. með því að huga að umhverfismálum, félagslegum þáttum og góðum stjórnarháttum í starfseminni (UFS) og hvetja jafnframt til eftirfylgni við UFS-þætti út á við. Rannsóknir hafa sýnt að áherslur á UFS-þætti í rekstri fyrirtækja hefur ekki einungis jákvæð áhrif á samfélagið, heldur einnig á vöxt félaga og arðsemi, auk þess sem það dregur úr rekstrar- og lagalegri áhættu.

Niðurstaða tvíþátta mikilvægisgreiningar TM sem lokið var á árinu 2025 var sú að tjónasvik og viðbrögð við þeim skoraði hæst bæði varðandi fjárhagslegt mikilvægi og áhrif. Einnig skoraði hátt endurnýting tjónamuna og frágangur á úrgangi eftir stórbruna. Hvort tveggja snýr að ESRS 2 - E5 – hringrásarhagkerfinu (e. circular economy).

Viðmið fyrir sjálfbæra tryggingastarfsemi (PSI)

TM gerðist aðili að alþjóðlegum sjálfbærniramma fyrir tryggingafélög, Principles for Sustainable Insurance (PSI), í byrjun árs 2023. PSI er samvinnuverkefni Sameinuðu þjóðanna og váttryggingafélaga og snýr að stjórnun UFS-þátta og nýtingu tækifæra. Fyrsta [PSI-skýrslan](#) um

árangur á innleiðingu viðmiða PSI var gefin út í desember 2025.

UN Global Compact

Í lok árs 2025 gerðist [TM aðili að hnattrænum sáttmála Sameinuðu þjóðanna](#) um siðferði og ábyrgð í viðskiptum, UN Global Compact. Aðildin markar mikilvægt skref í áframhaldandi vinnu TM að ábyrgum og sjálfbærum rekstri. Með aðildinni fylgir TM í fótspor móðurfélags síns, Landsbankans, sem hefur verið aðili síðan árið 2006.

Með hnattræna sáttmálanum eru fyrirtæki og stofnanir hvött til góðra verka í þágu samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi. Sáttmálinn tók gildi árið 2000 og er viðmið fyrir fyrirtæki og stofnanir við innleiðingu ábyrgra starfshátta. Um þessar mundir eru aðilar að sáttmálanum yfir 25,000 talsins, þar af 37 íslensk félög.

Sáttmálinn er ákall til fyrirtækja um að aðlaga rekstur og starfsemi sína þannig að [tíu meginmarkmiðum sáttmálans](#) sem skipta má í fjóra flokka: mannréttindi, vinnumarkað, umhverfismál og varnir gegn spillingu. Með þátttöku í sáttmálanum skuldbindur TM sig til þess að innleiða meginmarkmiðin tíu í starfsemi sína. Þannig eru fyrirtæki ekki aðeins að halda uppi grunnskyldum sínum gagnvart fólki og umhverfi, heldur einnig skapa verðmæti fyrir atvinnulífið og samfélagið ásamt því að leggja grunn að árangri til lengri tíma.

„Aðildin endurspeglar þá sýn TM að vera ábyrgur þátttakandi í samfélaginu og leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar framtíðar, bæði í eigin rekstri og í gegnum þjónustu við viðskiptavinum og samstarfsaðila“, segir Birkir Jóhannsson, forstjóri TM.

Nánar um [hnattrænan sáttmála SP](#) á Íslandi.

Climate Change (E1)

TM hefur í áratugi unnið að endurnýtingu tjónamuna, lengst af sem lið í því að takmarka fjárhagslegt tjón en á síðari árum til að stuðla að virku hringrásarhagkerfi. Mikilvægasti þátturinn í þeim efnum er endurnýting varahluta í ökutæki og húsbúnað. Hvað varðar endurnýtingu tjónamuna í ökutæki er Ísland langt á eftir Norðurlöndunum varðandi það hlutfall notaðra varahluta sem nýttir eru til viðgerða. Svo virðist sem hagræna hvata vanti til að hækka hlutfallið en fjallað er um aukið framboð á notuðum varahlutum í Loftslagsvísi atvinnulífsins. Þar eru stjórnvöld hvött til að herða öryggiskröfur og gera lagabreytingar til að styðja við hringrás tjónamuna. Hvað TM varðar hafa ákvæði um notaða varahluti verið sett inn í samninga við verkstæði og í skoðun er með hvaða hætti félagið geti aukið enn frekar notkun notaðra varahluta.

Í eignatjónum hefur um árabíl verið unnið að því að endurnýta muni, til dæmis úr brunatjónum. Munir hafa verið hreinsaðir og seldir með afslætti. Oft eru einungis umbúðir skemmdar en sjálfir hlutirnir heilir. Hvað varðar byggingarefni sem fjarlægð eru frá tjónsstað hefur TM í samningum við verktaka tryggt að gengið sé frá slíku efni með ábyrgum hætti. Það sama gildir fyrir úrgang eða brak eftir stórbruna.

TM hefur hafið vinnu við að greina áhættur af loftslagsbreytingum sem hluta af áhættustjórnun og sem hluti af eigin áhættu- og gjaldþolsmati félagsins, en frekari vinna er nauðsynleg til að skilgreina, skilja og mæla áhættuna svo hægt sé að draga traustari ályktanir. Mat TM

á loftslagsáhættu felur í sér heildstætt mat á bæði raunlægri áhættu (e. physical risks) og aðlögunar- og umbreytingaráhættu (e. transition risks). Aukin tíðni öfga í veðurfari og aðrar náttúruhamfarir munu að óbreyttu hafa áhrif á váttryggingavernd, iðgjöld, gildissviði váttrygginga og endurtryggingar. Váttryggingafélög standa þar með frammi fyrir langtíma áskorunum sem tengjast mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga.

Heimskautasvæðið, sem Ísland tilheyrir, hlýnar nú á hraða sem er tvö- til þrefalt meiri en meðaltal heimsins. Þetta veldur því að jöklar landsins bráðna á uggvænlegum hraða, sem aftur stuðlar að hækkun sjávarborðs. Þá hefur einnig orðið vart við tíðari og öflugri storma á Íslandi, sem geta leitt til flóða og skriðufalla.

Auk raunlægra áhrifa loftslagsbreytinga er íslenskt efnahagslíf einnig berskjaldað fyrir loftslagstengdri áhættu. Ferðaþjónusta, sem er ein af lykilstoðum efnahagslífsins, gæti orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna breytinga á veðurfari eða vegna upplifunar á Íslandi sem áfangastað sem verður sífellt meira fyrir áhrifum loftslagsbreytinga. Hins vegar er ólíklegt að mörg af þeim algengu loftslagstengdu tjónum sem þegar hafa haft veruleg áhrif á evrópsk tryggingafélög, svo sem flóð, gróðureldar og skriðuföll, hafi efnisleg áhrif á íslensk tryggingafélög, þar sem slík áhætta er að stórum hluta tryggð í gegnum Náttúruhamfaratryggingu Íslands (NTÍ).

Raunhæfasta sviðsmyndin fyrir íslensk tryggingafélög tengist því fyrst og fremst öfgaveðri, einkum hvassviðri, mikilli úrkomu og gróðureldum. Þar að auki telur TM að súrnun sjávar og hækkun sjávar geti einnig haft óbein áhrif á TM til lengri tíma.


Own workforce S1

TM fylgir mannauðsstefnu Landsbankans og hefur aðgang að allri fræðslu og þjálfun sem boðið er upp hjá Landsbankanum.

Í mannauðsstefnunni er mikil áhersla á jafnrétti og fjölbreytileika og tekið mið af aðgerðaráætlun í jafnréttismálum.

Hlutföll karla og kvenna eru nokkuð jöfn hjá TM en einnig er fylgst sérstaklega með kynjahlutföllum í einstaka starfaflokkum og stefnt að því að hlutföll endurspegli sem best samfélagið.

Kynjahlutfall starfsfólks TM



■ Karlur ■ Konur

Fræðsla og þróun


Þátttaka í fræðslu og þróun er góð. Frá því að TM varð þátttakandi í fræðslustarfi Landsbankans á vormánuðum 2025 hefur 87% starfsfólks tekið þátt í valkvæðum fræðsluviðburðum en til samanburðar er virkni í Landsbankanum 90%. Meðaltal fræðslustunda er 6,1 klst. á þátttakanda á móti 11,9 klst. yfir allt árið 2025 í Landsbankanum í heild.

Verkefni sem tengjast innleiðingu TM í starfsumhverfi Landsbankans voru fyrirferðarmikil á árinu. Mikil áhersla var lögð á góða upplýsingagjöf til starfsfólks strax frá upphafi, þjálfun í hvað verkefnaðið vinnumhverfi felur í sér ásamt fræðslu og þjálfun um vörur, þjónustu og söluhæfni. Haldnar voru fjórar vinnustofur, Stillum saman strengi, fyrir starfsfólk TM þar sem það var undirbúið fyrir vinnu í verkefnaðið vinnurými og flutning í ný húsakynni í miðbænum. Fjallað var um áskoranir sem fylgja umfangsmiklum breytingum og leiðir til að viðhalda jákvæðum samskiptum og hugarfari. Þátttaka var góð og tók 85% starfsfólks TM þátt.

Umfangsmikil sérsniðin rafræn fræðsla var útbúin til að styðja við breytingarnar og skýra vörur og þjónustu beggja fyrirtækja. Markmiðið er að allt starfsfólk hafi heildstæða mynd af lausnum bæði TM og bankans. Á árinu fór jafnframt fram markviss þjálfun þar sem sérfræðingar frá TM þjálfuðu hóp starfsfólks bankans sem tryggingasöluráðgjafa og allri framlínu bankans stóð til boða grunnfræðsla í þjónustu trygginga.

Hér að neðan má sjá heildarfjölda starfsfólks eftir kyni, tegund ráðningar og starfsmannaveltu eftir kyni og aldri.

Kynjahlutfall eftir starfsflokkum



*Forstjóri er talinn með framkvæmdastjórum

Tegund ráðningar	2025
Fastráðið starfsfólk (fjöldi)	72
Konur	32
Karlar	40
Lausráðið starfsfólk (fjöldi)	11
Konur	6
Karlar	5
Starfsfólk í fullu starfi (fjöldi)	78
Konur	33
Karlar	45
Starfsfólk í hlutastarfi (fjöldi)	5
Konur	5
Karlar	0

Starfsfólk TM	Fjöldi 2025
Heildarfjöldi starfsfólks	83
Konur	38
Karlar	45

Fæðingarorlof	2025
Fjöldi starfsfólks sem á rétt á fæðingarorlofi*	10
Konur	5
Karlar	5
Fjöldi sem fór í fæðingarorlof	
Konur	5
Karlar	5
Hlutfall þeirra sem fóru í fæðingarorlof	
Konur	100%
Karlar	100%

Launahlutfall	2025
1) Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsfólks í fullu starfi	7.0
Launamunur kynja	
1) Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	1.4


Business conduct (G1)

Góðir stjórnarhættir styðja við sjálfbæran rekstur TM og félagið leggur áherslu á heilindi og fagmennsku í allri starfsemi félagsins. TM hefur sett sér ýmsar stefnur og reglur í því skyni að haga viðskiptum á faglegan og ábyrgan hátt. Meðal stefna og reglna sem félagið hefur sett eru:

- Áhættustefna
- Fjárfestingarstefna
- Stefna um sjálfbærniáhættu
- Reglur um gjafir, boðsferðir og önnur hlunnindi starfsfólks
- Reglur um varnir gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna
- Reglur um viðskipti starfsfólks með fjármálagerninga
- Reglur um viðskipti við tengda aðila

Stefnurnar eru flestar endurskoðaðar árlega en aðrar eru endurskoðaðar á tveggja ára fresti. TM útvistar regluvörslu til Landsbankans.

Kynjahlutfall stjórnar TM



■ Karlur ■ Konur

	2025
Scope 1 GHG emissions	
Gross scope 1 GHG emissions (tCO ₂ eq)	25,5
a. Mobile combustion	25,5
b. Stationary combustion	0
Percentage of scope 1 GHG emissions from EU ETS (%)	0,0%
Scope 2 GHG emissions	
Gross location-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	1,37
Gross market-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	29,6
Significant scope 3 GHG emissions	
Total gross indirect (scope 3) GHG emissions (tCO ₂ eq)	224
1. Purchased goods and services	0,32
a. Cloud computing and data centre services	0
2. Capital goods	116
3. Fuel and energy-related activities	6,20
5. Waste generated in operations	4,57
6. Business travel	48,1
7. Employee commuting	37,2
15. Investments	11,7
Total GHG emissions	
Gross location-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	251
Gross market-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	280
Total GHG emissions w/o Investments	
Gross location-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	240
Gross market-based scope 2 GHG emissions (tCO ₂ eq)	268
Direct biogenic scope 1 emissions	0

Loftslagsbókhalð

Loftslagsbokhald

Orkunotkun	Eining	2025	2024	2023
1) Heildarmagn beinnar orkunotkunar	MWst	242	259	189
2) Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	MWst	11.377	14.768	15.632

Samsetning orku	Eining	2025	2024	2023
1) Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum				
Endurnýjanleg orka	%	98,1	98,3	98,7
Jarðefnaeldsneyti	%	1,9	1,7	1,3

Orkukræfni	Eining	2025	2024	2023
1) Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð	MWst/ISKma hreinar rekstrartekjur	2,8	3,2	2,6
	MWst/ársverk	0,3	0,3	0,2
2) Óbein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð	MWst/ISKma hreinar rekstrartekjur	133,5	185,3	211,7
	MWst/ársverk	13,0	17,6	19,6
3) Öll orkunotkun miðað við úttaksstærð	MWst/ISKma hreinar rekstrartekjur	136,3	188,5	214,2
	MWst/ársverk	13,3	17,9	19,9

Table 12: Losunarstig gróðurhúsalofttegunda

Losunarstig gróðurhúsalofttegunda	Eining	2025	2024	2023
1) Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð (umfang 1 & 2)	tCO ₂ i/ISKma hreinar rekstrartekjur	1,77	1,93	1,46
	tCO ₂ i/ársverk	0,17	0,18	0,14

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2025	2024	2023
1) Heildarmagn í tCO₂í, fyrir umfang 1	tCO₂í	57,0	67,9	50,3
Eldsneyti - Hreyfanleg brennsla (e. Mobility combustion)		55,1	67,9	50,3
Eldsneyti - Staðbundin brennsla (e.Stationary combustion)		1,9	0	0
2) Heildarmagn í tCO₂í, fyrir umfang 2 (staðbundin losun)	tCO₂í	80,2	74,3	57,9
Rafmagn (markaðstengd losun)		45,3	46,1	42,8
Rafmagn (staðbundin losun)		31,4	34,2	42,8
Heitt vatn		48,8	40,1	15,1
3) Heildarmagn í tCO₂í, fyrir umfang 3	tCO₂í	387.795,6	378.629,6	372.665,3
Dreifing raforku		2,0	2,3	2,8
Dreifing hitaveituvatns		9,1	4,8	3,6
Dreifing neysluvatns		0,1	2,1	1,0
Pappírsmotkun		15,0	11,5	9,8
Gagnaflutningur		0,0	2,7	0,8
Framleiðsla eldsneytis		13,9	16,5	12,0
Meðhöndlun úrgangs		2,3	3,6	10,4
Innanlandsflug		20,2	20,7	15,1
Millilandaflug		227,6	188,9	140,7
Ferðir starfsfólks í og úr vinnu		230,7	256,7	244,9
Framleiðsla tölvubúnaðar		120,2	212,1	750,0
Leigubílar		0,8	0,6	0,5
Nýbygging höfuðstöðva		-	-	49,1
Heimavinna		0,2	0,2	0,6
Fráveita		1,6	1,3	0,1
Hótelgisting		8,0	8,9	7,4
Fjármögnuð losun skv. PCAF		387.143,9	377.896,7	371.416,6
Samtals fyrir öll umföng utan fjármagnaðrar losunar (staðbundin losun)	tCO₂í	789,0	875,2	1.356,8
Samtals fyrir öll umföng (staðbundin losun)	tCO₂í	387.932,9	378.771,8	372.773,5

PCAF viðauki

Table 13: Samantekt á losunarfrekum greinum í hluta- og skuldabréfum m.v. árið 2023

Losunarfrek grein	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Flug	327	1,6	0,3	5,02	2,0	2,0	7,17	100,0%
Sjóflutningar	56	0,1	0,0	2,27	2,0	2,0	3,24	100,0%
Samtals	383	1,8	0,4	4,62	2,0	2,0	6,60	100,0%
Annað	19.668	0,9	1,8	0,05	2,8	2,8	0,05	74,5%

Table 14: Samantekt á losunarfrekum greinum í útlánasafni m.v. árið 2023

Eignaflokkur	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Bílar	13	0,0	0,0	0,00	5,0	5,0	0,00	100,0%
Flug	11.427	30,0	10,7	2,63	2,4	2,4	3,79	100,0%
Framleiðsla sements, gjalls og óleskjaðs kalks	447	0,3	0,5	0,58	3,6	4,0	0,58	100,0%
Bruni jarðefnaeldsneytis	3.271	0,1	117,6	0,02	1,2	1,2	0,02	100,0%
Framleiðsla á jární og stáli, kox og málmgrýtis	154	0,4	0,0	2,44	3,9	3,9	2,44	100,0%
Sjóflutningar	10.099	20,6	7,8	2,04	3,2	3,2	2,65	100,0%
Orka	6.793	0,8	0,2	0,12	3,1	3,1	0,12	100,0%
Samtals	32.204	52,2	136,9	1,62	2,7	2,7	2,22	100,0%
Annað	766.145	177,6	367,4	0,23	3,7	3,7	0,23	98,3%

Table 15: Útreiknuð fjármögnuð kolefnislosun 2023 eftir eignaflokkum

Eignaflokkur	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Hluta- og skuldabréf	20.051	2,7	2,2	0,13	2,8	2,8	0,18	74,8%
Fyrirtækjalán	759.483	193,9	504,2	0,26	3,7	3,7	0,28	98,3%
Byggingarstarfsemi	129.120	8,4	40,8	0,07	4,1	4,1	0,07	100,0%
Eignarhaldsfélög	27.683	0,9	3,8	0,03	4,2	4,2	0,03	100,0%
Fasteignafélög	174.322	1,3	1,9	0,01	3,8	3,8	0,01	98,9%
Ferðaþjónusta	82.199	34,4	38,5	0,42	3,8	3,8	0,58	100,0%
Iðnaður og orkufyrirtæki	31.943	11,0	11,5	0,34	3,3	3,3	0,34	100,0%
Landbúnaður	6.910	12,4	8,3	1,80	4,1	4,1	1,80	100,0%
Opinberir aðilar	372	0,0	0,0	0,00	5,0	5,0	0,00	3,2%
Sjávarútvegur	190.118	69,9	47,0	0,37	3,6	3,5	0,37	100,0%
Verslun	58.766	10,5	306,2	0,18	2,5	2,6	0,18	100,0%
Þjónusta, upplýsingatækni og fjarskipti	58.048	45,1	46,2	0,78	3,7	3,7	0,88	100,0%
Íbúðalán	677.562	1,7	0,2	0,00	4,0	4,0	0,00	92,7%
Bíla- og tækjalán	55.557	41,6		0,75	2,3		0,75	99,4%
Ríkisskuldabréf - án LULUCF	135.384	131,6		0,97	2,0		0,97	100,0%
Ríkisskuldabréf - með LULUCF	135.384	244,3		1,80	2,0		1,80	100,0%
Samtals (án LULUCF)	1.648.037	371,4	506,6	0,23	3,6	3,8	0,24	91,9%

Table 16: Útreiknuð fjármögnuð kolefnislosun 2022 eftir eignaflokkum

Eignaflokkur	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Hluta- og skuldabréf	18.446	1,9	1,4	0,10	2,8	2,8	0,14	51,5%
Fyrirtækjalán	708.484	247,3	422,2	0,35	3,7	3,7	0,38	98,3%
Byggingarstarfsemi	99.389	7,5	40,6	0,08	4,3	4,3	0,08	100,0%
Eignarhaldsfélög	28.168	0,7	4,2	0,03	4,3	4,3	0,03	100,0%
Fasteignafélög	137.328	1,2	2,3	0,01	3,9	3,9	0,01	98,5%
Ferðaþjónusta	89.581	40,8	43,8	0,46	3,5	3,5	0,62	100,0%
Iðnaður og orkufyrirtæki	38.429	23,3	10,7	0,61	3,1	3,3	0,61	100,0%
Landbúnaður	6.528	10,9	7,3	1,67	4,2	4,2	1,67	100,0%
Opinberir aðilar	324	0,0	0,0	0,00	5,0	5,0	0,00	3,1%
Sjávarútvegur	191.867	92,9	63,7	0,48	3,7	3,7	0,49	100,0%
Verslun	60.057	12,5	205,9	0,21	2,7	2,7	0,21	100,0%
Þjónusta, upplýsingatækni og fjarskipti	56.812	57,5	43,7	1,01	3,7	3,7	1,11	100,0%
Íbúðalán	650.572	2,1	0,3	0,00	4,0	4,0	0,00	92,2%
Bíla- og tækjalán	49.114	40,6		0,83	2,3		0,83	98,7%
Ríkisskuldabréf - án LULUCF	105.293	136,2		1,29	2,0		1,29	100,0%
Ríkisskuldabréf - með LULUCF	105.293	294,2		2,79	2,0		2,79	100,0%
Samtals (án LULUCF)	1.531.910	428,1	423,9	0,28	3,7	3,8	0,29	90,9%

Table 17: Útreiknuð fjármögnuð kolefnislosun 2021 eftir eignaflokkum

Eignaflokkur	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Hluta- og skuldabréf	30.751	1,7	1,8	0,05	3,3	3,2	0,08	63,8%
Fyrirtækjalán	633.709	191,6	341,7	0,30	3,8	3,8	0,33	99,4%
Byggingarstarfsemi	87.686	7,2	33,9	0,08	4,3	4,3	0,08	100,0%
Eignarhaldsfélög	30.075	0,2	0,2	0,01	4,3	4,3	0,01	100,0%
Fasteignafélög	120.226	1,3	2,2	0,01	3,9	3,9	0,01	100,0%
Ferðaþjónusta	82.939	27,4	31,1	0,33	3,5	3,5	0,45	100,0%
Iðnaður og orkufyrirtæki	29.601	31,4	11,7	1,06	3,5	3,8	1,06	100,0%
Landbúnaður	5.941	14,1	12,4	2,37	4,2	4,2	2,37	100,0%
Opinberir aðilar	339	0,1	0,4	0,24	5,0	5,0	0,24	8,7%
Sjávarútvegur	177.271	63,5	84,7	0,36	3,7	3,7	0,37	100,0%
Verslun	45.756	2,8	130,3	0,06	3,2	3,2	0,06	100,0%
Þjónusta, upplýsingatækni og fjarskipti	53.876	43,6	34,8	0,81	3,7	3,7	0,92	100,0%
Íbúðalán	598.148	1,4	0,1	0,00	4,0	4,0	0,00	92,5%
Bíla- og tækjalán	39.297	39,3		1,00	2,3		1,00	98,3%
Ríkisskuldabréf - án LULUCF	132.157	208,8		1,58	1,0		1,58	100,0%
Ríkisskuldabréf - með LULUCF	132.157	411,9		3,12	1,0		3,12	100,0%
Samtals (án LULUCF)	1.434.062	442,7	343,6	0,31	3,6	3,9	0,32	91,5%

Table 18: Útreiknuð fjármögnuð kolefnislosun 2020 eftir eignaflokkum

Eignaflokkur	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Hluta- og skuldabréf	25.657	2,8	2,1	0,11	3,4	3,4	0,12	54,7%
Fyrirtækjalán	655.141	199,2	306,9	0,30	3,7	3,7	0,32	99,4%
Byggingarstarfsemi	80.261	5,7	41,0	0,07	4,2	4,2	0,07	100,0%
Eignarhaldsfélög	31.843	0,1	0,2	0,00	4,3	4,3	0,00	100,0%
Fasteignafélög	129.302	1,5	2,5	0,01	3,8	3,8	0,01	100,0%
Ferðaþjónusta	82.684	23,8	21,0	0,29	3,5	3,5	0,34	100,0%
Iðnaður og orkufyrirtæki	29.810	45,1	17,8	1,51	3,6	3,7	1,51	100,0%
Landbúnaður	6.346	12,1	12,2	1,90	4,1	4,1	1,90	100,0%
Opinberir aðilar	323	0,1	0,4	0,24	5,0	5,0	0,24	7,8%
Sjávarútvegur	179.504	63,1	84,6	0,35	3,6	3,7	0,36	100,0%
Verslun	50.496	5,3	93,8	0,11	3,2	3,2	0,11	100,0%
Þjónusta, upplýsingatækni og fjarskipti	64.572	42,4	33,4	0,66	3,5	3,5	0,73	100,0%
Íbúðalán	476.952	1,2	0,1	0,00	4,0	4,0	0,00	92,0%
Bíla- og tækjalán	35.950	38,8		1,08	2,4		1,08	96,2%
Ríkisskuldabréf - án LULUCF	96.843	172,3		1,78	1,0		1,78	100,0%
Ríkisskuldabréf - með LULUCF	96.843	373,8		3,86	1,0		3,86	100,0%
Samtals (án LULUCF)	1.290.543	414,2	309,0	0,32	3,6	3,8	0,33	91,1%

Table 19: Útreiknuð fjármögnuð kolefnislosun 2019 eftir eignaflokkum

Eignaflokkur	Bókfært virði (m.kr.)	Fjármögnuð losun (ktCO ₂ í)	Umfang 3 (ktCO ₂ í)	Losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Vegin einkunn (fjármögnuð losun)	Vegin einkunn (umfang 3)	Aðlöguð losunarkræfni (tCO ₂ í/m.kr.)	Innan þekju
Hluta- og skuldabréf	29.467	5,0	2,2	0,17	3,6	3,6	0,17	62,1%
Fyrirtækjalán	637.543	207,1	552,7	0,32	3,8	3,8	0,32	98,8%
Byggingarstarfsemi	96.053	9,8	79,5	0,10	4,3	4,3	0,10	100,0%
Eignarhaldsfélög	25.981	0,1	0,2	0,00	4,9	4,9	0,00	100,0%
Fasteignafélög	135.853	3,5	13,2	0,03	3,7	3,7	0,03	100,0%
Ferðaþjónusta	80.915	88,5	50,0	1,09	3,5	3,5	1,09	100,0%
Iðnaður og orkufyrirtæki	23.354	11,9	52,7	0,51	3,6	3,6	0,51	100,0%
Landbúnaður	5.295	14,7	16,9	2,77	4,0	4,0	2,77	100,0%
Lánastofnanir	6	0,0	0,0	0,04	4,0	4,0	0,04	100,0%
Opinberir aðilar	234	0,0	0,1	0,09	4,3	4,3	0,09	5,7%
Sjávarútvegur	151.112	26,3	254,4	0,17	3,8	3,8	0,17	100,0%
Verslun	52.170	6,9	46,0	0,13	3,1	3,1	0,13	93,1%
Þjónusta, upplýsingatækni og fjarskipti	66.570	45,2	39,8	0,68	3,4	3,4	0,68	100,0%
Íbúðalán	359.815	1,0	0,1	0,00	4,0	4,0	0,00	91,8%
Bíla- og tækjalán	40.217	58,2		1,45	2,8		1,45	94,2%
Ríkisskuldabréf - án LULUCF	94.195	188,9		2,01	1,0		2,01	100,0%
Ríkisskuldabréf - með LULUCF	94.195	215,9		2,29	1,0		2,29	100,0%
Samtals (án LULUCF)	1.161.236	460,1	555,0	0,40	3,6	3,8	0,40	90,6%